



# Bændablaðið

1. tölublað 2025 • Fimmtudagur 9. janúar • Blað nr. 671 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Skimað eftir áramóttagjöfinni. Hestarnir í Ásamýri 1 í gamla Sandvíkurhreppi í Flóa voru búnir að átta sig á því að von væri á áramótarúllunni, en vinnan tafðist þar sem gamla dráttarvélin fór ekki í gang í fimbulkuldanum 30. desember. Allt hafðist þetta að lokum með góðri hjálp nágrannanna sem gátu lagt til traktor í verkið. Bústörfum þarf að sinna þrátt fyrir fríðaga og má sjá fleiri myndir frá bændum á síðu 7.

Mynd / Auður Lilja Arnþórssdóttir



## Seigla í ESB

Evrópskir landbúnaðarmarkaðir sýna vaxandi merki um stöðugleika.

Í stöðuskýrslu segir að landbúnaður innan ESB sé seig atvinnugrein sem aðlagi sig að helstu áskorunum samtímans.

– 16 –



## Kvíði bítur

Loftslagsbreytingar valda mörgum verulegum áhyggjum og kvíða.

Velt er vöngum yfir hvernig viðhalda megi hugrekki, drifkrafti til uppbyggingar og góðra verka, og tiltrú á framtíðina.

– 20 –

# Svínabændur fá frest til aðlögunar

Svínabændum hefur verið gefinn lengri frestur til aðlögunar að tilteknum skilyrðum í reglugerð um velferð svína. Framleiðendur sem eru með framkvæmdir í ferli til þess að uppfylla aðbúnaðarkröfur, eru stopp í kerfinu vegna leyfismála.

Matvælastofnun (Mast) getur veitt svínabændum frest til aðlögunar að skilyrðum er varða húsakost og aðbúnað svína, í reglugerð um velferð svína, samkvæmt bráðabirgðaákvæði sem Bjarni Benediktsson, fv. matvælaráðherra, samþykkti í desember.

Reglugerð þess efnis tók gildi 17. desember en í henni er tilgreint að veiting slíks frests sé háð því að framleiðandi leggi fram gögn sem sýni fram á að hann hafi sannanlega gripið til ráðstafana til að uppfylla kröfur ákvæðanna en ekki orðið ágengt af ástæðum sem eru ekki ábyrgð framleiðanda sjálfs.

„Við mat á þessu skal m.a. líta til þess hvort framleiðandi hafi eftir atvikum hannað byggingarkosti, sótt um tilskilin leyfi og gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngírni hefði mátt ætlast til af honum. Umsókn um

viðbótarfrest skal hafa borist Matvælastofnun eigi síðar en 1. september 2025,“ segir í reglugerðinni.

### Eftirlitsheimsóknir á öll bú næstu vikurnar

Samkvæmt reglugerð um velferð svína eiga gyltur að vera í lausagöngu, og óheimilt er að binda svín eða halda þau í básum nema í undantekningartilvikum. Samkvæmt upplýsingum frá Mast eru svínabú á Íslandi nítján talsins og þar af eru níu bú með gyltum.

„Eitt gyltnabú, sem var byggt árið 2024, uppfyllir allar kröfur reglugerðarinnar um aðbúnað svína. Flest önnur bú hafa tekið upp lausagöngu gyltna. Eitt bú hefur gyltur í lausagöngu að hluta til og eitt bú uppfyllti ekki kröfur varðandi lausagöngu við eftirlit í lok árs 2024,“ segir í svari Mast við fyrirspurn.

Par segir einnig að eftirlitsfólk Mast muni heimsækja öll svínabú á fyrstu mánuðum ársins 2025 til að kanna hvort ákvæði reglugerðarinnar, um lágmarkslegurými og lágmarsgölfýrými, og um lausagöngu, séu uppfyllt.

### Búgrein í sjálfheldu

Ingvi Stefánsson, formaður búgreinadeilda svínabaðenda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að brýnt hafi verið að setja bráðabirgðaákvæðið.

„Það er ýmislegt sem kemur til. Fyrir það fyrsta held ég að það þekkist vart að gefa einungis tíu ára frest. Reglugerðin er sett árið 2014 og þá boðað að allt yrði að vera klárt tíu árum síðar. Á sama tíma var sett reglugerð um velferð nautgripa, en þar var gefinn frestur til 2034, eða til tuttugu ára í stað tíu. Bændur sem eru með framkvæmdir í ferli, til þess að uppfylla nýjar aðbúnaðarkröfur, eru stopp í kerfinu vegna leyfismála. Því var óhjákvæmilegt annað en að bregðast við því. Þá hjálpar ekki til að Umhverfissstofnun hefur í einhverjum tilvikum verið að banna svínabúum, bæði á Kjalarnesi og Vatnsleysuströnd, að nota ákveðnar lausnir til meðhöndlunar á svínaskítum. Allt er þetta gert án nokkurs fyrirvara og því setur þetta rekstur viðkomandi búa í ákveðið uppnám.“

Ingvi undirstrikar að í raun sé ekkert í velferðarlögum sem framleiðendur geta ekki uppfyllt. Hins vegar eru breytingarnar það viðamiklar að flestir meta stöðuna þannig að best sé að byggja ný hús frá grunni í stað þess að gera endurbætur á gömlum húsum. Nýjum húsum þurfi að finna nýja staði.

„Það er þar sem málin fara að verða flókin. Því miður er búið að setja svo íþyngjandi regluverk varðandi fjarlægðarmörk að mjög erfitt er að fá leyfi fyrir svínabúum á nýjum stöðum,“ segir Ingvi. Þannig séu aðbúnaðarkröfur hér á landi mun strangari en víða í nágrannalöndum. Til dæmis séu kröfur um fjarlægðarmörk frá eldhúsum hér þrefaldar miðað við í Danmörku.

„Þannig er upplifunin sú að stjórnvöld séu meðvitað eða ómeðvitað að koma greininni í ákveðna sjálfheldu. Sem er auðvitað ótrúlega sorglegt þar sem við erum að taka mjög stórr skref í bættum aðbúnaði og aukinni dýravelferð,“ segir Ingvi.

Sjálfur hóf hann undirbúning að uppbyggingu á sínu svínabúi haustið 2016. „Það tók mig fjölda ára að fá öll leyfi og verjast fyrir dólmstólmum. Þannig að það var ekki fyrr en a síðasta ári að búið var tekið í notkun.“

/ghp

Matvælastofnun:

## Vörslusviptu fé slátrað og kúabændur sviptir leyfi

Matvælastofnun hefur lagt stjórnvaldsákvæðanir á umráðamenn dýra undanfarna tvo mánuði.

Bónið á Vesturlandi var sviptur vörslu á sauðfí 1. nóvember vegna brota á dýravelferð og var sú ákvörðun tekin að Matvælastofnun (MAST) kæmi fénu í sláturhús í staðinn fyrir að bónindinn sæi um það sjálfur. Frá þessu atviki er greint í yfirliti stofnunarinnar um stjórnvaldsákvæðanir á sviði eftirlits með dýravelferð og matvælaframleiðslu í nóvember og desember 2024.

Þar kemur einnig fram að bónið á Vesturlandi hafi verið sviptur mjólkursöluleyfi vegna sóðaskapar í fjósi. Sá bónið var jafnframt sviptur vörslu nautgripa sinna vegna skorts á getu.

Bónið á Norðurlandi eystra var sviptur vörslu nautgripa sinna vegna alvarlegra brota á dýravelferð. Vörslusviptingin var síðar afturkölluð þar sem bónindinn lagði fram samning við utanaðkomandi bústjóra sem tók tímaðabundna ábyrgð á búrekstrinum. Fyrir liggur yfirlýsing um að búrekstrinum verði hætt eigi síðar en 1. mars 2025.

Stjórnvaldssekt að upphæð 326.400 krónur var lögð á sauðfjárbóna á Norðurlandi vestra vegna



Matvælastofnun getur beitt stjórnvaldsákvörðunum vegna brota á dýravelferð.

Mynd / ál

alvarlegra brota á dýravelferð í búskap sínum á vormánuðum 2024.

Kúabónið á Vesturlandi var sviptur mjólkursöluleyfi vegna óþrifnaðar. Til þess að fá leyfið aftur þurfti hann, með endurteknun sýnatökum í tvær vikur, að sýna MAST fram á að mjólkurgæðin væru viðunandi. Jafnframt þurfti hann að sýna fram á að umhverfi mjaltajóns og allra rýma sem tengdust mjólkurframleiðslunni væru orðin hrein.

Stjórnvaldssekt að upphæð 300.000 krónur var lögð á fiskeldisfyrirtæki á Suðurlandi. Það hafði vanrækt að svipta eldisfisk meðvitund fyrir blóðgun eins og skyldi er samkvæmt lögum.

/ál



Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra vonast til að ná festu í ráðuneytið eftir tið ráðherraskipti.

Mynd / ál

## Nýr atvinnuvegaráðherra

– Ekki til setunnar boðið að hrinda verkefnum í framkvæmd

**Nýr ráðherra landbúnaðarmála** er Hanna Katrín Friðriksson, þingmaður Viðreisnar í Reykjavíkurkjördæmi norður. Hún segir mikil tækifæri, en jafnframt miklar áskoranir, fyrir landbúnaðinn.

„Ég er gríðarlega spennut fyrir þessu ráðuneyti. Mér þykir mikil til þess koma og ég ber mikla virðingu fyrir því að vera falið þetta verkefni,“ segir Hanna Katrín Friðriksson. Hún tók við lyklavöldum í matvælaráðuneytinu eftir að ný ríkisstjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins hóf störf í lok síðasta árs.

### Verkefni færast til

Með breytingum á skipulagi Stjórnarráðsins sem taka gildi 1. mars mun heiti matvælaráðuneytisins breytast í atvinnuvegaráðuneyti. Samhlíða því munu verkefni færast á milli ráðuneyta, en málefni viðskipta-, neytenda- og ferðamála færast til ráðuneytisins frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið mun við málefnum skógræktar og landgræðslu auk dýravelferðar.

Hanna Katrín segir að á málefna-

sviði ráðuneytisins liggi ekki bara grundvallaratvinnuvegir landsins og efnahagsleg stoð, heldur sé þetta líka menningarleg stoð. „Ég er ágætlega undirbúin eftir setu á síðasta kjörtímabili í atvinnuveganefnd Alþingis,“ segir hún og bendir á að þar hafi stór og mikilvæg frumvörf fengið mikla umfjöllun og er hún því vel inni í málunum.

### Fimm matvælaráðherrar á árinu

„Það hefur vantað ákveðna festu í málaflokkanum í ráðuneytinu með þessum tíðu ráðherraskiptum undanfarið,“ segir Hanna Katrín og bendir á að hún hafi verið fimmtí matvælaráðherrann á árinu 2024. Þrátt fyrir að fjórir þeirra hafi verið innan sömu ríkisstjórnar hafi ríkt ákveðinn málefnaágreiningur innan hennar. „Forystufólk þessarar ríkisstjórnar hefur gefið út að þetta er verkstjórn þannig að mér er ekki til setunnar boðið með að hrinda þeim verkefnum í framkvæmd sem mér er falið,“ segir hún.

„Í landbúnaði erum við á tímum þar sem eru bæði gríðarlega mikil tækifæri, en fjölmargar áskoranir líka. Það er mitt og okkar að spila

úr því sem best, fyrir hagsmuni bænda, fyrir hagsmuni neytenda og samfélagið. Það er stóra verkefnið fram undan.“

### Búvörusamningar til skoðunar

Aðspurð um hvaða mál séu mest aðkallandi þegar kemur að landbúnaðinum segir hún mikil vægt að ganga frá stuðningsgreiðslum vegna áfalla sem dundu á bænum síðasta ár vegna kuldatíðar og kals í túnum. Annað áriðandi mál sé hár orkukostnaður grænmetisbænda sem hún ætti að vinna með ráðherra orkumála.

Núverandi búvörusamningar renna út í lok árs 2026. Hanna Katrín segist vilja fara vel ofan í fyrrkomulag þeirra og kanna hvort þeir hentí best hagsmunum bænda eða hvort önnur nálgun komi til greina. „Það eru áskoranir við það að auka nýliðun, auðvelda kynslóðaskiptin og ýta undir nýsköpun. Þetta eru allt þættir sem er hægt að beita ákvæðum í búvörusamningum við, en líka hægt að leita annarra leiða,“ segir hún.

/ál

## Nýr hagfræðingur til Bændasamtakanna

**Harpa Ólafsdóttir** hefur verið ráðin sem hagfræðingur Bændasamtaka Íslands og hóf hún störf í byrjun þessa árs.

Harpa er með MBA í mannaðarsfæði frá Háskóla Íslands og lauk grunn- og framhaldsnámi í þjóðhagfræði frá Georg-August-háskólanum í Göttingen í Þýskalandi árið 1991. Hún hefur að auki réttindi sem leiðsögunaður.

Harpa hefur víðtæka þekkingu á m.a. greiningarvinnu og stefnumótun, málefnum vinnumarkaðarins og kjarasamningum. Hún starfaði áður sem svíðsstjóri kjara- og réttindasviðs Félags íslenskra hjúkrunarfæðinga, frá 2002 og var skrifstofustjóri kjaramála hjá Reykjavíkurborg, á mannaðs- og starfsumhverfissviði, fram að því, frá 2018. Um fimmán ára skeið starfaði Harpa hjá stéttarfélögum Eflingu sem svíðsstjóri kjaramála. Hún sat í stjórn Gildis-lífeyrissjóðs



í sjö ár, sem formaður og varaformaður, og í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða um skeið.

„Ég tek m.a. með mér í nýtt starf að sjá ýmsar hliðar á öllum málum. Hlutverk mitt hefur verið að sjá ólíkar svíðsmyndir og geta svoltið bakkað til baka ef hlutirnir virðast alveg ófærir og sjá þá nýja fleti á málum. Það hefur jafnan verið minn styrkleiki,“ segir hún.

Harpa er fædd árið 1965 og á uppkomna tvíburasyni. Hún ólst upp í Reykjavík. Faðir hennar var frá Sauðanesi í Torfalekkjarhreppi en móðir frá Böðmósstöðum í Laugardal en þau kynntust í Reykjavík í lok síðari heimsstyrjaldar.

Hanna Katrín segir að á málefna-

öllum málum. Hlutverk mitt hefur verið að sjá ólíkar svíðsmyndir og geta svoltið bakkað til baka ef hlutirnir virðast alveg ófærir og sjá þá nýja fleti á málum. Það hefur jafnan verið minn styrkleiki,“ segir hún.

Harpa er fædd árið 1965 og á uppkomna tvíburasyni. Hún ólst upp í Reykjavík. Faðir hennar var frá Sauðanesi í Torfalekkjarhreppi en móðir frá Böðmósstöðum í Laugardal en þau kynntust í Reykjavík í lok síðari heimsstyrjaldar.

Efla á nýsköpun í landbúnaði,

auðvelda nýliðun og kynslóðaskipti og draga úr orkukostnaði garðyrkjubænda.

Auk þess verður stefnt að því að breyta jarðalögum til að vinna gegn samþjóppun á eignarhaldi jarða og stuðla að nýtingu á ræktarlandi til búrekstrar.

### Vanefndir um lægri raforkukostnað

Í stjórnarsáttmála fyrri ríkisstjórnar, frá því í nóvember 2021, voru tiltekin tíu áherslumál um landbúnaðinn. Líkt og í nýjum stjórnarsáttmála mátti þar finna fyrirheit um að dregið yrði úr raforkukostnaði garðyrkjubænda, sem var svo ekki staðið við.

Þar var sett sú stefna að auka aettí framleidiðslu á íslensku grænmeti, með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sértökum stuðningi við útræktun, í gegnum búvörusamninga. Í endurskoðum þeirra í byrjun síðasta árs höfðu garðyrkjubændur ekki erindi sem erfiði við að ná fram þeim



Fögur fyrirheit voru gefin garðyrkjubændum um lækkun raforkukostnaðar í stjórnarsáttmála fyrri ríkisstjórnar, sem ekki var staðið við. Í nýjum stjórnarsáttmála eru sams konar fyrirheit gefin, en á myndinni er ný ríkisstjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins á ríkisráðsfundi á Bessastöðum.

Mynd / Stjórnarráð Íslands

markmiðum sem sett höfðu verið í stjórnarsáttmálum sjálfum.

### Efling kornræktar

Ýmsum öðrum áhersluatriðum í landbúnaðarmálum fyrri stjórnarsáttmála tókst ýmist að ljúka eða koma áleiðis. Má þar nefna að mótuð hefur verið tímasett aðgerðaáætlun til eflingar lífrænnar framleidiðslu, komið

var af stað aðgerðaáætlun um eflingu kornræktar á Íslandi með opinberum stuðningi sem hluta markmiða um að efla innlenda landbúnaðarframleidiðslu, matvæla- og landbúnaðarstefnur voru samþykktar, auk þess sem sameining Landgræðslunnar og Skógræktarinnar átti sér stað í þeim tilgangi að efla faglegt starf þeirra, meðal annars í loftslagsmálum.

/smh

## HVAÐ ER BEST AÐ GEFA SMÁFUGLUNUM?

Kynntu þér hér hvaða fóður hentar hverri tegund best



Smáfuglafóður í miklu úrvalli

LÍFLAND



**HVAÐ ER BEST AÐ GEFA SMÁFUGLUNUM?**

Kynntu þér hér hvaða fóður hentar hverri tegund best

Smáfuglafóður í miklu úrvalli

LÍFLAND

**Vanefndir um lægri raforkukostnað**

Í stjórnarsáttmála fyrri ríkisstjórnar, frá því í nóvember 2021, voru tiltekin tíu áherslumál um landbúnaðinn. Líkt og í nýjum stjórnarsáttmála mátti þar finna fyrirheit um að dregið yrði úr raforkukostnaði garðyrkjubænda, sem var svo ekki staðið við.

Þar var sett sú stefna að auka aettí framleidiðslu á íslensku grænmeti, með föstu niðurgreiðsluhlutfalli á raforkuverði til ylræktar og sértökum stuðningi við útræktun, í gegnum búvörusamninga. Í endurskoðum þeirra í byrjun síðasta árs höfðu garðyrkjubændur ekki erindi sem erfiði við að ná fram þeim



# LAND CRUISER 250

KOMDU OG REYNSLUAKTU **LAND CRUISER 250** HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.

**Land Cruiser 250** er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Últitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.



**Land Cruiser 250** er konungur jeppanna.



## TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni  
Kauptúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjavik  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fossnesi 14  
480 8000



UMHVERFISFYRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvara við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfist viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Á síðasta ári voru nýskráðar 127 nýjar dráttarvélar og 78 notaðar. Solis var vinsælasta vörumerkið.

Mynd / Aðsend

## Fækkun í sölu dráttarvéla milli ára

Á vef Samgöngustofu má sjá að 127 nýjar dísilknúnar dráttarvélar voru nýskráðar á árinu 2024.

Í sama ökutekflokki voru 610 ný bensíknúin farartækni sem má gera ráð fyrir að séu fjórhjól eða sérhæfðir vinnubílar. Þetta er smávægileg fækkun milli ára, en á árinu 2023 voru 152 nýjar dísilknúnar dráttarvélar fluttar til landsins. Í sama flokk voru 78 notaðar dísilknúnar dráttarvélar nýskráðar í fyrra, sem er fækkun um eina frá árinu 2023.

Flestar nýjar dísilknúnar dráttarvélar voru af tegundinni Solis, eða 25 eintök. Þetta er indverskt vörumerki sem hefur náð góðum árangri í sölu smátraktora og verið söluhæst hér á landi frá árinu 2020. Þar á eftir kom finnska vörumerkið Valtra með fjórtán eintök nýskráð og hið alþjóðlega vörumerkið Massey Ferguson með tólf traktora. Þegar kom að nýskráningu notaðra dráttarvéla var Massey Ferguson með stærstu markaðshlutdeild, eða nítján ökutækni skráð. Þar á eftir kom Fendt með sextán eintök og Case IH með níu eintök. Nánari tölfraði má sjá á meðfylgjandi töflum.

Nýskráningar á nýjum dráttarvélum 2024	
Solis	25
Valtra	14
Massey Ferguson	12
Claas	11
Fendt	11
New Holland	11
Kubota	9
John Deere	7
Deutz Fahr	5
TYM	5
McCormick	4
Case IH	3

Nýskráningar á notaðum dráttarvélum 2024	
Massey Ferguson	19
Fendt	16
Case IH	9
Deutz Fahr	7
John Deere	6
JCB	5
Valtra	3
Claas	2
Fordson	1
Kubota	1
Landini	1
McCormick	1

## Bætur enn ógreiddar vegna kuldakastsins

Starfshópur ráðuneytisstjóra forsætis-, fjármála- og matvæla-ráðuneyta fer yfir tjónaskráningar vegna kuldakastsins sem reið yfir landið í byrjun síðasta sumars.

Engar greiðslur hafa átt sér stað þar sem ekki hefur verið gengið frá útfærslu þeirra, en áðurnefndur starfshópur mun skila inn tillögum til matvælaráðherra fljóttlega. Skráð heildartjón vegna kuldakasts og annars óvenjulegs veðurfars á árinu er rúmur milljarður króna á

375 búum. Frá þessu er greint í svári matvælaraðuneytisins við fyrirspurn Bændablaðsins.

Bjargráðasjóður annast greiðslur styrkja vegna kaltjóns á túnum bænda veturinn 2023 til 2024. Bændur sem urðu fyrir hvað mestu tjóni gátu sótt um og hafa fengið fyrirframgreiðslu upp í væntanlegan styrk. Stefnt er að uppgjöri og greiðslum styrkja vegna kaltjóns í janúar, en fyrirframgreiðslur koma til frádráttar við uppgjör.

Þetta staðfestir Jóhann Þórsson, fagteymisstjóri loftslags- og jarðvegs hjá Landi og skógi.

„Sú breyting byggir ekki á að votlendi ofar 200 m losi minna en áður var talið, heldur er hún byggð á því að þetta votlendi er lítið sótt af sauðfé, bæði vegna þess að þegar komið er svo ofarlega er um tiloltulega fátt fá að ræða og það sækir ekki sérstaklega í votlendi. Vegna þessa þá er þetta land nú ekki skilgreint sem land í nýtingu. Við það fellur það út úr skuldbindingahluta loftslagsbókhaldsins og losun reiknast því minni en áður. Þetta þýðir ekki að losunin sé minni frá þessum landflokkni heldur einungis að minni hluti af honum er talinn fram.

Þetta hefur á engan hátt áhrif á þá staðreynd að endurheimt framræsts votlendis er ein öflugasta loftslagsaðgerðin sem okkur stendur til boða, enda er það land að mestu undir 200 m hæðarlínu. Þetta þýðir heldur ekki að losun frá votlendi sé minni en áður var talin. Ísland hefur heldur ekki fengið endanlega staðfest að þessi breyting á landnýtingu verði viðurkennd,“ segir Jóhann.

### Eigum mikið ólært

„Okkur er alveg óhætt að tala um sviptingar í þessum tölum. Lækkunin í þessum flokki tilheyrir losun vegna landnotkunar en breytingin er það mikil að hún er nær tvöföld heildarlosun landbúnaðarins í floknum samfélagslosun,“ segir Hilmari Vilberg Gylfason, sjálfbærnisérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands (BÍ).

„Þessar miklu breytingar sem

# Loftlagsmál:

# Breytingin nær tvöföld losun landbúnaðarins

– Votlendi á hálandi ekki lengur inni í loftslagsbókhaldi

Skráð losun gróðurhúsalofttegunda frá votlendi lækkar um 1,3 milljónir tonna CO<sub>2</sub>-ígildi milli áranna 2021 og 2023. Astæðan liggur ekki í stórtækum aðgerðum á sviði endurheimtar, heldur vegna breytinga á skráningu.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Umhverfisstofnunar nam heildarlosun Íslands árið 2023 alls 12,3 milljónum tonna CO<sub>2</sub>-íg. Þar af er hlutur landnotkunar (LULUCF) 7.743 þúsund tonn en innan þess má finna losun frá mólendi, sem er skráð skv. bráðabirgðatölunum 818 þúsund tonn CO<sub>2</sub>-íg. Þessi tala var 2.121 þúsund tonn í skýrslu Umhverfisstofnunar árið 2021.

Ástaða þessarar lækkunar liggur í nýjum skilgreiningarátriðum á flokku votlendis.

Skilgreiningarátriðið snýr að skilgreiningu á „stýrðu landi“ samkvæmt vef Umhverfisstofnunar. „Út frá gögnum um beit sauðfjár hefur verið metið að beit hafi lítil sem engin áhrif á losun frá votlendi í yfir 200 metra hæð yfir sjávarmáli þar sem sauðfé er nánast aldrei á slíkum svæðum.“

Slík svæði teljast því ekki lengur sem stýrð svæði og eru því tekin úr útreikningunum því losun vegna landnotkunar sem fellur undir skuldbindingar Íslands skv. ESB og UNFCCC-reglunum er einungis sú notkun sem á sér stað á stýrðu landi. Minnkun á stærð stýrðs lands leiðir því til minnkunar á losun.

### Endurheimt ein öflugasta loftslagsaðgerðin

Þetta staðfestir Jóhann Þórsson, fagteymisstjóri loftslags- og jarðvegs hjá Landi og skógi.



Jóhann Þórsson.



Votlendi sem er staðsett í yfir 200 metra hæð yfir sjávarmáli er nú ekki lengur skilgreint sem stýrt svæði og er því ekki lengur tekið inn í útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda.

Mynd / ghp



Hilmari Vilberg Gylfason.

### Til glöggunar

Gildi landnýtingar í losun gróðurhúsalofttegunda frá býlum vegur þungt og er oftari ekki stærsti losunaráttur býlis í samanburði við losun t.d. vegna iðragerjunar búfjárdar eða vegna áburðarnotkunar. Breyting á skilgreiningu á stýrðu landi getur því haft mikil áhrif á útreikningum á losun frá býlum, sérstaklega á þeim jörðum sem liggja að hálandi.

Hálandi er skilgreint sem sá hluti lands sem er hæri en 200 metrar yfir sjávarmáli. Þrír fjórðu hlutar Íslands teljast hálandi.

Heildarlosun Íslands skiptist í þríja flokka, í samræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart EES-samningnum: **Samfélagslosun**, sem inniheldur m.a. losun frá samgöngum, frá fiskiskipum, frá landbúnaði og frá meðhöndlun úrgangs og skólpum; losun vegna landnotkunar (LULUCF), sem skógræktin er hluti af; og losun sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunaráttum (svokallað ETS kerfi), sem inniheldur stóriðju.

eru líka ágætis áminning um að setja ekki öll eggin í sömu körfuna, fjljóbettar aðgerðir sem miða að því að nýta betur öll aðföng og ræktunarland eru aðgerðir sem þurfa alltaf að vera í forgangi. Við þurum á sama tíma að passa okkur að nálgast loftslagsmálin með opnum hug og afneita ekki nýjum lausnum, enda værum við sem dæmi ekki stödd á sama stað í kynbótastarfingu ef bændur nálguðust hlutina með því hugarfari.

Bændur búa að dýrmætri reynslu sem flyst milli kynslóða. Við sérfræðingarnir að sunnan verðum að geta sýnt fram á árangurinn af aðgerðunum sem við boðum og rökstutti fyrir bændum hvers vegna þeir þurfi að taka þátt í hinum ýmsu verkefnum. Þú ríður ekkert um sveitir og selur nýju fötin keisarans, bændur sjá strax í gegnum svoleiðis leikþætti,“ segir Hilmari.

### Bændur sjá í gegnum leikþætti sérfræðinga að sunnan

Traust gögn og öflugt rannsóknastarf séu grundvallarforsendur fyrir því að geta tekið upplýstar ákvæðanir.

„En þessar sviptingar í tölunum

## Fáðu hestavörurnar beint upp í hesthús!

\* FRÍ HEIMSENDING á pöntunum yfir 30.000 kr. í vefverslun [www.fodur.is](http://www.fodur.is)



\* Gildir í póstnúmer 101-371 og 800-881



FÓÐURBLANDAN

FB Reykjavík  
Korringarðar 12  
570 9800

FB Selfoss  
Austurvegur 64 a  
570 9840

FB Hvolsvöllur  
Dufthálsbraut 1  
570 9850

[www.fodur.is](http://www.fodur.is)  
fodur@fodur.is



Knowledge grows

## Örugg með Yara

Einkorna gæða áburður, einsleit áburðarkorn tryggja jafnari dreifingu og sama aðgengi plantna að öllum næringarefnum



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendar bívöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Slátturfélag Suðurlands  
Fossháls 1, Reykjavík - 575 6070  
yara@yara.is - www.yara.is

### Verðskrá 2025

Upplýsingar á [yara.is](http://yara.is)  
og hjá sölumönnum.



# Bændablaðið

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) [gudrunhulda@bondi.is](mailto:gudrunhulda@bondi.is) – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson [astvaldur@bondi.is](mailto:astvaldur@bondi.is) – Hulda Finnsdóttir [hulda@bondi.is](mailto:hulda@bondi.is)  
**Sigrún Pétursdóttir** [sigrunpeturs@bondi.is](mailto:sigrunpeturs@bondi.is) – **Sigurður Már Harðarson** [smh@bondi.is](mailto:smh@bondi.is) – **Steinunn Ásmundsdóttir** [steinunn@bondi.is](mailto:steinunn@bondi.is)

**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir [thordis@bondi.is](mailto:thordis@bondi.is) – **Sími:** 866 3855  
**Netfang auglýsinga:** [thordis@bondi.is](mailto:thordis@bondi.is) – **Vefur blaðsins:** [www.bbl.is](http://www.bbl.is) – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is)  
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## Bændablaðið í 30 ár

Í mars verða þrjátíu ár síðan Bændablaðið kom fyrst út undir merkjum þá nýstofnaðra Bendasamtaka Íslands. Saga blaðsins nær þó aftur til ársins 1987 og á upphaf sitt að pakka einkaframtaki nokkurra bändasona sem komu sér saman um að stofna blað fyrir bændur landsins.

Blaðið hefur síðan þá stuðlað að upplýsandi umræðu um landbúnað á viðum grundvelli og hefur það þróast með breyttum tímum, tíðaranda og tekniframförum. Það hefur dafnað vel og er nú mest lesni prentmiðill landsins. Því verður einkar ánægjulegt að fagna sögu þess og gróskúringum stórafmælið á næstunni.

### Afhendingaröryggi á koltvísýringi

Jákvæðar fregnir bárust mér nýlega til eyrna. Fyrirtækið Linde Gas tilkynnti viðskiptavinum sínum að með auknum innflutningi sínum á koltvísýringi horfi í að enginn skortur verði á framboði þess á árinu. Fyrirtækið ætti því að geta staðið við skuldbindingar sínar gagnvart garðyrkjabændum sem skipta við fyrirtækið. Þeir munu þannig ekki lengur neyðast til að takmarka notkun á koltvísýringi í gróðurhúsum sínum og taka á sig afkomutjón vegna skerðingar á afhendingu þess eins og fjallað hefur verið um á síðum Bændablaðsins.

Þá hefur fyrirtækið Veldix hafið afhendingu á koltvísýringi m.a. til garðyrkjustöðva. Auk þess munu bæði fyrirtækin vera að gera tilkall til lóða við Laxabraud Í Olfusi fyrir surefnis- og köfnunarefnisverksmiðjur. Því er kominn vísir að samkeppni á markaði. Þetta hljóta að vera góðar fréttir en augljóst er að sívaxandi eftirspurn mun verða eftir koltvísýringi miðað við stórtæka uppbyggingu landeldis á svæðinu og væntingar um aukna matvælaframleiðslu á Íslandi.

### Fjöregið og forréttindin

Fyrir áramót sagði ég upp störfum sem ritstjóri Bændablaðsins. Í áratug hef ég starfað fyrir Bendasamtökum og notið þess að vinna í öruggu og lifandi starfsumhverfi. A þriðja ár hefur mér einnig verið treyst til að halda utan um hið magnaða fjöregið sem Bændablaðið er.

Við höfum unnið eftir markmiðum sem fólust meðal annars í því að efla efni blaðsins með metnaðarfullri blaðamennsku og viðhalda styrk þess sem trausts þekkingarbrunns. Á þessum tíma hefur lestuð blaðsins aukist, sér í lagi meðal yngri lesenda, og umferð um vefinn okkar og samfélagsmiðla hefur margfaldað. Þetta hefur blaðinu tekist vegna þess að hjá því starfar metnaðarfullt fólk sem leggur sig alltaf fram við að skapa sterkan miðil í nærandi vinnuumhverfi. Það eru forréttindi að fá að taka þátt í mótu Bændablaðsins og vinna með mínu allra besta samstarfsfólk, sem er mér sem fjölskylda. Ég mun vinna ötullega og af heilindum fyrir Bændablaðið þar til ný manneskja tekur við keflinu á næstu mánuðum.

Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri.



Íslenska mjólkurkúryrin.

Mynd / smh

### Mjólkurframleiðsla:

## Kostir og gallar við erlent kúakyn

Á mánudaginn var haldinn fjarfundur um kosti og galla þess að flytja inn erlent kúakyn til mjólkurframleiðslu á Íslandi, en skoðanir eru mjög skiptar meðal bænda og fagfólks um þennan möguleika nú sem endranær.

Astæða þess að bodað var til fundarins er skýrsla sem Landbúnaðarháskóli Íslands gaf út í desember. Hún leiddi í ljós að möguleikar séu að auka mjög framlegð í mjólkurframleiðslu hér með því að flytja inn eitt af þeim fjórum norrænu kúakynjum, sem borin voru saman við það íslenska í skýrslunni. Með því að innleiða nýtt kúakyn með slíkum hætti, mætti auka framlegð greinarinnar um two til rúmlega þrjá milljarða króna.

#### Kosti íslenska kúakynsins þarf að meta til fjárr

Karólína Elsabetardóttir, bóndi í Hvammshlíð, stóð að skipulagningu fundarins og flutti erindi ásamt þeim dr. Olafi Dýrmundssyni búvísindamanni, Agli Gautasyni, erfðafræðingi og lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, Holger Toms, stórgripalæknir frá Þýskalandi og bændunum Aðalbjörgu Rún Ásgeirsþóttur, Stóru-Mörk, Jóni Elvari Hjörleifssyni, Hrafnagili, Laufeyju Bjarnadóttur og Presti Aðalbjarnarsyni, Skakkhamri 2.

Egill segir þessar hugmyndir auðvítad ekki nýjar og komi reglulega upp. „Deilurnar eru nokkuð harðar, eðlilega, enda er mikil í húfi. Það má segja að kjarninn snúist um þetta, að ákveðinn hópur kúabænda vill auka hagkvæmnina í sinum rekstri. Svo er það hitt sjónarmiðið sem snýst um verndina á íslenska kúakyninu, að það séu ákveðin verðmæti í sjálfi. Þau eru studd með þeim rökum að númerandi fyrirkomulag sé mjög heppilegt, svo lengi sem afkoman sé ásættanleg. Á meðan ekki er leyfilegt að flytja inn nýtt kúakyn þá vinni allir kúabændur í raun saman að því að vernda það íslenska, sem svo aftur eykur möguleika í ræktunarstarfinu og pannig að ná meiri erfðaframförum.

Svo leyast kostir í íslenska

kúakyninu sem ekki hafa verið nýttir. Til dæmis mætti nefna að hið einstaka íslenska kúakyn hefur aldrei verið notað beinlínis til markaðssetningar fyrir mjólkurafurðirnar. Svo er íslenska kúamjólkinn með þá sérstöðu að próteinsamsetningi henni er með þeim hætti að hún er hagstæð til vinnslu og sérstaklega ostagerðar, en sum kúakyn hafa óhagstæðari eiginleika en önnur.

Þetta þarf allt að meta til fjárr,“ segir Egill og fer ekki leynt með að hann sjálfur hallist að því að farið verði mjög varlega með allar hugmyndir í þá átt að taka inn nýtt kúakyn á Íslandi.

#### Mögulegt að rækta tvö kyn samhlíða

Egill segir að það mætti hugsa sér að íslenska kúakynið væri ræktað samhlíða innleiðingu á öðru, en huga þyrfti vel að ýmsum atriðum eins og sjúkdómahættu þar sem íslenska kynið hefði lengi verið vel einangrað. Hann játar því að miðað við gefnar forsendur myndu kúabændur þó líklega horfa til hins fjárhagslega hagkvæma nýja kyns til mjólkurframleiðslu.

„En þó veltur þetta á nokkrum þáttum. Sú hagkvæmni, sem skýrslan leiðir í ljós af innleiðingu nýrra kynja, byggir á ákveðnum forsendum sem skýrsluhöfundar gefa sér. Ég ætla svo sem ekkert að efast um aðferðafræðina eða þessar forsendur en það á eftir að koma í ljós hversu mikill munurinn er í raun og veru að samanburðinum við íslenska kúakynið. Það er til dæmis óvissupáttur hver sjúkdómatriðni í innflutlu kyni yrði og eins með nytina. Þannig að það á eftir að koma í ljós hversu mikil hagkvæmari staðan yrði.

Svo mætti hugsa sér fyrirkomulag hér á Íslandi líkt því sem þekkist á Norðurlöndunum



Norræn rauð kýr. Mynd / Viking Genetics

varðandi gripagreiðslur, einhverja varðveisilupóknun sem mætti útfæra í búvörusamningum. Það gæfi þá þeim kúabændum kost á því að rækta íslenska kynið sem vilja án þess að tapa beinlínis á því í samanburðinum við innflutlu kynið.

Það sem gæti gerst hins vegar, ef það drægi úr vægi íslenska kúakynsins í mjólkurframleiðslu landsins, er að samhlíða myndi haegja á erfðaframförum í stofnínum sem gæti svo aftur ýtt undir flóttu yfir í innflutta kynið.“

### Bændur bera talsverðan kostnað

„Skýrslan sýnir dálitið að bændur bera talsverðan kostnað af því að vera bundnir við íslenska kynið. Það ætti þá að vera haegt að taka eitt hvert tillit til þess í búvörusamningum eða í umgjörð mjólkurframleiðslunnar. Það verður hins vegar að halda því á lofti að það hefur orðið talsverð breyting á kynbótaстarfsemiinni á undanförnum misserum með upptökum erfðamengisúvals. Það mun vonandi skila umtalsverðum erfðaframförum til kúabænda. Ég veit að það eru margir bændur sem telja ekki rétt að flytja náa inn kyn, þegar nýbúið er að fara í þá fjárfestingu og við eיגum eftir að sjá hversu miklu hún skilar,“ heldur Egill áfram.

Egill vann í doktorsnámi sínu að rannsókn á erfðamengjaúrvali fyrir íslenska kúastofninn og hefur verið Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins til ráðgjafar um kynbótaстarfsemið.

Hann segir að bændur muni ráða dálitið ferðinni í framhaldi þessara mála, þótt það sé stjórnvaldsákvörðun hvort heimila eigi sliken innflutning.

/smh

Nú getur þú pantað fóður þegar þér hentar!

BÚSTÓLPI



FÁANLEGT í: App Store Google Play

Bændablaðið kemur næst út  
23. janúar



Við Kálfafell í Skaftárreppi hefur viðrað vel til ljósmyndatöku. Hér sést útigangur í vetrarblíðum.

Mynd / Björn Helgi Snorrason



Gengið til fjóss á Litlu-Ásgeirsá í Víðidal að morgni dags milli jóla og nýárs. Mynd / Karen Guðmundsdóttir

# Bústörf yfir hávetur

Verkefni bænda halda áfram þrátt fyrir hátiðarhöld og lögbundna fríðaga. Hér eru fáeinarr myndir sem sýna hvað nokkrir bændur hafa fengist við síðstu vikur ársins 2024 og á fyrstu dögum nýs árs. /ál



Í Austurárdal í Dalabyggð fundust fimm gimbrar og einær þann 28. desember. Þar lögðu fjórir smalar og tveir hundar á fjallið. Sauðféoð, sem er frá Skörðum og Feilsenda, er nú komið í öruggt skjól.

Mynd / Guðbrandur Þorkelsson



Lífræna músagildran að störfum í fjárhúsunum á Laufhlóli í Skagafirði. Mynd / Eysteinn Steingrímsson



Allir þurfa að fá að borða á gamlársdag. Hér fagnar hestastóðið á Kaldárbakka síðustu heygjöf ársins. Karen Björg segir sérstaklega skemmtilegt að sinna umhirðu dýra á hátiðisdögum.

Mynd / Karen Björg Gestsdóttir



Systkinin Signý Heiða Þormarsdóttir, 10 ára og Böðvar Júlían Þormarsson, 3 ára taka þátt í flestum bústörfum foreldra sínna á Norðurhjáleigu í Álfaveri. Hér hvíla þau sig við gjafir á jóladag.

Mynd / Sæunn Káradóttir



Hestarnir Úlfhéðinn og Fjölnir frá Stóru-Gröf ytri. Mynd tekin í Hátúni í Skagafirði í lok desember.

Mynd / Helga Sjöfn Helgadóttir



Við eftirleitir hjá bændunum á Snartarstöðum. Þar fundust nokkrar kindur sem höfðu ekki skilað sér um haustið. Jólatréð var sótt í leiðinni.

Mynd / Guðrún María Björnsdóttir



Ný rúlla sótt í byrjun árs. Á Syðri-Hofdolum í Skagafirði.

Mynd / Trausti Helgi Atlason

## Vísnahornið

Um áramótin gekk á ýmsu sem fréttanæm þótti í höfuðborginni. **Jón Ingvar Jónsson** var kunnur fyrir sinn húmor. Hann orti margt til gamans, eins og pessar tvær.

*Víða finnast vísnabullur vorum heimi i.  
Ætti ég að yrkja fullur eða sleppa því?*

*Beautiful er borg min öll  
og björt í senn  
þar sem konur væta völl  
en veggi menn.*

Ekki veit ég hvort þessi vísa eftir **Bibba í Skálmöld** varð til í áramótagleði, en góð er hún.

*Á knæpu sem heitir Kaldibar  
káttur í ölsins haldi var.  
Greiddi ég háu gjaldi þar  
gjöf til þín, Bragi Valdimar.*

**Hjálmar Freysteins** læknir var hagorða manna skemmtilegastur. Í lok síðasta árs var mikið rætt um heimilislæknaskort en eitt sinn orti Hjálmar um sina stétt.

*Heimilislækna þú heiðra skalt  
þeir hafa flestir það orð á sér  
að vera lagnir að lekna allt  
sem lagast af sjálfi sér hvort  
eð er.*

Á sínum tíma var landskunnur **Ísleifur Gíslason** (1873–1960), kaupmaður og hagyrdingur á Sauðárkrúki. Þekkt er vísa hans:

*Detta úr lofti dropar stórir.  
dignar um í sveitinni.  
2x2 eru 4  
taktu í horn á geitinni.*

Ísleifur orti líka þessa vísu:

*Hlauptu drengur! Heyrðu það!  
Hertu þig að verki!  
Og húsbondinn varð allur að  
!*

Og þegar refabúr fuku 1942 í roki á Króknum sagði Ísleifur:

*Voga skefur vindakast,  
virðar trefil brúka.  
Það er án efa þéttingshvassst  
þegar refir fjúka.*

Ísleifur sendi grannkonu sinni, Ólínú Jónasdóttur, fyrrípart.

*Aldrei sá ég ættarmót  
með eyrarrós og hrafni.*

**Ólina skáldkona** botnaði:

*Allt mun þó af einni rót  
í alheims gripasafni.*

Ólina var frá Fremri-Kotum og snilldar hagyrdingur, en fátæk af veraldlegum auði. Hún orti:

*Ég í steini bundin bý.  
Bási meina þróngum.  
Geisla hreina á þó í  
andans leynigöngum.*

Ólina orti þessa einnig:

*Ég hef oft af innri þörf  
æft mitt veika ljóðaspil.  
Flestir því við strít og störf  
stökur mínar urðu til.*

Þessi vísa lýsir ýmsu hjá Ólínú.

*Dynur ós í dimmri hríð.  
Degrí ljósum hallar.  
Visna og frjósa í vetrartíð  
vonarrósir allar.*

**Umsjón:** Magnús Halldórsson  
mhalldorsson0610@gmail.com



Hrútarnir Garpur (til vinstri) og Faldur (hægra megin) en þeir eru báðir frá Ytri-Skóum. Þeir reyndust vinsælustu hrútar sæðingastöðvanna í veturn.

Myndir / Aðsendar

## Sauðfjársæðingar 2024:

# Hrútarnir frá Ytri-Skóum vinsælastir

– Mjög góð þátttaka var í sæðingum

**Góð þátttaka var í sauðfjársæðingum nú í desember, litlu minni en árið 2023, sem þá var óvenjumikil.**

Að sögn Eyþórs Einarssonar, ráðunautar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, var metþátttaka árið 2023, þegar sæddar voru 29.074 þúsund ær, um 11 prósent af fullorðnum ám á skýrslum. „Þá var bæði kominn hópur af ARR-hrúturum á stöðvarnar og ríkið studdi við sæðingarnar með hvatastyrkum. Fara þarf aftur til ársins 2012 til að finna jafnmargar sæðingar, en þá voru sæddar 29.133 ær, en þá voru líka mun fleiri ær á skýrslum og því lægra hlutfall sætt, eða átta prósent af fullorðnum ám.“

Miðað við 65 til 70 prósentna nýtingu á því sæði sem fór út til bænda nú í desember þá stefnir í mjög svipaða þátttökum í ár og má ætla að sæddar ær verði á bilinu 29 til 31 þúsund.“

**Mest sótt í Garp og Fald**

Á meðfylgjandi lista má sjá hversu mikið sæði var sent út frá sæðingastöðvunum báðum úr 30 efstu hrúturnum. „Þessi listi gefur ágæta mynd af vinsældum hrútanna en er þó ekki fullkomlega rétt því sumir hrútar önnuðu ekki alveg

eftirspurn og því meira sent út í staðinn úr hrúturnum sem voru duglegri að gefa sæði. Hver raunveruleg notkun er á hrúturnum skýrist svo von bráðar þegar bændur hafa klárað að skrá sæðingarnar í Fjárví.

Á báðum stöðvum voru hrútar frá Ytri-Skóum vinsælastir. Garpur 23-936 var bæði mest pantaði hrúturinn og sá sem mest sæði var afgreitt úr í Borgarnesi. Í Porleifskoti var það Faldur 23-937 sem mest var sótt í. Meðal þeirra hrúta sem voru meira pantaðir en þeir gátu annað og hefðu því staðið ofar á listanum ef þeir hefðu gefið meira sæði voru Toppur frá Hófgerði, Hlekkur frá Mýrum 2, Dufgus frá Sauðafelli, Alvis frá Kjarna og Ófeigur frá Heydalsá 1,“ segir Eyþór.

**Meiri dreifing á ARR-breytileikanum en 2023**

Ef feld- og forystuhrútar eru frátaðir þá voru 47 hrútar í boði á stöðvunum í veturn. „Þar af voru fimm sem báru ekki verndandi eða mögulega verndandi arfgerð, allt hrútar sem voru nú sinn annan vetur á stöð. Var lítið sótt í þessa hrúta utan Káts frá Efstu-Grund, sem áfram var mjög vinsæll enda með afburðagóða útkomu í lambadómum síðastiðið haust,“ segir Eyþór.

„Þó nú sé ekki hrútur með verndandi breytileikann ARR gegn riðu efstur á lista yfir þá hrúta sem mest var sent út af sæði frá, þá var í heildina talsvert meira sent út af sæði úr hrúturnum sem bera breytileikann en árið áður.“

Árið 2023 voru sendir út 25.700 skammtar úr ARR-hrúturnum en árið 2024 voru sendir út um 29 þúsund skammtar. Skýrist það væntanlega af því að náv óttu voru enn meiri breidd í hrútakostinum. Í hópnum voru margir af glæsilegustu lambhrúturnum landsins og þá bættist við liðsauki úr Dölunum, en fimm hrútar komu frá Vífilsdal af hinni nýju ARR-línu. Líkt og við mátti búast hefur áherslan í notkun hrúta verið breytileg eftir svæðum en Vífilsdalshrútarnir hafa verið mun meira nýttir í áhættuhólfunum fyrir norðan heldur en annars staðar á landinu.“

**Hrútar með breytileikann T137 ekki fullnýttir**

Þegar Eyþór er spurður út í notkun á hrúturnum með breytileikann T137, sem einnig hefur verið talinn vera verndandi gegn riðu, en þó ekki

formlega viðurkenndur sem slíkur, segist hann skynja ágaðan áhuga á honum. „Hann er enn með þá stöðu að vera talinn mögulega verndandi. Þessir tveir hrútar sem báru T137 voru ekki fullnýttir en við viljum að sjálfsögðu viðhalda honum í stofninum. Það væri vissulega akkur í því ef sá breytileiki stendur undir því að flokkast sem verndandi en hvort sé komið fram nægilegar sönnur á það veit ég ekki, það hefur í sjálfu sér ekki mikið komið fram af nýjum rannsóknarniðurstöðum síðan númerandi flokkun var sett fram.“

En þó T137 yrði ekki fært upp í flokk og skilgreint sem verndandi arfgerð að svo stöddu hafa bændur mikið svigrúm til að nýta þann breytileika í sinni ræktun en landsáætlun um útrýmingu riðuveiki veitir mikið svigrúm til hagnýtingar á mögulega verndandi arfgerðum.“

**Sæðingadagar félru aldrei niður**

Eyþór segir að sæðingastöðvarnar hafi sent frá sér 44.174 sæðis-skammta til sauðfjárbænda í desember. „Í heildina er fjöldi

skammta um 1.700 færri en en 2023. Samdrátturinn var aðallega í útsendu sæði frá Þorleifskoti á Suðurlandsstöðinni. Í sumum heruðum var meira sætt en í fyrra og öðrum heldur minna.

Heilt yfir gekk sæðingavertíðin með allra besta móti. Annars vegar var það vegna þess að veður var nokkuð skaplegt og því félru sæðingadagar aldrei niður vegna ófærðar. Hins vegar var það vegna þess hve vel pantanir dreifdust á hrútana og tiltölulega vel gekk að anna eftirspurn.“

**Hvatastyrkir vegna sæðinga**

Matvælaráðuneytið mun veita hvatastyrk til þess að styðja við innleiðingu á verndandi og mögulega verndandi arfgerðum. Eyþór segir að forsandan sé að bændur skrái sæðingarnar inn í Fjárvís eigi síðar en 13. janúar.

„Styrkurinn er 1.100 krónur á sæðda á með hrút sem ber verndandi arfgerð og 550 kr. ef sætt er með hrúturnum sem bera mögulega verndandi arfgerðir. Uppgiðrið fer fram í gegnum Afurð. /smh

Hrútur	Stöð	Lýsing	Arfgerð	Flögg	Útsent sæði - fjöldi skammta
Garpur 23-936 frá Ytri-Skóum	Vesturland	Hyrndur	AHQ/AHQ		1.962
Faldur 23-937 frá Ytri-Skóum	Suðurland	Hyrndur	AC151RQ/ARQ		1.770
Ósmann 24-968 frá Ríp	Vesturland	Kollóttur	ARR/AN138RQ		1.765
Kápur 20-905 frá Efstu-Grund	Vesturland	Hyrndur	ARQ/ARQ		1.720
Hlekkur 24-959 frá Mýrum 2	Suðurland	Hyrndur	AC151RQ/AHQ		1.625
Elliði 24-961 frá Heydalsá 1	Vesturland	Kollóttur	ARR/ARR		1.600
Karri 24-953 frá Hreiðri	Vesturland	Hyrndur	ARR/AHQ		1.495
Toppur 24-974 frá Hófgerði	Vesturland	Kollóttur	ARR/ARQ		1.460
Hólmsteinn 24-955 frá Brattsholti	Vesturland	Hyrndur	ARR/AR		1.435
Vörður 23-940 frá Vífilsdal	Vesturland	Kollóttur	ARR/ARQ		1.360
Pistill 24-952 frá Brúnastöðum	Vesturland	Hyrndur	ARR/ARQ		1.325
Frosti 22-913 frá Ásgarði	Vesturland	Hyrndur	AHQ/AHQ		1.237
Arfur 24-954 frá Raftholti	Suðurland	Hyrndur	ARR/ARQ		1.235
Pálmi 24-946 frá Kiðafelli	Suðurland	Hyrndur	ARR/ARQ		1.170
Gunnsteinn 24-975 frá Hólabæ	Suðurland	Kollóttur	ARR/ARQ		1.150
Dufgus 24-967 frá Sauðafelli	Suðurland	Kollóttur	ARR/AHQ		1.145
Glampi 24-943 frá Hafrfellstungu	Suðurland	Hyrndur	ARR/ARR		1.070
Brimill 24-950 frá Kópsvatni	Vesturland	Hyrndur	ARR/ARQ		1.050
Alvis 24-969 frá Kjarna	Suðurland	Kollóttur	ARR/AN138RQ		1.045
Bjargráður 24-944 frá Flatatungu	Suðurland	Hyrndur	ARR/ARR		1.040
Ófeigur 24-973 frá Heydalsá 1	Suðurland	Kollóttur	ARR/AN138RQ		1.040
Bruni 24-957 frá Teigi 1	Vesturland	Hyrndur	ARR/AC151RQ		990
Hrókur 24-960 frá Brúnastöðum	Suðurland	Hyrndur	AT137RQ/ARQ		985
Selur 24-958 frá Kópsvatni	Suðurland	Hyrndur	ARR/AHQ		955
Fursti 22-934 frá Sölvabakka	Suðurland	Hyrndur	AHQ/AHQ		925
Kjarval 24-951 frá Kirkjub.klaustri 2	Suðurland	Hyrndur	ARR/ARQ		925
Eilifur 24-962 frá Heydalsá 1	Vesturland	Kollóttur	ARR/AHQ		750
Feykir 24-949 frá Oddsstöðum 1	Suðurland	Hyrndur	ARR/ARQ		740
Fróði 24-942 frá Vífilsdal	Vesturland	Hyrndur	ARR/AHQ		730
Völundur 24-976 frá Gróustöðum	Vesturland	Forystuhrútur	AHQ/AHQ		710

Hér má sjá yfirlit yfir þá hrúta sæðingastöðvanna sem afgreitt var mest sæði úr. Listinn gefur ágæta mynd af vinsældum hrútanna en er þó ekki fullkomlega réttur því sumir hrútar önnuðu ekki alveg eftirspurn og því meira sent út í staðinn úr hrúturnum sem voru duglegri að gefa sæði.

# NÝR RAFMAGNAÐUR BYD TANG 4X4 JEPPI



## TANG – Kraftur og fjölhæfni í hverju skrefi!

- Tang lofar afli: 517 hestöfl sem tryggja magnaða akstursupplifun.
- Tang fer með þig hvert sem er: Fjórhjóladrif (4x4) fyrir allar aðstæður.
- Tang rúmar fjölskylduna: Sjö sæti fyrir þægindi allra.
- Tang býður framúrskarandi drægni: 530 km skv. WLTP.

Kynntu þér Tang – bíllinn sem sameinar kraft og þægindi!



Fara á í uppbryggingu atvinnuhúsnaðis í Búðardal.

Mynd / Dalabyggð

## Auka við atvinnuhúsnaði

Sveitarfélagið Dalabyggð og Byggðastofnun hafa gert með sér viljayfirlýsingum um uppbryggingu atvinnuhúsnaðis í Búðardal.

Í tilkynningu frá Dalabyggð kemur fram að um sé að ræða tilraunaverkefni af hálfu Byggðastofnunar þar sem markmiðið sé að reisa atvinnuhúsnaði á stað þar sem vontun á fjárfestingum í atvinnuhúsnaði hefur hamlað framþróun og muni stofnunin leggja til allt að 150 milljónir króna í verkefnið.

Sveitarfélagið mun tryggja lóð vegna þeirrar uppbryggings sem fyrirhuguð er, leggja til teikningar að umræddu atvinnuhúsnaði og leggja til gatnagerð og lagnir að lóð í skiptum fyrir eignarhlut í verkefni. Grunnur

að verkefninu er sú vinna sem þegar hefur átt sér stað í Dalabyggð, varðandi áform um uppbryggingu atvinnuhúsnaðis sem grundvölluð hefur verið á þeim styrk sem fékkst úr C1 sjóði byggðaátlunar á árinu 2023. Dalabyggð hefur verið þáttakandi í Brothættum byggðum með verkefnið DalaAuði frá árinu 2022. Áætlað er að því verkefni ljúki í árslok 2025.

Forsvarsmenn Byggðastofnunar segja að víða um land sé mikil eftirspurn eftir atvinnuhúsnaði en framboð takmarkað, hvort sem er til eigu eða leigu. Sé tilraunaverkefnið liður í því að skapa svæðinu aukin atvinnutækifæri og efla þannig lífsgæði allra íbúa.

Porsteinn Tómasson plöntuerfðafræðingur hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til plöntukynbóta í þágu landbúnaðar, skógræktar, garðyrkju og líftækniðnaðar.

Porsteinn segist glaður og stoltur yfir því að hafa fengið þessu viðurkenningu. Hann tekur sérstaklega fram að hann sé þakkilátur þeim mórgu einstaklingum sem hann hefur unnið með, bæði hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) og í öflugu þróunarstarfi Skógræktarinnar, Garðyrkjuskólangs, garðyrkjastöðva og áhugamannafélaga í skógrækt og garðyrkju. „Auðvitað er ég ekki einn í heiminum og það er mikil starf hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Skógræktinni og víðar sem er viðurkennt með þessu. Það er mjög verðskuldað að þetta svíð fái pennan heiður,“ segir Porsteinn. Hann bætir við að norrænt samstarf hafi verið honum og samstarfsfólk mikil hvatning.

### Þróði rauðblaða birki

Aðspurður um árangur sem gleður hann mest um þessar mundir tekur Þorsteinn fram hið nýja rauðblaða yrki af birki sem hann gaf nafnið Hekla. Það er núna komið í framleiðslu í Finnlandi og í sölu á Norðurlöndunum ásamt því að vera komið í prófanir um allt land sem gefa viðast hvar góða raun. „Á síðasta áratug hef ég einkum beint athyglinni að þeim möguleikum sem felast í birkiætkvíslinni,“ segir Porsteinn. Hann segir mikils árangurs að vænta í




Porsteinn Tómasson plöntuerfðafræðingur með nýtt rauðblaða yrki af birki sem hann gaf nafnið Hekla.

Mynd / ghp

Porsteinn var meðal frumkvöðla í því að koma á kornræktarkynbótum og rannsóknunum hérlandis og hófst nýtt átak á því sviði árið 1976. Jónatan Hermannsson tók við þeim kyndli og náði miklum árangri

Árið 1986 varð Þorsteinn forstjóri RALA og sinnti því starfi til ársins 2005 þegar stofnunin varð hluti af Landbúnaðarháskóla Íslands. Eftir það var hann skrifstofustjóri í ráðuneyti landbúnaðarmála til starfsloka 2013. Þorsteinn er 79 ára.

/ál



Meginstoðir farsældar Þingeyjarsveitar. Meðal annars er stefnt að auknu samstarfi um landnýtingu.

Mynd / Stefna Þingeyjarsveitar 2024-2030

Kúrsinn tekinn til framtíðar

Þingeyjarsveit hefur samþykkt nýja heildarstefnu fyrir sveitarfélagið fram til ársins 2030. Fram kemur í nýrri stefnu Þingeyjarsveitar að helstu styrkleikar sveitarfélagsins séu m.a. taldir vera óteljandi náttúruperlur innan végbanda þess, fyrsta flokks skólastarf, blómleg ferðaþjónusta og öflugur landbúnaður, orkuauðlindir og dugmikið, drífandi fólk. Veikleikar eru taldir vera skortur á íbúðum, að mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustu, einsins atvinnutækifæri og þjónusta í dreifðum byggðum.

Sér sveitarfélagið tækifæri í að nýta betur orkuauðlindir, auka samstarf við landeigendur um landnýtingu, ná fram teknjaukningu í ferðaþjónustunni og nýta innviði frekar. Helstu áskoranir

## Einn úr bændastétt kjörinn til þingsetu

– Tveir sannkallaðir Bændaflokkar voru áður starfandi

Einungis einn bóndi var kjörinn til setu á Alþingi Íslendinga í nýliðnum kosningum.

Þórarinn Ingi Pétursson Framsóknarmaður er 10. þingmaður Norðausturkjördæmis og bóndi á Grund í Grýtubakkahreppi.

A síðasta þingi sáu fjórir þingmenn sem telja má til bændastéttar með góðum vilja, sem starfandi eða fyrverandi bændur; Ásmundur Einar Daðason, Halla Sigríð Kristjánsdóttir, Haraldur Benediktsson og Þórarinn Ingi Pétursson.

Hefði viljað fleiri bændur á þing

Spurður um stöðu mála segir Þórarinn Ingi að hann hefði viljað hafa fleiri bændur á þingi og reyndar almennt fleira fólk beint úr atvinnulífinu. Þróunin hafi þó verið í þessa átt á undanförnum árum, að þeim fari fækkandi

„Þingmennskan er gríðarlega krefjandi starf og hálfert brjálaði vinnulega séð að standa í þessu saman, en konan mínn, Hólmfríður Björnsdóttir, sér alveg um búskapinn á meðan ég er fjarverandi. Börnin okkar eru vaxin úr grasi en koma og hjálpa til á lálagstínum, eins og reyndar núna,“ segir Þórarinn, en blaðamaður náði tali af honum á fengitíma sauðfjár seint í desember.



Þórarinn Ingi Pétursson, sauðfjárbóni og alþingismaður. Mynd / Aðsönd

krafa um að sköpuð séu skilyrði hjá löggjafanum um enn betri kjör, því við eignum að framleiða miklu meira af mat hér á landi,“ segir Þórarinn, sem var formaður Landssamtaka sauðfjárbænda á árunum 2012 til 2016.

Bændur áður fyrir atkvæðameiri á Alþingi

Áður fyrir voru bændur atkvæðameiri á Alþingi. Tveir sannkallaðir Bændaflokkar hafa verið starfandi á Íslandi. Sá fyrri var stofnaður árið 1912 af nokkrum bændum sem áttu sæti á Alþingi og þegar þing kom saman 1913 var þingflokkurinn formlega stofnsettur með aðkomu þriggja þingmanna úr Sambandsflokknum. Alls sáu 16 þingmenn á Alþingi fyrir eldri Bændaflokkinn.

Fyrir landskjórið 1916 klofnadí flokkurinn og klofningsframboðið Óháðir bændur varð til. Bændaflokkurinn fyrri rann svo inn í Frumsóknarflokknum við stofnun hans árið 1916. Seinni Bændaflokkurinn var stofnaður í desember 1933, eftir klofningin úr Frumsóknarflokknum. Hann var lagður niður á árinu 1942 eftir að hafa náð 6,5 prósenta fylgi í alþingiskosningunum 1934 og fengið þríja þingmenn kjörna en sex prósenta fylgi árið 1937 og tvö menn kjörna.

/smh

## VETRARSÓL er umboðsaðili

**STIGA**  
Gulltryggð gæði

40 ár  
á Íslandi

STIGA  
ST5266 P



Hágæða  
snjóblásarar  
Fjölbreytt úrvall

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | [vetrarsol.is](http://vetrarsol.is)



# can-am

## ÞRIÐJA KYNSLÓÐIN ER KOMIN.

Þriðja kynslóðin af Can-Am fjórhjólunum er mætt í 2025 árgerðinni. Nýtt boddý. Nýr mótor. Ný kúpling. Ný grind. Ný fjoðrun. Allt endurbætt í betri og kraftmeiri pakka.



# ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / [www.brp.is](http://www.brp.is)

# Skógareldar vaxandi vá

Norðurlöndin skoða nú í sameingingu vaxandi hættu á viðtækum skógareldum.

Búist er við að aðsteðjandi loftslagsógn muni gera norræna skóga, vistkerfi og samfélög viðkvæmari fyrir eldi en áður hefur verið. Þetta þýðir að efla þarf og þróá betur viðbúnað, hvort heldur er innan samfélaga eða við stjórnun skóga.

Norræna tengslanetið fyrir skógar- og gróðurelda (SNS) og Skógartjónamiðstöðin (SLU) hafa rannsakað hvernig hægt er að draga úr hættu á skógareldum í norrænum skógum. Sett hefur verið fram sérstök stefna og aðgerðaáætlun. Er því ætlað að fá stjórnvöld, skógareigendur og samfélög til að hugsa meira út frá skógareldasjónarmiðum og veita upplýsingar og ráðleggingar um hvernig unnt er að taka meira tillit til eldhættu og draga úr skógareldum.

Fyrsta skrefið í átt að eldþolinni skógrækt er sagt vera að viðurkenna virka brunahættu í norrænum skógum. Eldvarnir þurfi að vera hluti af allri skógrækt, greina þurfi viðbúnað vegna gróðurelda og efla þekkingargrunn. Þetta krefjist



Eldvarnir þurfa að vera hluti af allri norrænni skógrækt. Mynd / Pixabay

aðgerða á öllum stigum, allt frá menntun til stefnumótunar og löggjafar stjórnvalda, og kalli á þverfaglegt samstarf og þátttöku.

Mælt er með að skoðuð verði mismunandi áhrif aðferða í slökkvistarfi, með brunatilaunum, líkanagerð, hermun o.fl. Meta þurfi áhrif mismunandi skóggerða, landslags og mannvirkja m.t.t. eldhættu og rannsaka hættu á svokölluðum mega-eldum sem átt hafa sér stað m.a. í Suður-Evrópu. Þá er sögð þörf fyrir sameiginlega innviði meðal Norðurlandanna, svo sem alhliða gagnagrunna um skógarelda í löndunum, til að styðja til eldhættu og draga úr skógareldum.

## Ísteika:

# Um hundrað stóð í blóðtöku árið 2024

Meira blóði var safnað á árinu 2024 en á árinu áður. Fjöldi blóðtökuhryssna var 4.225. Helstu úrbótatækifæri atvinnugreinarinnar ligga á sviði hófhirðu og fortamningar.

Petta er meðal þess sem kemur fram í yfirlitsskýrslu yfir starfsemi Ísteika ehf. á blóðtökutímabilinu árið 2024. Alls var tekið blóð í um 25.500 skipti og var að meðaltali tekið blóð í sex skipti úr hverri hryssu. Skilaverð meðalhryssu reyndist um 116 þúsund krónur. Blóðtökuhópar voru um 100 talsins. Þar af var Ísteika með fimm stóð á þremur stöðum, alls 280 hryssur, sem er tæp sex prósent af heildarfjölda hryssna í starfseminni. Af þeim fyljuðust 249 talsins sem nýttar voru að meðaltali sjó sinnum á blóðtökutímabilinu.

Í skýrslunni segir að frjósemi hryssna sem heyra undir greinina hafi verið tæplega 84 prósent sem sé töluvert betra en sest almennt í hrossarækt. „Blóðnyttjabúskapurinn kemur einnig vel út í öðrum samanburði, svo sem í almennu heilsufari stofnsins og í þroska,“ segir í skýrslunni. Þar kemur fram að hlutfall úrvalsegðra hryssna, sem teljast þær sem hægt er að nýta sjó eða áttu sinnum á tímabilinu, fari hækandi. „Bændur stunda kröftuga framþróun í þessum búskap sem lýtur jú sömu lögmálum og annar búskapur, afurðir hámarkaðar með sem fæstum gripum. Frjósemi þeirra og heilsa spilar þar lykilhlutverk.“

## Niðurstöður eftrills

Bæði Matvælastofnun og Ísteika höfðu eftrilit með blóðsöfnuninni og velferð hrossanna. Í skýrslunni segir að í eftrilitsheimsóknunum hafi engar athugasemdir verið gerðar í 44 prósent tilfella. Algengustu athugasemdir snertu hófhirðu.

„Telja má að vel innan við 5% hryssnanna búi við slæma hófhirðu og tilfelli þar sem velferð grips er í hættu eru sjaldgæf. Ísteika hefur unnið við að þróa verklag sem gerir hófhirðu stóðhrossa auðveldari fyrir bændur og árangur af því verki kemur vonandi fram þegar á næsta ári,“ segir í skýrslunni.



Frá blóðtöku. Tekið var blóð í um 25.500 skipti og var að meðaltali tekið blóð í sex skipti úr hverri hryssu. Myndir / ghp

Skráð frávik í blóðtökuskýrslum var skráð í 261 tilviki af riflega 25.500 blóðtökum. „Langflest tilvik voru skráð vegna hryssna sem sýndu einkenni hræðslu/óttu (83%). Meirihluti þeirra jafnaði sig (röaðist) strax eða meðan á dvöl í bás stóð. Endurtekin frávik voru skráð hjá 25 hryssum, þar af tvö frávik hjá 22 hryssum, þrjú hjá 4 hryssum og ein hryssa var með 5 frávik skráð. Ráðleggingar Ísteika eru að eigendur hryssna, þar sem skráð eru frávik þrisvar sinnum eða oftar, venji hryssuna betur áður en hún er tekin til blóðtöku aftur eða finni henni nýtt framtíðarhlutverk,“ segir í skýrslunni.

## Tólf tilkynningar um slys

Þá segir að um langt árabil hafi verið halddi utan um slys, veikindi og dauðsföll gripa sem heyra undir starfseminna. Slys voru skráð tólf talsins í ár, þar af eitt sem tengdist blóðtöku en hin ellefu vörðuðu ótengda atburði. Þá var tilkynnt um slys hjá tveimur fololdum.

„Tólf (0,24%) tilkynningar voru um veikindi hryssna á blóðtökutímabilinu. Af þeim tengdust sex blóðtöku viðkomandi

/ghp

grips. Í öllum sex tilfellum jafnaði hryssa sig fljótt og vel, ýmist með eða án aðkomu dýralæknis. Í þeim tilfellum sem veikindi voru óviðkomandi blóðtökum jöfnuð 4 hryssur sig fljótt og vel en ákvörðun var tekin um að fella tvær. Á blóðtökutímabilinu var alls tilkynnt um eina dauða hryssu. Krufning leiddi í ljós tengsl á milli dauða hennar og blóðtökunnar. Tvö tilfelli folaldsdauða voru tilkynnt.

## Faldar myndavélar á sex bæjum

Í skýrslunni er sagt frá því að földum myndavélu hafi verið komið fyrir í óleyfi á sex bæjum sem Ísteika segist fordæma sem innrás á atvinnusvæði bænda. „Af myndbrotum sem birt hafa verið úr þessum upptökum má sjá eitt atvik sem þarfast sérstakrar skoðunar af hálfu Ísteika og er hún þegar hafin,“ segir í skýrslunni.

I niðurlagi skýrslunnar kemur fram að helstu úrbótatækifæri greinarinnar liggi á sviði hófhirðu og fortamninga. „Einnig að huga að ásýnd og bættri aðstöðu við samrekstur og sundurgreiningu í rétt með það að huga m.a. að draga úr hinni vandmeðfornu meðferð píska og prika.“

## Kjötafurðastöðvar:

# Undanþágan beint til Hæstaréttar

Hæstaréttur samþykkti að taka fyrir mál Samkeppniseftrilitsins og Innes ehf. án þess að það fari fyrst fyrir Landsrétt.

Samkeppniseftriliði leitaði eftir leyfi til að áfrýja beint til Hæstaréttar, dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í nóvember. Forsaga málssins er sú að Samkeppniseftrilitsið hafnaði beiðni Innes ehf. um að grípa til íhlutunar gagnvart háttsemi framleiðendafélaga á grundvelli undanþáguheimilda frá samkeppnislögum sem settar voru fyrr á árinu.

Málið fókk flýtimeðferð innan Héraðsdóms Reykjavíkur. Í dómi hans er ákvörðun Samkeppniseftrilitsins feldl úr gildi því dómurinn taldi undanþáguheimildina ekki hafa lagagildi því tildrög lagabreytingarinnar hafi strítt gegn stjórnarskránni. Dómurinn taldi að frumvarp, sem síðar varð að lögum, hafi aðeins fengið tvær umræður en ekki þrjár eins og áskilið er í stjórnarskránni.

Frá því undanþáguheimildirnar tóku gildi hefur Kaupfélag Skagfirðinga keypt Kjarnafæði Norðlenska og fyrir lá samþykkt kauptilboð kaupfélagsins í sláthús B.Jensen þegar dómur héraðsdóms var kveðinn upp. Þá höfðu tölverðar breytingar verið fyrirhugaðar á slátturfyrirkomulagi og kjótvinnslu á Norðurlandi.

Í ákvörðun Hæstaréttar frá 18. desember sl. segir að dómurinn geti haft fordæmisgildi og verulega almenna þýðingu, meðal annars um túlkun stjórnarskráinnar og



Mikil óvissa er uppi um framhald hagræðingar á fyrirkomulagi slátrunar og kjótvinnslu meðan mál Samkeppniseftrilitsins og Innes ehf. fer í gegnum dómstóla.

endurskoðunarvald dómstóla varðandi stjórnskipulegt gildi laga. Því veitti dómurinn leyfi til áfrýjunar beint til dómssins.

Hæstaréttur synjaði hins vegar fjórum málskotsbeðnum vegna sama máls. Kaupfélag Skagfirðinga, Búseld, Neytendasamtökum og íslenska ríkið höfðu öll óskað eftir að koma sjónarmiðum sinum á framfæri. Í ákvörðun Hæstaréttar segir þó að ekki sé loka fyrir það skotið að heimild kunni að standa til aukameðalögngu aðilanna fyrir réttinum. Það verði hins vegar undir dómurum málssins í Hæstarétti komið.

/ghp

# FSN - Fjarnám

Fjarnám gerir nemendum kleift að stunda nám í gegnum netið, án þess að þurfa að mæta á staðinn.

**Raunvísindabraut & Búfræðilína**  
**Félags- og hugvísindabraut**  
**Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut**  
**Viðbótarnám til stúdentsprófs**

**Leiðsagnarnám án lokaprófa**  
**Persónulegur stuðningur kennara**  
**Fjölbreyttir áfangar**

**Gríptu tækifærið og sækta um núna!**  
[www.fsn.is](http://www.fsn.is)  
**Fjölbautaskóli Snæfellinga**  
[fsn@fsn.is](mailto:fsn@fsn.is)  
**Sími 430- 8400**



Carbfix

# Fögnum árangri og bjartri framtíð



A liðnum árum hefur átt sér stað mikilvægt samtal um framtíðina og lausnir til að takast á við loftslagsbreytingar.

Carbfix hefur tekið stór skref í baráttunni við loftslagsbreytingar með öruggri tækni sem breytir koldíoxíði í stein í samvinnu við náttúruna. Carbfix hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu meðal annars frá **Sameinuðu þjóðunum** og **fréttastofunni Reuters**. Carbfix hlaut jafnframt **Nýsköpunarverðlaun Íslands 2024**.

Pá marka heimsóknir frá **orkumálaráðherrum Bandaríkjanna** og **Evrópusambandsins** vegna tækni Carbfix tímamót í sögu fyrirtækisins.

Við erum þakklát fyrir traustið sem okkur hefur verið sýnt og munum áfram vinna að stórum áföngum með íslensku hug- og verkviti á komandi ári.

Á carbfix.is má lesa nánar um tæknina.

Starfsfólk Carbfix



NÝSKÖPUNARVERÐLAUN  
ÍSLANDS



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, fv. ráðherra háskóla, iðnaðar og nýsköpunar og dr. Hólfríður Sveinsdóttir, rektor Háskólangs á Hólum. Mynd / Aðsend

## Háskólasamstæða og hátæknilandbúnaður

Vonir standa til þess að ný háskólasamstæða Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólangs á Hólum (HH) taki til starfa að fullu á þessu ári. Í desember fíkk verkefnið veglegan fjárhagsstuðning frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Háskólasamstæða HÍ og HH hlaut 170 milljóna króna styrk úr sjóði ráðherra sem kallast Samstarf háskóla. Ein megináhersla við val á verkefnum sem hljóta styrk úr sjóðnum er verkefni sem fela í sér sameiningu háskóla og áframhaldandi uppyggingu háskólasamstæðu.

HÍ og HH komu sér saman um grunnatriði stjórnskipulags samstæðunnar síðastliðið vor en gert er ráð fyrir að einn rektor stýri henni. HÍ verður svokallaður flaggkipsháskóli samstæðunnar og HH aildarskóli með starfsemi á Hólum og Sauðárkrúki. „Horft verður til þess að styrkja HÍ sem leiðandi háskóla í íslensku samfélagi og HH sem sérhæfðan háskóla á landsbyggðinni, og að samstæðan

verði eftirsóknarverð fyrir fleiri háskóla og rannsóknastofnanir,“ segir í tilkynningu frá háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Styrkurinn sem verkefnið hlaut er skilyrtur við að háskólasamsætan verði að veruleika.

Alls úthlutaði ráðuneytið 893 milljónum króna úr sjóðnum til nítján verkefna. Af öðrum verkefnum má nefna samstarfsverkefni LbhÍ, HÍ og HR um hátæknilandbúnað með áherslu á innviði námsins en koma á upp aðstöðu sem styður við kennslu og þróun á því sviði. Þá á að efla nám í lagareldi með því að byggja upp og kenna ný námskeið á meistarastigi, þróa örnam og kennsluefni til að auka kennslu námskeiða í fjarnámi. Þá á að leggja saman grunninn að þverfaglegu meistara- og diplómanámi í hamfarafræðum með þátttökum fimm háskóla og þriggja stofnana á sviðinu. Dýralækanám verður eft með formlegu samstarfi milli LbhÍ, Keldna, HÍ, HH og SGGW í Póllandi. /ghp

## Stjórvöld:

# Stóra viðfangsefnið að styðja við unga bændur

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra nýrrar ríkisstjórnar, segir breiða sátt vera um að styðja við íslenskan landbúnað.

A degi landbúnaðarins sl. haust sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar og nú utanríkisráðherra, að Íslendingar vildu öflugan íslenskan landbúnað. Þorgerður var ráðherra landbúnaðar og sjávarútvegs árið 2017. Hún sat fyrir svörum í panel á degi landbúnaðarins 11. október sl.

Spurð um hvað hefði helst komið henni á óvart þegar hún tók við landbúnaðarmálunum á sínum tíma, svaraði hún því til að ráðherrastarfíð 2017 hafi verið mest gefandi starf sem hún hefði nokkru sinni sinnt.

„Það sem kom mér ánægjulega á óvart er þessi breiða sátt sem er um að styðja við íslenskan landbúnað. Við viljum öflugan íslenskan landbúnað. Það er ekki bara um sveitir landsins heldur þvert yfir allt landið. Við þurfum að nýta þann meðbyr, skilning og þá sátt sem er um þessa frábæru atvinnugreinin,“ sagði hún.

### Bóndinn fær síðustu krónuna

Þorgerður Katrín sagði bændur starfa ötullega og að síðasta krónan fyrir afurðirnar væri jafnan greidd til bónbands sjálfss. „Hann fær síðustu krónuna þegar allir aðrir eru búnir að fá sitt, s.s. milliliðirnir,“ sagði hún og rifjaði upp umræðu á fundi ungra bænda nokkru áður, um hinn mikla fjármagns- og launakostnað í greininni, sem alltaf væri hærrí hér en annars staðar.

Að hennar mati væri stóra viðfangsefnið hvernig unnt sé að taka vel á móti ungum bændum og efla nýliðun.

„Ef ég ætti að forgangrsraða af öllu því sem kemur inn í ráðuneyti landbúnaðarmála, þá væri það að ýta undir nýliðun og skapa þannig umgiðrök til að styðja við unga bændur, og það mun kosta stuðning.

Síðan er hitt, sem við þurfum náttúrlega að velta fyrir okkur, að oft og tiðum finnst mér meiri tími af hálfu bænda, eða Bændasamtakana, fara í pólitískt lobbi sem þarf að halda heldur en í rauninni hvað bændur eru að gera heima á sjálfum búnum.

Við þurfum að fókusera meira á og veita bændum þetta frelsi af því að þeir eru bestir til að meta hvað þeir eiga að framleiða eða vilja framleiða,“ sagði Þorgerður



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir á degi landbúnaðarins sl. haust. Þar sagði hún brýnt að ýta undir nýsköpun í landbúnaði og bæta skilyrði fyrir unga bændur. Mynd/sá

Katrín enn fremur. Í því samhengi yrði að horfa á þau tekifær sem væru í íslenskum landbúnaði.

### Efling nýsköpunar og ungra bændu

„Ég vil sjá meiri nýsköpun. Það er einhver ástaða fyrir því að hún er ekki meiri, þrátt fyrir að hún sé þó töluverð, það er ekki spurning, en við getum séð enn meira.

Ég hef margítrekað sagt að mestu sóknarfærin af atvinnugreinum, auk ferðapjónustu þar sem fullt er að gerast, eru í landbúnaði ef við höldum rétt á spilunum. Þá eignum við ekki að vera hrædd við að gera ákvæðnar breytingar til að ýta undir nýsköpun og unga bændur þannig að við tökum betur utan um þessa grein,“ sagði Þorgerður Katrín. /sá

## Ritstjóri

## Bændablaðið

Bændasamtök Íslands óska eftir að ráða ritstjóra Bændablaðsins. Við leitum að leiðtoga með góða innsýn inn í landbúnað og starfsemi fjlömiðla.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Ritstjórnarleg ábyrgð og yfirumsjón með starfsemi Bændablaðsins
- Ábyrgð á verkefnastýringu
- Skipulagning, samhæfing og val á umfjöllunarefni
- Ábyrgð á faglegu efnisvali auk framsetningar myndefnis
- Ábyrgð á ritstjórnarstefnu miðilsins og gæðaeftirliti

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af fjölmöldum og blaðamennsku
- Þekking á landbúnaðarmálum æskileg
- Góð íslenskukunnáttu nauðsynleg
- Góð enskukunnáttu auk kunnáttu í Norðurlandamáli
- Leiðtoga- og samskiptahæfni
- Góð tæknibekking
- Þekking á umbrotsvinnu og færni í InDesign

Umsóknir óskast sendar á [hagvangu.is](http://hagvangu.is) ásamt ferilskrá og kynningarbréfi.

Umsóknarfrestur er til 23. janúar. Nánari upplýsingar veita Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangu.is](mailto:geirlaug@hagvangu.is), og Pórdís Sif Arnarsdóttir, [thordis@hagvangu.is](mailto:thordis@hagvangu.is).

[hagvangu.is](http://hagvangu.is)

HAGVANGUR



Ein af dráttarvélum ársins er AgXeed 5.115T2. Þetta er dísilknuinn sjálfkeyrandi beltatraktor sem er þegar kominn í notkun hjá bændum. Mynd / AgXeed

### Evrópa:

## Dráttarvélar ársins

Landbúnaðarblaðamenn hafa valið dráttarvélar ársins 2025 í sex flokkum.

Á hverju ári veitir nefnd blaðamanna frá 25 Evrópulöndum verðlaun fyrir dráttarvélar ársins. Að baki verðlaununum standa landbúnaðarblaðamenn sem sérhæfa sig í umfjöllun um búvélum.

Í flokki öflugustu dráttarvélanna (e. highpower) sigraði Case IH Quadtrac 715. Sá traktor er með 778 hestafla mótor, liðstýrður og á fjórum beltum. Í flokki dráttarvélanna í millistærð (e. midpower) fór Fendt 620 Vario DP með sigur af hólmi. Þessi traktor myndi eflaust teljast stóri á íslenskan mælikvarða, en vélin í honum skilar 224 hestöflum.

Í flokki dráttarvélá til almennra nota (e. utility) var hinn 117 hestafla Steyr 4120 Plus traktor valinn bestur.

Í flokki sérhæfðra traktora (e. specialized) sigraði Antonio Carraro Tony 8900 TRG. Það er lítill dráttarvél sem er meðal annars hugsuð til nota á vínekrum. Í flokki sjálfbærra dráttarvélá (e. sustainable) var Fendt e107 Vario valin best, en hún er rakfnuin. Það var sérstakur flokkur fyrir landbúnaðarbjarka (e. bot) þar sem AgXeed 5.115T2 var veitt viðurkenning. Það er sjálfkeyrandi lítil traktor á beltum sem er hægt að tengja við fjölbreytt úrval landbúnaðartækja án breytinga. /ál

þú finnur Bændablaðið  
á [www.bbl.is](http://www.bbl.is),  
Facebook & Instagram

# Vetrartilboð

Janúar og febrúar



**Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.**

**Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.**



## TILBOÐ 1 (ljósmynd)

**Svartur, grár eða paradiso.**

**Sett eins og á mynd**

**585.000**

**án blómarammans**

**485.000**

## TILBOÐ 2

**Demanter - passar líka á duftleiði  
149.000 (199.000 með lukt)**



**Svartur**



**Paradiso**



**Blár**



**Grár**

## TILBOÐ 3

**Sett eins og á mynd - 380.000  
Svartur, grár eða paradiso**



**Rúmar tvö nöfn**

## VIÐHALDSFRÍR GRANÍTBEKKUR

**Svartur, grár eða paradiso.**

**Hægt að fá áletrun gegn aukagjaldi.**

**130cm 150kg**

**frí sending um allt land.**

**230.000 kr**



**s: 466 2800 / 899 9370**

**sala@minnismerki.is**

**steinsmidjaakureyrar.is**

Evrópusambandið:

# Spá um evrópskan landbúnað

– Næsti áratugur felur í sér umtalsverðar breytingar



Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is

Evrópusambandið segir landbúnað innan vélbanda ESB seiga atvinnugrein sem óðum aðlagi sig loftslagsbreytingum, kröfum um sjálfbærni og breyttri eftirspurn neytenda.

Forsvarsmenn landbúnaðarmála innan ESB segja skammtímahorfur evrópskra landbúnaðarmarkaða „á brothætri og hægfara leið til stöðugleika að nýju“. Eftir alvarleg áföll og miklar sveiflur undanfarin ár sjáist jákvæð merki um stöðugleika þeirra þar sem aðfangakostnaður hafi lækkað jafnt og þétt undanfarna mánuði og náðst hafi nokkur tök á matvælaverðbólgu.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefur, undir lok hvers árs, út skýrslu um horfur til lengri og skemmmri tíma í landbúnaði, þar sem settar eru fram að etlanir fyrir helstu landbúnaðargreinar ESB.

## Vöxtur í eftirspurn

Í síðustu skýrslu segir að almennt þjóðhagslegt umhverfi og matvælaverð bendi til mögulegs vaxtar í eftirspurn landbúnaðaráfurða í flestum greinum innan sambandsins. Tekið er fram að horfurnar séu engu að síður háðar mikilli óvissu sem tengist veðuratburðum, geopólítiskum átökum og dýra- og plöntusjúkdómum.

Spáð er breytingum á neyslumynstri innan ESB. Búist er við að kjötneysla minnki lítillega, aðallega í nautakjöti og svínakjöti, en talið er að neysla plöntupróteins aukist. Gert er ráð fyrir að neysla mjólkurafurða haldist stöðug, með breyttum venjum og fleiri nýjum neytendum.

## Markaðir leita stöðugleika

Fram kemur að landbúnaðarmarkaðir sýni aftur merki um stöðugleika.



Forsvarsmenn landbúnaðarmála innan ESB segja skammtímahorfur evrópsks landbúnaðar „á brothætri og hægfara leið til stöðugleika að nýju“. Til lengri tíma sé breytinga að vænta en horfur þó sәmilegar. Spáð er breytingum á neyslumynstri innan ESB-rikjanna.

Mynd / Pixabay

Matvælaverðbólga hafi farið minnkandi og matvælaverð haldist tiltölulega stöðugt í flestum vörutegundum undanfarna mánuði,

þó að verð sé að meðaltali 32

prósentum hærra m.v. árið 2020.

Þá sé áburðarmarkaður ESB smám saman að ná stöðugleika á nýjan leik og viðskiptaflæði að komast í eðlilegt horf. Hins vegar sé hagkvæmni enn áhyggjuefnir fyrir bændur, fyrst og fremst vegna lækkandi afurðaverðs í akuryrkju. Minni uppskera á ýmsum svæðum innan Evrópu árið 2024 gæti valdið sjóðstreymisvandamálum fyrir

akurraektarbændur og það haft sein áhrif á áburðarkaup nú í vor.

„Þó að ESB haldi áfram að vera stórvífljotandi landbúnaðarmatvæla og sé áfram sjálfbjarga um flestar hrávörur eru merkjanelegar breytingar í ýmsum landbúnaðargreinum. Meðal annars er samdráttur í heildarkjötframleiðslu, stöðugleiki í kornframleiðslu, mjólkurframleiðsla stöðug og í hámarki, og aukning í alifuglaræk. Þótt óvissa um þróun þjóðhags-, viðskipta- og loftslagsbreytinga sé viðvarandi sýn skýrslan einnig framfarir fyrir nokkra umhverfis- og loftslagsvísa,

sem undirstrikar umskiptin í átt að umhverfisvænni landbúnaði,“ segir í skýrslunni.

Spáð er að raunvöxtur landsframleiðslu í ESB nái stöðugleika til meðallangs tíma og verðbólga fari austur í tveggja prósenta markmið. Á þessum grunni eru markaðsáætlanir fyrir landbúnað ESB þróðar með landbúnaðarhagfræðilegum líkana-aðferðum.

## Minna korn og repja

Gert er ráð fyrir að notkun á ræktanlegu landi ESB breytist nokkuð næsta áratuginn. Spáð er að landnotkun færst frá korni og repju yfir í sojabuna, önnur olíufræ og belgjurtir, vegna minni eftirspurnar eftir korni í fôður og lifeldsneyti. Búist er við að flatarmál landbúnaðarlands undir varanlega ræktun muni aukast, á meðan flatarmál varanlegs graslendis og mögulegs ræktarlands gæti haldist stöðugt.

Talið er að uppskera korns og olíufræs muni aukast lítillega næsta áratuginn, vegna þróunar í nákvæmnisbúskap, stafrænnar ræktunartækni og bætts

jarðvegsheilbrigðis, sem vegi upp

á móti loftslagsbreytingum, skerti

framboði og hagræðingu í aðföngum

landbúnaðar. Gert er ráð fyrir að

uppistaðan í kornframleiðslu verði

mais og bygg og hveitiframleiðsla

taki við sér eftir samdrátt. Þá er

talið að sykurframleiðsla dragist

hægt saman næsta áratug, vegna

rýrrandi uppskeru sykurrófa og

þess að neytendur kjósi sykurminna

mataræði.

## Alifuglaframleiðslan

styrkist áfram

Búist er við að heildarkjötframleiðsla innan ESB minnki á næstu árum. Því er spáð að framleiðsla nautakjöts muni dragast saman vegna aukinnar sjálfbærni, líttillar arðsemi og strangara regluverks. Á sama hátt er gert ráð fyrir að neysla nautakjöts minnki, vegna mikils framboðs og hás verðs. Reiknað er með að neysla svínakjöts dali á komandi árum vegna aukinna krafna um sjálfbærni,

en búist er við að neysla á alifuglum aukist þar sem greinin hafi betri í mynd og afurðir séu ódýrari en annað kjöt.

Margt bendir til að neysla kinda- og geitakjöts haldist stöðug á komandi árum, vegna viðvarandi neyslumynsturs sem tengist menningarhefðum í ríkjum ESB.

## Mjólkurframleiðsla hefur náð hámarki

Spáð er að mjólkurframboð ESB aukist lítillega í ár. Miðað við eðlileg veðurskilyrði er gert ráð fyrir að samdráttur hjá mjólkurbúum, um 0,7 prósent, vegi á móti aukinni mjólkurframleiðslu sem áætluð er um 1 prósent. Búist er við að mjólkurframleiðsla ESB minnki til lengri tíma lítið. Hins vegar muni greinin í auknum mæli leggja sitt af mörkum til umhverfislegrar sjálfbærni matvælakerfa og skapa aukinn virðisauka í greininum. Horf er til þess að neysla mjólkurafurða í ESB haldist stöðug. Breytingar í lífsstíl og vaxandi heilsuvitund muni auka eftirspurn eftir hollari mjólkurvörum.

Líkur eru leiddar að því að framleiðsla ESB á ostum og mysuvörum haldi áfram að vaxa, þó hægar en aður hefur verið.

## Áskoranir í grænmetis- og ávaxtaræktun

Ávaxta- og grænmetisframleiðsla er sögð standa frammi fyrir áskoranum sem tengjast erfiðri veðráttu, auknum orukostnaði, takmörkunum á notkun varnarefna og viðgangi meindýra.

Engu að síður er búist við að neysla á ferskum afurðum innan ESB aukist, vegna aukinnar vitundar neytenda um kosti holls mataræðis. Eplaframleiðsla gæti haldist stöðug, en búist er við að ferskju- og nektarinfraumeiðsla minnki.

Spáð er að framleiðsla ESB á ólífuolíu aukist lítillega næsta áratug, vegna aukningar á uppskeru. Liklegt er talið að vinframleiðsla og vínutflutningur ESB minnki, og valdi þar helst minni áfengisneysla yngri kynslóða og breyttar neyslumenjur. ■

# TUDOR KRAFTUR

**Ekki láta frostið koma þér á óvart**

**Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta**

**SKORRI**

**TUDOR**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

**TUDOR**

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: [www.skorri.is](http://www.skorri.is)

# HURÐIR SEM HENTA ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

Kynntu þér **Lindab** og **Krispol**  
hurðir frá Límtré Vírnet



- Lindab hurðir henta sérstaklega vel fyrir búskap og dýrahald.
- Fjölbreytt úrval lita og aukahluta.
- Krispol hurðir eru er hagkvæmur kostur fyrir skemmur og geymslur.
- Uppsetning í boði sem getur aukið endingu.

Kynntu þér úrvalið á **Limtrevirnet.is**

## Skaftafellssýsla:

# Auðbjörgunarsveitin

– Hjúkrunarfræðingur á Kirkjubækjarklaustri lykilmanneskja í heilbrigðisþjónustu á svæðinu

Margrét Ágústa  
Sigurðardóttir  
margret@bondi.is



Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur og rófubóni, hefur starfað á heilsugæslunni á Kirkjubækjarklaustri í næstum átján ár. Hún býr á Maríubakka í Fljótshverfi í Vestur-Skaftafells-sýslu, sem er um 25 km austan við Kirkjubækjarklaustur, ásamt börnum sínum og eiginmanni.

Aðgengi að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni er stórt byggðamál fyrir velferð og öryggi íbúa. I smærri byggðum verður eðli þjónustunnar oftar en ekki persónulegri, nálegðin við skjólsteðingana meiri, sem getur í senn verið gefandi en líka krefjandi. Með tilkomu fjarheilbrigðisþjónustu á Kirkjubækjarklaustri hefur aðgengi íbúanna að heilbrigðisþjónustu aukist, en heilsugæslan þar er fyrsta heilsugæslan hér á landi sem hefur innleitt slíka þjónustu.

Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, gjarnan kölluð Auja, flutti austur á Maríubakka rétt gengin í þritugt. Hún fæddist í Reykjavík árið 1978, ólst upp á höfuðborgarsvæðinu, á ættir að rekja vestur á firði og hefur alltaf haft sterkar rætur í sveitina og landsbyggðina. „Ég vann mikið á sumrin úti á landi og undi mér vel. Ég hef alltaf verið mikið náttúrubarn og kunnad að meta einfaldleikann og hægagang lífsins í sveitinni.“ Eftir menntaskóla lá leiðin í háskólan og Auðbjörg útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur árið 2005, síðar sem ljósmóðir og hefur síðan þá tekið diplómu í mannaudstjórnun og sjúkraflutningum, EMT-A.

Þegar frumburður þeirra hjóna var þriggja ára fluttu þau austur. Tengdaðir Auðbjargar var orðinn langveikur og það vantaði aðstoð við búið á Maríubakka þar sem Bjarki, eiginmaður hennar, er faeddur og uppalinn. „Það var ekki á planinu



Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur og rófubóni, við Lómagnúp. Hún segir fegurðina í Skaftárreppi engri lík.

Mynd / mÁS

að flytja á Klaustur en þegar Guðni tengdapabbi var orðinn veikur veitti ekki af allri þeirri hjálp sem þarfnaðist við búskapinn. Síðan bráðvantöði hjúkrunarfræðing á heilsugæsluna stuttu eftir að ég lauk ljósmóðurnámi. Við ákváðum því að slá til og erum enn hér í dag um átján árum síðar.“

Auðbjörg segir fegurðina í Skaftárreppi engri lík og að það séu forréttindi að hafa slík náttúrugæði í kringum sig í daglegu amstri „Alveg frá því að ég var stelpurófa hef ég alltaf hrifist af litlum samfélögum. Íbúarnir eru oftar en ekki knúnir drifkrafti og þrautseigju þar sem allir skipta mál.“



Við björgun skotveiðimanns á afrétt.

Mynd / Aðsend

Oftast er fólk samherjar en eðlilega getur stundum slegið í brýnu.“

### Sinnir útköllum á hinum ýmsu farartækjum

Á Maríubakka var lengi vel tölverður fjöldi af kindum og ötl rófurækt. Bjarki tók að mestu við búskapnum af föður sínum samhlíða störfum sínum sem sjúkraflutningamaður. Þau hjónin vinna því mikil saman og hafa gert um langa hrið.

„Vissulega getur það verið krefjandi, sérstaklega þegar börnin voru yngri. Héraðið er stórt og maður þarf alltaf að vera til staðar. Þrátt fyrir að vera ekki á formlegri vakt þá er maður alltaf til taks ef maður er heima á annað bord. Hvað sem veldur þá hefur verið fjöldi alvarlegra slysa á svæðinu og allt of oft banaslys. Það er þyngra en tárnum taki og óumflýjanlega mætir þá sorgin oft inn á heimilið þegar við hjónin höfum verið bæði í aðhlynningu á slysstað eða þegar alvarleg veikindi hafa komið upp,“ segir Auðbjörg.

Fyrir litið bæjarfélag er það gríðarlegur fengur að hafa mannesku eins og Auðbjörgu. Að starfa í dreifbýli fylgir að vera klár í slaginn og taka því sem kemur. Hjúkrunarstarfið er fjölbreytt, starfssvæðið stórt en fáir um verkin þannig að nái teymisvinna læknis og hjúkrunarfræðings, auk sjúkraflutningafólks, er forsenda þess að vel gangi. Auðbjörg segir það ákvæðinn lífsstíl, og jafnvel forréttindi, að geta starfað á heilsugæslu í dreifbýli. Í starfinu felist meðal annars að vera til staðar, ýmist við gleði- eða sorgarstundir. Slíkt sé i senn bæði gefandi og krefjandi. Einig þuri að sinna skjólsteðingum heima fyrir þar sem ekki allir komast á heilsugæsluna. Þar hafi ljósmóður og sjúkraflutninganámið komið sérstaklega vel.

Til að geta staðið vaktina í stóru héraði þarf að hafa yfirgripsmíkla þekkingu og geta beitt henni fljótt, undir miklu á lagi og á öruggan og yfirvegaðan hátt. Bráðatilfelli gera ekki boð á undan sér og geta komið á öllum tímum sólarhringsins. Stundum er langt á milli útkalla og stundum stutt. Oft þarf að rjúka út frá því sem maður er að gera hverju sinni, skafa bílinn, finna út hvort eigi að fara og kalla til aðrar bjargin. Fólk hefur tilhneigingu til að draga þá ályktun að erfiðasta verkið og mesta á lagið sé að takast á við hópslys eða mjög mannskæð slys. Staðreyndin sé hins vegar su að þá geta jafnvel einföld verk í hversdagsleikanum valdið meira á lagi og áreiti, s.s.

ákveðnar rangfærslur sem erfitt er að kveða niður enda hjúkrunarfólk bundið ströngum trúnaði um störf sín og skjólsteðinga.

„A þeim tíma sem ég hef starfað fyrir austan hef ég tekist á við fjölbætt viðfangsefni sem tilheyra hefðbundnum heilsugæslutörfum ásamt mörgum yfirgengilega krefjandi verkefnum sem dükka upp og oftar en ekki við margbreytilegar aðstæður. Má þar nefna aðgerðir vagna náttúrvárá, eldgos og öskufall í kjölfar þess, margföldun á heimsóknum ferðamanna með tilheyrandi fjölgun slysa og bráðatilfella, og stór og smá hópslys. Þannig hef ég sinnt útköllum og sjúkraflutningum á hinum ýmsu farartækjum, s.s. sjúkrabíl, björgunarsveitabilum, bryndreka og í loftfari svo eithvað sé nefnt.“

### Tækfærin í fjarheilbrigðisþjónustu

Samherji Auðbjargar á heilsugæslunni er Sigurður Árnason læknir. Hann hefur verið lykilmaður í því að tryggja heilbrigðisþjónustu í samfélagini fyrir austan, meðal annars með breytti útfærslu á þjónustunni vegna manneklu og öðrum þeim áskorunum sem fylgia því að bráðapjónusta sé tryggð.

Fjarheilbrigðisþjónustan gegnir bannig mikilvægu hlutverki á Kirkjubækjarklaustri. Hún sinnir fjölbreyttum þörfum fólks, auk þess sem hún bætir aðgengi fólks að ýmiss konar sérfræðipjónustu sem annars væri aðeins aðgengileg á Selfossi eða í Reykjavík. Þessi viðbót eflir heilbrigðisþjónustu heima í héraði og er árangursrík leið til að efla lýðheilsu. Þá segir Auðbjörg að þjónustuformið aukið bæði hagkvænni í rekstri og tryggi betri nýtingu heilbrigðisstarfsfólks.

„Arið 2013 var keyptur fjarlækniningabúnaður með stuðningi heimamanna og þar fór Siggi læknir fremstur í flokki. Það hafa verið forréttindi að vinna með slíkum manni, hann hefur ekki aðeins efti mig í starfi og hvatt mig heldur verið mér og mínum mikill vinur.“

Auðbjörg tók við riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til heilbrigðis- og björgunarstarfa í heimabyggð árið 2019. Hún segir það mikinn heiður að fá slika viðurkenningu fyrir störf sín í þágu samfélagsins og vonast jafnfram til þess að viðurkenningin sé ekki síður eflandi og hvetjandi fyrir allt heilbrigðisstarfsfólk sem og aðra viðbragðsaðila.

Óhætt er að segja að Auðbjörg sé ekki kölluð Auðbjörgunarsveitin fyrir ekki neitt. ■

## Vorgleði í Prag & Brno

11. – 18. apríl 2025

Fararstjórn: Pavel Manásek

Verð 319.800 kr. á mann í tvíbýli

Tékkland er yndislegt að vori þegar gróðurinn er að vakna af dvala eftir veturninn. Hér verður farið í skemmtilega ferð til gullborgarinnar Prag og keisaraborgarinnar Brno sem eru tvær af áhugaverðustu og fegurstu borgum Tékklands, hvor með sinn sjarma.

Bókaðu núna á [baendaferðir.is](#)

Sími 570 2790 • [bokun@baendaferdir.is](mailto:bokun@baendaferdir.is) • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



vfs.is

# JANÚAR ÚTSALA TVÍSILJU 30% / 40% / 20%

VERKFÆRA  
SALAN



VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

# Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði  
og varahlutir



Husqvarna K4000  
Steinsög  
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K770 14"  
Steinsög/Hellusög  
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna Trowel  
BG 245  
Slipivél, Vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna LF75  
Jarðvegsþjappa  
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS 500  
E rafmagns gólfsg  
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230  
Kjarnaborvél  
150 mm Max



Husqvarna K7000  
Ring  
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000  
Pre Cut  
Sögunardýpt 14,5 cm

**HÁ**  
VERSLEN

Víkurhvari 4 - 203 Kópavogur  
Opið mán. - fös. kl. 9-17.  
S. 588-0028  
haverslun@haverslun.is  
haverslun.is



Bændur viða um heim standa frammi fyrir tjóni og vandræðum vegna loftslagsbreytinga. Loftslagskvíði og áhyggjur sækja að fólk og til að verjast því þurfum við, að sögn heimspekinga og sálfræðinga, öðru fremur að átta okkur á hvað er innan áhrifasviðs okkar og hvað ekki og temja okkur æðruleysi og hugarró gagnvart því sem við getum ekki haft áhrif á. Teikning / Hlynur Gauti

### Loftslagsmál:

# Að bera kvíðboga fyrir óvissri framtíð

– Loftslagsvandinn veldur fólk streitu og vanlíðan



Steinunn Ásmundsdóttir  
steinunn@bondi.is

Loftslagsbreytingar og þeir erfiðleikar sem þær valda fylla marga streitu og kvíða og fólk fyllist, margt hvert, vonleysi gagnvart framtíðarhorfum.

Velta má fyrir sér hvernig fólk sem á allt sitt undir náttúrunni, t.d. bændur, sem og allir aðrir, fara að því að horfast í augu við aðsteðjandi loftslagsvanda og áskoranir honum tengdar, án þess að missa hugrekkið og drifkraftinn til góðra verka og uppbyggingar, og tiltrú á framtíðina.

Hvaða áhrif hafa loftslags-

breytingar á geðheilsu? Stephanie Collier, læknir og kennari við Harvard-háskóla, segir að til viðbótar við tilvistaráhyggjur og ótta um framtíðina geti loftslagsbreytingar haft been áhrif á geðheilsu (eins og með náttúruhamförum eða hita) og óbein (með landflóttu, fólksflutningum og fæðuóryggi).



Þótt loftslagsbreytingar hafi e.t.v. ekki íþyngt íslendingum svo heitið geti fram til þessa þá eru þær aðkallandi vandamál viða um heim, þar á meðal fyrir bændur, og eiga líklega eftir að hafa áhrif hér á landi eins og annars staðar. Sálfræðingur segir mikilvægt að eiga sér sterkt gildi. Þau skapi skýra sýn, öfluga sjálfsmýnd og dragi úr hugarvíli.

Mynd / Farm Progress

„Hækkandi hitastig hefur verið tengt fjölgun koma á bráðamóttökum af geðrænum ástæðum og getur skert vitsmunabroska barna og unglings. Enn fremur tengist fæðuóryggi þunglyndi, kvíða og hegðunarvandamálum. Stöðugar fregnir af t.d. skógareldum, vaxandi illviðrum, þurrkum og bráðunum jöklum, geta valdið auknu álagi í daglegu lífi fólkis,“ segir Collier.

### Óviss framtíð veldur kvíða

Loftslagskvíði, eða umhverfiskvíði, er vanlíðan sem tengist áhyggjum af áhrifum loftslagsbreytinga. Þetta er kvíði sem á rætur sínar að rekja til óvissu um framtíðina og varar okkur við hættunni af breyttu loftslagi. Loftslagsbreytingar eru ógn við velferð fólk og heilsu jarðar og því ekki óeðilegt að upplifa áhyggjur og ótta við afleiðingarnar.

Loftslagsbreytingar geta meðal annars framkallað tilfinningar eins og sorg, reiði, skömm, missi, sektarkennd, vonleysi og breytu. Pessar tilfinningar geta stafað af mörgum þáttum, þar á meðal beinum áhrifum (t.d. tapi á húsnæði eða lífsviðurværi), verið birtingarmynd reynslu annars fólk víða um heim eða vanlíðan sem tengist framtíðar- eða tilvistarógn.

**Loftslagskvíði vaxandi vandamál**  
Vaxandi fjöldi fólk er beinlínis

haldinn loftslagskvíða. Þó að allir geti upplifað hann virðast ákveðin hópar vera sérstaklega útsettir, þar á meðal börn, ungt fólk, fólk í frumbyggjasamfélögum, fólk sem er annt um umhverfið og náttúruna, loftslagsaðgerðasinnar, þeir sem vinna að loftslagsmálum (eins og loftslagsvísindamenn), fólk sem hefur lífsviðurværi sitt af náttúrunni (til dæmis bændur), og allir sem hafa orðið fyrir tjóni vegna loftslagsbreytinga. Meiri loftslagskvíði tengist einnig skynjun að aðgerðarleysi stjórnavalda í loftslagsmálum, sérstaklega hjá yngra fólk. Þar að auki, fyrir mörg okkar, en kannski sérstaklega fyrir yngri kynslöðir, getur stöðugt áreiti neikvæðra loftslagsfréttu verið stressandi og niðurdrepandi.

Vilhjálmur Árnason heimspekingur telur að við þurfum öðru fremur að átta okkur á því hvað sé innan áhrifasviðs okkar og hvað ekki og temja okkur æðruleysi og hugarró gagnvart því sem við getum ekki haft áhrif á. Þeir sem huga að geðheilsu tengdri loftslagsvá virðast flestir sammála um mikilvægi þessa.

Meðal ráða sérfræðinga við loftslagskvíða eða tilfinningalegri vanlíðan vegna loftslagsbreytinga er að einbeita sér að því sem þú getur stjórnað. Loftslagsbreytingar eru flókið mál. Minntu sjálfa/n þig á að loftslagsbreytingar verða

## Undrabærir og Tatrafjöll

Pýskaland, Tékkland, Pólland  
21. maí - 3. júní 2025



Regensburg



Prag



Krakow

Í þessari dásamlegu snemmsumarferð er hin heillandi miðaldarborg Regensburg í Pýskalandi heimsótt, ásamt hinum sögufrægu borgum Prag í Tékklandi og Krakow í Póllandi.

Að auki heimsækjum við hin bekktu Tatrafjöll og njótum fjalladýrðarinnar í fjallabænum Zakopane. Bærinn er frægur fyrir einstaka fjallamenningu, þar sem pólskir Górale fjallabúar hafa varðveitt sérstakan menningararf, hefðir og listir sem endurspeglast í byggingarstíl, matargerð og handverki.

Flogið til og frá Keflavík.

Leiðsögukona er Sigurbjörg Árnadóttir, formaður Vitafélagsins.



Við höfum farið erlendis  
með hópa frá árinu 1984

Nánari upplýsingar og bókanir  
s. 476-1399  
[www.tannitravel.is](http://www.tannitravel.is)  
[tannitravel@tannitravel.is](mailto:tannitravel@tannitravel.is)

## Sérhver getur lagt sitt lóð á vogarskálina



Vilhjálmur Árnason.

„Spurt er hvernig fólk geti horfst í augu við aðsteðjandi loftslagsvanda og áskoranir honum tengdar, án þess að missa hugrekkið og driftkraftinn til góðra verka og uppbyggingar, og tiltrú á framtíðina. Við fyrstu sýn virðist þessi spurning kalla fremur á sálfræðileg og jafnvel guðfræðileg svör fremur en heimspekleg. Í fornaldarheimspeki voru sálfræði og siðfræði raunar samofin enda meginþurningin sem fengist var við sú hvernig lífi væri best að lifa. Sú spurning er sigild þótt hún hljóti að taka mið af aðstæðum.

Mér virðist að varðandi þetta mál sé frá heimspeklegu og/eða siðfræðilegu sjónarmiði nærtækast að líta til Stóuspekkinnar. Í Handbók sinni, sem heitir á íslensku Hver er sinnar gæfu smiður, heldur stóuspekingurinn Epiket því fram að lykillinn að listinni að lifa sé að kunna að greina á milli þess sem er undir okkur komið og hins sem er ekki að okkar valdi. Menn þurfi að átta sig á því að þeir ráða engu um ytri atburði nema viðbrögðum sínum við þeim. Við þurfum því öðru fremur að átta okkur á því hvað er innan áhrifasviðs okkar og hvað ekki og temja okkur æðruleysi og hugarró gagnvart því sem við getum ekki haft áhrif á. Allar skapraunir okkar stafi af því að við reynum að stjórna því sem við ráðum ekki við. Og með því að eyða orkunni í hið óviðráðanlega missum við stjórn á því eina sem við höfum vald á, en það er okkar eigin hugarafstaða og sálarró. Með því að temja sér æðruleysi gagnvart því sem maður fær ekki breytt myndast jafnframrími fyrir hugreki til að beina kröftum sínum að því sem er innan áhrifasviðs okkar. Við eyðum það ekki hugorkunni í gagnslausrar áhyggjur heldur virkjum við krafta okkar í það sem við getum haft áhrif á.

Í loftslagsmálum virðist breytni okkar vera sem dropi í ómælshaf, en safnast þegar saman kemur og ef allir hugsa þannig að þeirra lífsmáti skipti ekki máli þá eykur það að vandann. Sérhver getur lagt sitt litla lóð á vogarskálina með lífsmáta sínum og ekki síður með afstöðu sinni. Þar er mikilvægast að leggja sig eftir traustum röksemdum, hafa það sem sannara reynist og það er sannarlega innan áhrifasviðs okkar, auk þess sem það getur haft áhrif á aðra. Þannig getum við virkjað vána sem driftkraft til góðra verka og lífað í voninni fremur en lamandi bölsýni eða hættulegri blekkingu.“

Vilhjálmur Árnason, heimspekingur og prófessor emeritus.

## Sterk eigin gildi eins og áttaviti



Kristín Linda Jónsdóttir.

„Varðandi hugrænar og sálrvænar áskoranir sem mæta okkur vegna aðsteðjandi loftslagsvanda og áskorana sem honum kunna að fylgja, má segja að fyrir dugandi fólk sem vill láta munu um sig skipti mestu, eins og ávallt, að hafa sterka sjálfsmynnd. Þar með skýra sýn á eigið val, viðfang, verk og gildi. Að mæta deginum eins og hann kemur, í nínú eins og sagt er, af þeirri vakandi athygli, vissu og viti sem fylgir sjálfsspekkingu, æðruleysi og virðingu við heimili okkar jörðina.“

Æðruleysið ber það í sér að við, hvert og eitt okkar, höfum það skýrt í huga hvað við getum gert, og viljum gera og hvað ekki og skiljum þar á milli. Hverjir eru okkar möguleikar og hvernig getum við látið munu um okkur, látið gott af okkur leiða, gengið sporni okkar dýrmætu jörð til góðs? Hvað er það svo sem er okkur fjarlægt, ómögulegt, er alls ekki að okkar borði hvort sem okkur líkar betur eða verr? Við látzum það eiga sig, það er ekki okkar teboll, og einbeitum okkur af því meiri krafti að því sem er okkur aðgengilegt, mögulegt og fært. Æðruleysið flokkar þannig hugsanir okkar og færir okkur frið og sátt í sál.“

Sterk eigin gildi virka síðan eins og áttaviti, hjálpi okkur að ákveða næstu skref bæði í stóru myndinni og hversdagslegu amstri daganna. Sterk meðvituð gildi skapa skýra sýn og öfluga sjálfsmynnd og draga úr hugarvíli. Sé það til dæmis þitt gildi að þú leggir jörðinni best lið gegn loftslagsvá með því að ...? Já, einmitt, hver er þín sýn, þín gildi, stefna, val og verk? Hvað er það svo sem þú ætlar ekki að velta þér upp úr, þála í eða láta draga huga þín niður? Leyfðu þér að sleppa því alveg úr huga þínum. Þannig hefur þú meiri einbeitingu, getu og betri líðan til að láta munu um þig á þann hátt sem er þér mögulegt, þar liggur galdurinn.“

Kristín Linda Jónsdóttir, sálfræðingur hjá Huglind.

## Tilheyrum jörðinni og tökum afstöðu



Ólafur Páll Jónsson.

með plánetuna sem búsvæði.“

„Einn kaflinn í bók minni „Annáll um líf í annasönum heimi“, kaflinn um mái sem heitir „Hugsad með fótunum“, fjallar m.a. um Aldo Leopold,“ lýsir Ólafur Páll og heldur áfram: „Hann var skógarvörður og í gegnum vinnu sina sem slíkur varð hann einn fyrsti umhverfisheimspekingur 20. aldar. Hann var maður sem nýtti landið og leit ekki svo á að umhyggja og verndun landsins væri endilega ósamrýmanleg nýtingu. En hann hafði samt áhyggjur af þeirri nýtingu sem hann varð vitni að á sínum tíma – og hefur aðeins versnað síðan þá. Í kaflanum er þessi tilvitnum:“

„Þegar við lítum á land sem samfélög sem við tilheyrum, þá byrjun við ef til vill að nota það af væntumþykju og virðingu. Land mun ekki lifa af ágang hins véldedda manns með öðrum hætti, né munum við uppskera þær fagurfræðilegu afurðir sem eru þess megnugar, með aðstoð vísindanna, að styðja við menninguna. Að land sé samfélag er grundvallarhugtak í vistfræði, en að það skuli elska og virða er framlenging af siðfræði.“

Betta finnst mér mjög skynsamlegt. Hann fjallar líka um ýmislegt fleira í bók sinni A Sand County Almanac, m.a. um það sem hann kallar „husbandry“ og er mjög tengt starfi bónans, þ.e. þess sem hefur umsjón með landinu. Sé talað við unga bændur, eins og þau sem búa á Burstarfelli í Vopnafirði, þá lýsa þau svona tengslum við landið og við ræktunina, hvort sem það er ræktun landsins eða sauðfjárhins.

Lykilatriðið er held ég þetta: að líta á landið sem samfélag, svið sem við tilheyrum, en ekki bara sem brunn sem við getum ausið úr eins og okkur hentar (núna).

Annað sem skiptir máli er að þótt við getum ekki leyst málín, þá getum við tekið afstöðu. Mjög margir bændur leggja sig fram um að taka afstöðu með landinu, með náttúrunni, með dýrunum sem þeir ala. Þetta þýðir ekki að allt sem þeir gera hafi ekki áhrif á umhverfið eða sé kolefnishlutlaust. Nei, en þeir gera það sem þeir gera með ákvæðu hugarsfari og þeir reyna að láta það hugarfar birtast í því sem þeir gera. Með því að vera í nánum tengslum við landið, skapast mjög mórg tækifæri til að taka afstöðu með því. En auðvitað virkar þetta líka í hina áttina, vegna hinna nánu tengsla og eðlis starfsins þá er þeirri hættu sifellt boðið heim að athafnir fólks hafi óþarflega neikvæðar afleiðingar.“

Ólafur Páll Jónsson, prófessor í heimspeki.

### Krefjandi fyrir sálarlífð

Það er eðlilegt að vera stressaður vegna loftslagsbreytinga. Loftslagskvíði er mjög raunveruleg reynsla og það er ekki eitt hvað sem fólk þarf að burðast með einsamt. Ef líðan bínn fer að hafa áhrif á líf þitt eða getu til að takast á við daglegt líf getur verið gagnlegt að tala við einhvern um það.

Að sætta sig við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á meðan lífað er í stöðugri óvissu um framtíð heimsins er krefjandi fyrir hverja manneskju. Ólafur Páll Jónsson heimspekingur telur lykilatriði að líta á landið sem samfélög og svíð sem við tilheyrum, en ekki bara sem brunn sem við getum ausið úr. Hann telur einnig mikilvægt að þótt við getum ekki leyst málín, þá getum við tekið afstöðu.

Það virðist nokkuð samdóma álit sérfræðinga í sálgæslu að þó að nokkur kvíði vegna loftslagskreppunnar geti verið skynsamlegur og jafnvel aukið aðlögunarhæfni flestra, geti hann stundum orðið afar íþyngjandi og lamandi. Þessi íþyngjandi tegund loftslagskvíða geti leitt til vanmáttarkenndar og vonleysistfinningar, valdið mikilli þjáningu og jafnvel felt fólk frá því að gripa til aðgerða í leit að loftslagslausnum (það sem sumir hafa kallað „umhverfislömun“).

Það getur verið óþægilegt og stressandi að hugsa um loftslagskreppuna og þá óvissu sem henni fylgir. Nokkur kvíði vegna vandanálsins sýnir þó að viðkomandi stendur ekki á sama, heldur lýsir það umhyggju fyrir fólkum um allan heim, ástandi vistkerfa og velferð annarra lífvera, og endurspeglar virðingu fyrir lífi og samtengingu. Sumir fræðimenn hafa jafnvel talið vægan loftslagskvíða uppbyggilegan, enda hvetji hann til umhugsunar og aðgerða. ■

## Flestir kusu Solis árið 2024 Þökkum viðskiptin Vallarbraut.is

The advertisement features several Solis tractors and agricultural machinery against a background of fireworks and a banner reading "VALLARBRAUT". It includes a blue tractor with a front-end loader, a larger tractor with a bucket attachment, and a blue excavator. A large graphic of the Icelandic flag is overlaid on the machinery.

**Samkvæmt nýskráningum á vef Samgöngustofu**



Feðgarnir Bergur Þór Björnsson og Birgir Smári Bergssoní við skógarhögg í skóginum á Snæfoksstöðum í Grímsnesi.



Hulda Björk Haraldsdóttir og Emil Þórðarson, á Berustöðum í Ásahreppi. Mynd / Ástvaldur Lárusson

# Stiklað á stóru

– Nokkrar forsiðumyndir liðins árs

Bændablaðið kom tuttugu og þrisvar sinnum út árið 2024. Hér eru endurbirtar sjö af þeim ljósmyndum sem prýddu forsiður blaðsins yfir árið en allar fólu þær í sér áhugaverða innsýn í líf fólks og störf. Sögurnar á bak við myndirnar voru sagðar á innsíðum og kenndi þær margra grasa. Segja má að þær sögur hafi einkennst af bjartsýni, sköpunarkrafti og óbilandri þrautseigju og beri auk þess protlausri vinnu merki. Þær má finna á vefnum bbl.is./sá



Hjónin Jóhannes Helgi Ríkharðsson og Stefánia Hjörðis Leifsdóttir, bændur á Brúnastöðum í Fljótum, nyrst á Tröllaskaga. Á bænum má finna nær allar húsdýrategundir landsins.



Fjölskyldan í Brennholti í Mosfellsdal, Tómas Ponzi, Björk Bjarnadóttir og sonurinn Egill Mikael Ponzi.



Elsa Kristín Grétarsdóttir og Sólstjarna frá Sólvangi á Landsmóti hestamanna í Viðidal í Reykjavík dagana 1.–7. júlí.



Melarétt í Árneshreppi. Ingólfur Benediktsson, bóndi í Árnesi 2, leitar í hjörðinni sem smalað var úr Ófeigs- og Ingólfssfjörðum.



Guðni Th. Jóhannesson, fv. forseti Íslands, heldur hér á díuni sem tindur var í æðarvarpinu á Bessastöðum.

## Byrjaðu nýja árið með krafti!



Út janúar fylgja 3x 5L brúsar af Aspen 4 eldsneyti með hverjum seldum Cub Cadet eða MTD snjóblásara

**PÓRF**

Framúrskarandi  
fyrtækni 2024

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500

Þökkum viðskiptin á liðnu ári!



# VALTRA söluhæsta dráttarvélin 2024!

Byggt á gögnum frá Samgöngustofu, nýjar skráðar dráttarvélar árið 2024 +100 hestöfl



Traustur vinnufélagi

**AFLVÉLAR**

GARÐABÆ | AKUREYRI | SELFOSSI  
sími 480-0000 | [www.aflvelar.is](http://www.aflvelar.is)



Framúrskarandi  
fyrtæki 2018-2024



KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAKIR - VEGGSAKIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ



**Tyrolit FSG513P**  
Malbikssög - bensíknúin  
500mm blað  
Sögunardýpt 19,5cm



**Tyrolit DME22SU**  
Kjarnaborstandur  
Hám. borunardýpt 160mm



**Tyrolit FGE280**  
Gólfslípivél  
Slípiflötur 28cm



**Tyrolit VCE2400**  
Iðnaðarryksuga 2,4 kW  
Hönnuð fyrir gólfslípun

**TYROLIT**



**Tyrolit FSE811**  
Gólfsg - rafknúin  
Sögunardýpt 32cm



**Tyrolit TS40 Precut**  
Steinsög - rafknúin  
Sögunardýpt 16,5cm



**Tyrolit Ringsaw TR40**  
Steinsög - rafknúin  
Sögunardýpt 30cm



Bergvin Jóhannsson á Áshóli í Grýtubakkahreppi hefur stundað kartöflurækt í sextíu ár.

Myndir / Aðsendar

**Brautryðjendur garðyrkjunnar:**

# „Byrjaði náttúrlægá á að kaupa traktor“

Hjónin Bergvin Jóhannsson og Sigurlaug Anna Eggerts dóttir eru með reynslumestu kartöflubændum landsins en þau hafa stundað slíka ræktun í sextíu ár. Bergvin er viðmælandi Pálma Jónassonar í verkefninu Brautryðjendur garðyrkjunnar.

Foreldrar Bergvins, Jóhann Bergvinsson og Sigrún Sigríður Guðbrandsdóttir, byggðu sér nýbýlið Áshóli í Grýtubakkahreppi við austanverðan Eyjafjörð árið 1955 og það var móðir hans sem einkum hafði frumkvæðið að kartöfluræktun.

Bergvin útskrifaðist sem búfræðingur 1968, kvæntist Sigurlaugu Önnu og saman hófu þau félagsbúskap með foreldrum hans.

Bergvin segir að þetta hafi verið feikilega frumstæðar aðstæður í upphafi búskaparins. „Í upphafi byggir pabbi kartöflugeymslu 1953 en flytur svo út eftir og byrjar upphyggingu á fjárhúsum og íbúðarhúsi 1955. Við bjuggum þarna í tjaldi yfir sumarið og síðan í bárujárnsskúr fyrsta veturninn. Og svo þróaðist þetta og það var flutt inn í nýtt íbúðarhús og svo héldu

byggingarnar bara áfram að koma næstu ár.“

Frá upphafi voru þau í kartöflurækt en einnig með hefðbundinn búskap, kyr og sauðfé. „Kartöfluræktin var alltaf aðeins í meirihluta. En það var byrjað með sauðfé og kyr og var þannig alveg fram til 1974. Þá hættum við með kýrnar og breyttum þá fjósi og allri aðstöðu í kartöflugeymslur.“ Frumkvæðið að kartöfluræktinni var komið frá móður Bergvins. „Hún taldist eiginlega vera aðstráðandi í kartöfluræktinni. En pabbi var aftur með sauðféo og kýrnar. Þó allt væri unnið í sameiningu.“

Bergvin var fjórði í röð sex barna og tók snemma þátt í búskapnum. Hann lærdi smíðar í Laugaskóla og árið 1966 fór hann í Baendaskólanum á Hvanneyri í two vetur og útskrifaðist sem búfræðingur árið 1968.

## Framfarir með náttúrlægingu

Bergvin kom uppfyllur af hugmyndum úr náminu og réðist strax í talsverðar breytingar. „Maður vildi vera svolitið stórtækari heldur en þeir eldri og

byrjaði náttúrlægá að kaupa traktor. Þegar ég kom með hann í hlaðið kom pabbi á móti mér og spurði hvað ég ætlaði að gera með þetta. Ég gæti aldrei notað traktorinn því hann væri allt of stórr. Þetta var nú Zetor sem er minnsti traktorinn í notkun á heimilinu í dag. En svo hélt maður bara áfram að breyta. Fór að spá meira í náttúrlægingu en fram að þessu hafði allt verið unnið bara á handaflí. Maður fór strax að spá í vélar og að kaupa vélar. Þær voru nú svo sem ekki allar mjög beysnar í byrjun. En þetta kom smátt og smátt.“

Upphaflega var erfitt að koma stórvirkum vinnuvélum að en það tókst með tíð og tíma. „Allt land er svolitið í halla og aðstaður erfíðar þannig að við byrjuðum að hafa lyftutengdar upptökuvélar. Þá var þetta þannig að það voru kannski fjórar eða fimm manneskjúr í kringum hverja vél og svo traktorsmaður og vorum með tvar í gangi. Seinna þróaðist þetta í stærri og öflugri vélar. Í dag eru þrír í garðinum að taka upp, þar sem oft aður voru fjórtán manns. En meðan við vorum í handaflí var það oft upp í fimmtíu manns í garðinum hjá okkur.“

Bergvin segir að allt verklag hafi



Verklag kartöfluræktar hefur breyst mikið vegna náttúrlægingar.



Á Áshóli eru ræktaðar kartöflur á 18 hekturum lands.



Anna Bára Bergvinsdóttir að störfum.

## Elsta skipulega kartöfluræktunin í Evrópu var á Tenerife

Kartöflur eru upprunnar í Andesfjöllunum í Suður-Ameríku en bárust til Evrópu með spænskum og portúgólskum landvinnungamönnum á síðari hluta 16. aldar. Elsta skipulega kartöfluræktunin í Evrópu var á Tenerife sem margir Íslendingar bekki að eigin raun. Talið er að Svínn Friedrich Wilhelm Hastfer, eða Hastfer hrútabarón, hafi verið fyrstur til að rækta kartöflur á Íslandi og fyrsta uppskeran leit dagsins ljós á Bessastöðum árið 1758. Kartöflurækt varð ekki algeng á Íslandi fyrr en í upphaf 19. aldað á tímum Napóleonsstyrjaldanna þegar siglingar til Íslands urðu stopular. Kartöflurækt varð þó ekki almenn fyrir en um miðja tuttugustu oldina. Félag kartöflubænda á Suðurlandi var stofnað árið 1976 og Félag kartöflubænda við Eyjafjörð árið 1980. Saman mynduðu þessi tvö félög Landssamband kartöflubænda 1. maí árið 1981.

1986 þegar bakteríusjúkdómurinn hrингrot kom upp hjá honum en það barst með innfluttu útsæði. Hringrot barst hratt út með Premier-kartöflum og varð til þess að stofnræktun var lögð niður og ný hafin með nýjum útsæðisstofnum. Hringrotið var mikið áfall fyrir Bergvin. „Þá urðum við að breyta öllu og það var mikið bras í kringum þetta. Við þurftum að hreinsa allt út og sóthreinsa öll hús og hvíla í þrjú ár.“

## Búum fækkar

Á Áshóli eru ræktaðar kartöflur á 18 hekturum. Meðaluppskera er um 250 tonn, fer niður í 200 tonn í slökum árum en getur líka farið yfir 300 tonn. Kartöfluflabrigðin eru Rauðar, Gullauga og Premier og eru seldar undir vöruthitinu Áshólli.

Bergvin segir að það hafi mikið breyst þegar Bónus kom inn á markaðinn og verst hafi ástandið verið upp úr 1990. „Áður seldu allir í gegnum kaupfélagið. Það gátu allir komið með sínar vörur þangað og kaupfélöginn sáu bara um að selja þetta. Svo kom Bónus inn á markaðinn og þá fóru þeir strax að kýla verðið niður. Þetta fór mjög illa í kartöflumálinum svona sjötíu prósent af verðinu. Með Bónus fór þetta alveg niður fyrir tuttugu prósent. Nokkrir kartöflubændur áttu sér að vera yfirgæfandi stórin og fara alfaríð í viðskipti við Bónus. Það endaði með því að þeir fóru í gjaldþrot og það má

**Master hitablásari – Kraftmikið og áreiðanlegt hitakerfi fyrir fagfólk**

**PÓRF**

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is s 568-1500



Eina langafabarn Bergvins, Alexandra Ósk Arnórsdóttir, hjálpas til þegar tækifæri gefst. Áshóll sést í bakgrunni.

segja að öll stéttin hafi hrunið við þetta.“

Smám saman komst aftur á jafnvægi en það fækkaði verulega í stéttinni. „Nú eru þrjátíu kartöflubændur eftir en þeir framleiða jafnmikið og þegar þeir voru miklu fleiri. Þegar ég fór að taka saman skrár fyrir Landssamband kartöflubænda voru 230 innleggjendur.“

Þróunin í kartöflurækt er eins og annars staðar. „Búnum er enn að fækka og þau stækka. Menn eru að fara upp í það sem þeir mögulega ráða við í dag. Hér fyrir norðan getum við ekki stækkað mikil, við höfum ekkert land til þess. Í Þykkvabænum geta menn stækkað svoltið og í Hornafirði er einn aðili orðin mjög stórr.“ Bergvin segir að kartöfluræktin standi frammí fyrir fjölmörgum áskorunum. „Helsta áskorunin er hvað matarmenningin

er að breytast mikil. Í dag þarf að framleiða allt öðruvísi kartöflur en var fyrir nokkrum árum. Nú gengur ekkert að selja stórar matarkartöflur. Menn þurfa bara ákvæðna stærð og hitt þarf alltaf að fara í einhverja vinsslu.

En það er erfitt að eiga við þessa vinsslu. Þessar græjur eru svo stórvirkar og dýrar að það svarar varla kostnaði að setja upp slíkan búnað. Verksmiðjan í Þykkvabæ er hætt að framleiða franskartöflur. Þeir treystu sér ekki til að kaupa ný og rándýr tæki fyrir framleiðsluna. Ef það ætti að auka vélvæðingu enn frekar hjá kartöflubændum, þá þyrftu búin að stækka minnst um helming til þess að það gengi upp.“

Höfundur er Pálmi Jónasson.  
Lengri útgáfu viðtalsins má nálgast á vef garðyrkjubænda á bondi.is.

**Ný önn hefst 13.janúar !**

Allar upplýsingar á [ekill.is](http://ekill.is)

Meiraprófsnámskeið	Vinnuvélandámskeið
13.janúar í fjarkennslu	17.febrúar í fjarkennslu
17.janúar í Menntaskóla Kópavogs	Verklegt nám að stöðnu bólegu prófi Kennsla fer fram í vinnuvélahermi. Próftaka fer fram á hermi.
24.febrúar í fjarkennslu	
14.mars í Menntaskóla Kópavogs	
25.apríl í Menntaskóla Kópavogs	

**Endurmenntun**

- 18.janúar Vistakstur – öryggi i akstri
- 25.janúar Lög og reglur
- 01.febrúar Vörulitunningar
- 08.febrúar Umferðaráryggi biltækni
- 15.febrúar Östöðvndl
- 01.mars Skyndihjálp, Aðkomu að slysavettvangi kennit að Slökkvistöð Akureyrar

## Vatnshitarar fyrir sumarhús

Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatinu, spenna 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-

**Varmás**  
Markholt 2  
Mosfellsbæ  
sími 566 8144



**MODULUS**

## FRÁ VERKSMIÐJU Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Stöðluð hús með ótal aukahlutum í boði

Verðreiknivél

36 m<sup>2</sup> frá 13.890.000 kr. án vsk

58 m<sup>2</sup> frá 19.890.000 kr. án vsk

Skannaðu kóðann eða kíktu á [modulus.is](http://modulus.is)





Aðóbúnaður nautgripa á Indlandi getur verið æði ólikur á milli búa.



Dæmi um kúabú í stærra lagi á Indlandi þar sem allir gripir liggja á taði.

# Indversk mjólkurframleiðsla enn að aukast

**Snorri Sigurðsson**  
snorri.sigurdsson@outlook.com

Á sama tíma og mjólkurframleiðsla virðist standa nokkuð í stað eða jafnvel dragast heldur saman í Evrópu, þá er allt annar gangur í þessari búgrein í Asíu og Afríku.

Þar vaxa búgreinar sem byggja á framleiðslu mjólkurafurða enda mikil eftirlspurn eftir þessum vörum, sér í lagi í þróunarlöndunum þar sem fleiri og fleiri hafa sem betur fer áttáð sig á mikilvægi þessara afurða til að fullnægja næringarþörfum íbúanna. Auk þess vegnar bændum þróunarlandanna, sem eru með nautgripi, alla jafna betur en bændum sem einvörðungu eru í grænmetis-, korn-, geita- eða sauðfjárrækt.

Skýringin er talin helst felast í reglugu tekjuflæði vegna mjólkursölu, en mjólkurframleiðsla er nánast eina búgreinin í þróunarlöndunum sem gefur bendum tekjur allt árið um kring. Þá hefur afurðaverð mjólkur og mjólkurafurða haldist nokkuð vel í hendur við raunkostnað framleiðslunnar og hættan á því að framleiða með tapi er minni en í búgreinum sem eingöngu fá tekjur einu sinni á ári.

## Mesta framleiðsla í heimi

Indland er í dag langstaersta framleiðsluland heims, enda landið sjálft griðarlega stórt svo það þarf vart að koma á óvant að landið standi framarlega í mjólkurframleiðslu. Aætlad er að mjólkurframleiðsla landsins í ár verði um 216,5

milljarðar lítra, eða um 1.500 sinnum meiri mjólkurframleiðsla en ársframleiðslan á Íslandi er! Indland ber raunar höfuð og herðar yfir önnur lönd og er í dag eitt og sér með um 20% allrar mjólkurframleiðslu heimsins!

Mjólk og mjólkurvörur eru einnig afar mikilvægur hluti af mataráði Indverja og því rík hefð fyrir neyslu mjólkurvara í landinu. Þá hefur efnahagur landsmanna vaxið mikið undanfarin ár og alþekkt er samhengi aukinnar neyslu mjólkurvara og aukinna ráðstöfunartekna. Þá þarf því ekki að koma á óvant að mikill vöxtur er í búgreininni á Indlandi og undanfarin ár hefur framleiðslan vaxið jafnt ár frá ári, bæði frá bendum með mjólkurkýr en einnig bendum sem búa með vatnabuffalóa, en mjólk þeirra er ekki síður vinsæl á Indlandi.



Það þarf ekki alltaf mikla tækni til þess að flytja mjólk á Indlandi.

## Útflutningur hafinn

Nú er svo komið að landið er þegar orðið nokkuð stór útflutnjandi á mjólkurvörum en ekki eru nema fáir áratugir síðan landið var háð innflutningi mjólkurvara. Útflutningurinn er þó enn fyrst og fremst í formi hráefna fyrir afurðavinnslur og því algengast að útflutningurinn sé í formi mjólkurdufts í stórum sekkjum eða smjörs og osts í stórum einingum. Útflutningurinn er s.s. enn fyrst og fremst sveiflustjörnun á heimamarkaði en talið er að fyrirtækin á Indlandi, sem ekki hafa haslað sér völl með eigin vörumerki að nokkrum ráði á erlendum mörkuðum, muni gera það í ríkara mæli á komandi árum.

## 80 milljónir kúabúa!

Í dag er talið að á Indlandi séu um 80 milljónir kúabúa, flest með 2–3 gripi en svo eru til kúabú á Indlandi sem eru með þúsundir kúa. Það sem er í raun fróðlegt og merkilegt við indverska mjólkurframleiðslu er að stór hluti hennar er í raun aukabúgrein, ef þannig matti að orði komast, þ.e. salan á mjólk til afurðastöðva er ekki aðaltilgangur kúabúanna. Þannig er stór hluti mjólkurinnar notaður heima fyrir og það sem ekki er notað þar er þá selt. Umframmagnið, sem stundum er ekki nema örfair lítrar í mál, er þá sent á næsta söfnunarstað mjólkur. Þá eru mörg búanna ekki að leggja inn mjólk daglega, enda fer það eftir þörfinni heima fyrir.

Sem dæmi má nefna að eitt samvinnufélag kvenna á Indlandi, sem kallast Sundarini, er með daglega framleiðslu upp á um 2.000 lítra mjólkur en í samvinnufélaginu eru 4.500 konur. Meðalinnleggið er því innan við hálfur lítri að jafnaði á dag svo það segir sig sjálft að suma daga eru þessar konur ekki að leggja mjólkina inn heldur nýta hana heima. Þar sem mjólkurmagnið er lítið er væntanlega ekki sérlega

hagkvæmt fyrir þessa bændur að kosta miklu til að fara með mjólkina á söfnunarstað mjólkur. Því er það svo að ef bændurnir búa skammt frá fara þeir sjálfir með mjólkina beint, t.d. á hjólum eða skellinöðrum, en ef um lengri veg er að fara eru það oftast verktagar á skellinöðrum sem sjá um að safna saman mjólk frá nokkrum bendum og keyra með á söfnunarstað mjólkur.

Í öðrum tilvikum, þar sem bændurnir eru mögulega með nokkrar kýr og því meiri framleiðslu á mjólk, er mjólkinni safnað af afurðafélögnum sjálfu og er það oftast gert með pallbílum sem geta borið 15–20 mjólkurbrúsa.

Pau bú sem eru svo enn stærri en þetta, þá með einhverja tugi, hundruð eða þúsundir kúa, eru svo þjónustuð af hefðbundnum tankbílum sem sækja mjólkina á búin. Í þessum tilvikum eru búin oftast einnig með eigin mjólkurkæla.

## Einföld mjólkursöfnun

Langstærsti hluti mjólkurinnar á Indlandi er enn vegginn inn í afurðastöðvar, sem oft eru samvinnufélg en þó ekki alltaf, með frekar einföldum haetti. Bóndinn setur mjólkina í mjólkurbrúsa og sendir í næstu söfnunarstað mjólkur. Þar er mjólkinn, sem er ókeld á þessum tímapunkti, gæðametin. Þetta ferli tekur um eina mínuð og ef mjólkinn stenst allar helstu lágmarkskráförfur er brúsinn tæmdur í stórt ker. Þar er hún vegin og magnið skráð og síðan er henni dælt yfir í mjólkurtankum sem kælir mjólkina niður. Þaðan fer hin kælda mjólk svo með tankbíl í næstu afurðastöð. Frá stærri búum, sem þá eru sjálf með mjólkurtanka, sækja afurðastöðvarnar mjólkina á eins til tveggja daga fresti.

## Alþjóðlegu fyrirtækin mætt

Samhlíða örur vexti mjólkurvörumarkaðarins á Indlandi hefur áhugi

## Hlítt í vetur

**Denver hly vetrar úlpa**  
Kr. 18.900

## Frí sending

**Olympia Merino ullarbólur**  
Kr. 7.890

**Rafhitað vesti padded karla og kven snið**  
Kr. 21.790

**Rafhitað vesti padded karla og kven snið**  
Kr. 28.900

**Vesturröst**

Sérvíslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - [www.vesturrost.is](http://www.vesturrost.is)

hinna stóru alþjóðlegu fyrirtækja í mjólkuriðnaði á landinu vaxið einnig sem skiljanlegt er, enda ef þau stefna á vöxt þá er erfitt að sjá hann gerast í Evrópu eða Norður-Ameríku nema að litlu leyti. Þessi fyrirtæki horfa því nú orðið til bæði Afríku og Asíu í þessum tilgangi og hafa nánast öll stærstu fyrirtæki heims nú komið sér fyrir á indverska markaðinum með eigin framleiðslu og/eða eru í samstarfi við heimamenn um sölu. En það eru fleiri sem sjá tækifærin á Indlandi og eru ný merki og nýjar vörur að skjóta upp kollinum reglulega á markaðinum.

#### Ríkisstjórnin styður uppbýgginguna

Þessi öra þróun mjólkurframleiðslu á Indlandi á sér margvíslegar skýringar en margin, sem e.t.v. minna þekkja til landsins og landbúnaðarins, halda að skýringin á þessu sé fyrst og fremst trúarlegs eðlis, þ.e. að kýr séu heilagar og því fjölgji þeim svo örт. Það er þó hreint ekki meginþýringin, heldur sú staðreynd að efnahagur landsins hefur batnað mikið og samhliða



Algeng aðferð við söfnun mjólkur á Indlandi þar sem bændur koma með mjólkurbrúsa á söfnunarstað.

Myndir / Snorri Sigurðsson

hefur kaupmáttur aukist verulega eins og áður segir. Þá hefur það verið á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að bæta næringarástand íbúa landsins og því hefur það verið markmið hennar að íbúa landsins, allir 1,5 milljarðar að tölu, eigi að geta notið mjólkurvara með einum eða öðrum hætti þrístar á dag! Til þess að tryggja þetta næringarmarkmið hefur ríkisstjórnin sett á fót öflugt stuðningskerfi og stutt þannig dyggilega við uppbýggingu mjólkurframleiðslunnar í landinu.

Aldrei fyrr hefur t.d. verið jafnmiklum fjármunum hins opinbera á Indlandi varið til uppbýggingar mjólkurframleiðslu landsins og felast styrkirnir m.a. í því að auðvelda bændum að kaupa kýr og að fá tæknilega aðstoð eða rádgjöf. Þá hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir eflingu mjólkursöfnunar og -vinnslu með beininum stuðningi við afurðastöðvar, sem og stutt við markaðsmál greinarinnar og gæðaeftirlit og einnig gert töluvert til þess að tryggja gott aðgengi að föðri, erfðaefni og dýralæknajónustu. Fá lönd í heiminum í dag virðast vera með viðlíka viðtækt stuðningskerfi. ■

## CAT GC neyðarraffstöðvar 33 kVA - 1500 kVA



#### Hannaðar til að draga úr kostnaði og hámarka afköst

CAT GC neyðarraffstöðvar skila hinum þekktu afköstum CAT á meðan þær draga úr uppsetningar-, flutnings- og rekstrarkostnaði. Þær tryggja hagkvæmni og skilvirkni fyrir þig og þinn rekstur.

- |                              |                                 |
|------------------------------|---------------------------------|
| — Hleðslutæki                | — Eldsneytistankur              |
| — Vatnshitari                | — Sjálfvirk                     |
| — Hljóðeinangrun / veðurhlíf | — CAT RAM fjargæsla / fjarstart |
| — GCCP mælaborð              | — Stuttur afgreiðslutími        |

Hafðu samband við **Sigurð Vilhjálmsson**, sölustjóra, í **590 5126** eða [sv@klettur.is](mailto:sv@klettur.is), fyrir nánari upplýsingar.



REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000  
[www.samhentir.is](http://www.samhentir.is) [sala@samhentir.is](mailto:sala@samhentir.is)

Allt frá  
fræjum til  
afurða



**Samhentir**

# Holdafar íslenskra mjólkurkúa

Geta mjólkurkúa til að safna holdaforða og nýta hann er mikilvægur eiginleiki og þá sérstaklega til að standa undir mjólkurframleiðslu á fyrstu vikum mjaltaskeiðsins.



Of mikill eða of líttill holdaforði getur hins vegar valdið vanda málum tengdum mjólkurlagni, frjósemi og heilsu. Holdafar mjólkurkúa er almennt metið

með sjónrænni stigun, holdastigun, sem gefur kum einkunn eftir holdafari frá 1–5. Kýr sem fá einkunnina 1 hafa engan fituþorða, kýr sem fá einkunnina 3 eru meðalfeitar og kýr sem fá einkunnina 5 eru akfear.

Holdafar íslenskra mjólkurkúa hafði ekki verið sérstaklega rannsakað og flestar innlendar ráðleggingar í þeim efnun eru byggðar á erlendum rannsóknunum. Þetta varð kveikjan að því að ráðist var í rannsókn með það að markmiði að meta holdafar íslenskra mjólkurkúa og áhrif þess á afurðir, frjósemi og heilsufar. Verkefnið var meistaraverkefni Jóhannesar Kristjánssonar við LbhÍ, leiðbeinendur voru Jóhannes Sveinbjörnsson og Berglind Ósk Óðinsdóttir. Á árunum 2021–2022 var framkvæmd gagnasöfnun á 7 kúabúum í þessum tilgangi. Tvö þeirra voru á Suðurlandi, tvö á Vesturlandi og þrjú á Norðvesturlandi.

Öll búin voru lausagöngufjós með mjaltapjóni og svipuðu gjafafyrirkomulagi. Gagnasöfnun fór þannig fram að kýr og kvígr komnar að burði voru holdastigaðar með um mánaðar millibili yfir um 12 mánaða tímabil. Samhliða var gögnum um afurðir, heilsufar og frjósemi safnað ásamt lífþunga á fjórum búum. Yfir tímabilið söfnuðust 7.762 holdastigsmælingar á 906 gripum. Við uppgjör gagnanna var kúnun skipt í þrjá hópa eftir því á hvaða mjaltaskeiði þær voru: (fyrsta), 2. (ðöru) og 3. (þriðja eða hærra).



Markmið rannsóknarinnar var að meta holdafar íslenskra mjólkurkúa og áhrif þess á afurðir, frjósemi og heilsufar.


Mynd /ghp

## Þróun holdastigs

Meðalholdastig íslenskra mjólkurkúa í þessari rannsókn reyndist 3,37. Kýr á 2. mjaltaskeiði reyndust holdryrari að meðaltali (3,33) en kýr á 1. mjaltaskeiði (3,38) og kýr á 3.+ mjaltaskeiði (3,39). Holdmestar eru kýrnar á geldstöðu, um 3,5 og holdafar hélt almennt nokkuð stöðugt á þeim tíma. Eins og sjá má á Mynd 1 þá nýta kýr hold hratt á fyrstu dögum eftir burð. Kýr á 1. mjaltaskeiði misstu 0,38 holdastig að meðaltali og náðu lágmarki á 3. viku eftir burð en eldri kýrnar misstu mun meira, 0,61 mjaltaskeið og stóð holdatapíð fram að 6. viku eftir burð að meðaltali.

Í rannsókninni var nokkur munur á þróun holdastigs milli mjaltaskeiða. Kýr á 1. og 3.+ mjaltaskeiði bættu á sig svipuðum holdum á 300 daga mjaltaskeiði og þær misstu í byrjun


þess. Það er þó tilhneiting hjá kum á 3.+ mjaltaskeiði að bæta meira á sig en þær misstu, sérstaklega ef mjaltaskeiðið var lengra en 300 dagar. Kýr á 2. mjaltaskeiði náðu að meðaltali ekki að bæta upp það holdatap sem varð í byrjun mjaltaskeiðs á 300 dögum en möguleg skýring á því eru auknar fóðurþarfir vegna vaxtar sem mögulega er ekki tekið tillit til í kjarnfóðurþörf. Kýr á 2. mjaltaskeiði reyndust í rannsókninni umtalsvert léttari (491 kg) en eldri kýr (528 kg) og því má áætla að átgeta þeirra sé minni og að þær nýti hluta fóðurorkunnar í vöxt. Þetta gefur til kynna að kjarnfóðurþörf kúa á 2. mjaltaskeiði sé önnur en eldri gripa og ágðið gæti fengist af því að hafa sérstaka fóðurtöflu fyrir þær í mjaltapjónafjósnum. Af sömu ástæðu má áætla að kjarnfóðurþörf eldri kúa sé þá ógn of metin sem veldur hættu að gripir fitni um of á mjaltaskeiðinu.



Mynd 1. Þróun holdastigs eftir burð hjá kum á 1., 2. og 3.+ mjaltaskeiði.



Mynd 2. Líkur á sjúkdómum á mjaltaskeiði skipt eftir holdastigi fyrir burð. Mismunandi bókstafir tákna að marktækur munur ( $P<0,05$ ) er á milli hópa.



Mynd 3. Áhrif holdataps eftir burð á dagsnyt kg/dag. Mismunandi bókstafir tákna að marktækur munur ( $P<0,05$ ) er á milli hópa.

# SNJÓKEÐJUR Í MIKLU ÚRVALI

862 4046  
skralli@skralli.is

Lilleseth Kjetting

Norsk framleiðsla í 75 ár

SKRALLI

Í rannsókninni kom síðan skyrt fram að hold fyrir burð hefur mikil áhrif á holdatap eftir burð. Holdmiklar kýr fyrir burð misstu marktækt meiri hold en holdminnsta kýr. Holdminnsta kýrnar fyrir burð ( $\leq 2,5$ ) bættu lítillega á sig holdum, um 0,05 HS, en til samanburðar tapaði holdmesti hópurinn fyrir burð ( $\geq 4,0$  HS) að meðaltali 0,76 holdastigum eftir burð.

Lítill munur reyndist á meðalholdastigi (3,41–3,55) milli flestra búanna en tvö þeirra voru þó með marktækt lægri meðalholdastig hjáðar, eða 3,18 og 3,00. Á öllum búnum

var mikill einstaklingsbreytileiki innan hjáða og mátti finna bæði feitar kýr og grannar kýr.

## Holdafar hafði áhrif á sjúkdóma og frjósemi

Holdafar á mjaltaskeiði var borðið saman við sjúkdómaskráningu búanna samkvæmt skyrsluhaldskerfinu Huppu. Helsta niðurstaða þess var að kýr sem holdastigudust 3,75 eða meira 0–30 dögum fyrir burð voru mun líklegi til að greinast með sjúkdóma eftir burð í samanburði við kýr sem

holdastiguðust 3,25–3,5 fyrir burð (sjá Mynd 2.). Þessi áhrif reyndust línuleg og því meiri líkur á sjúkdómum eftir því sem kýrnar voru feitari fyrir burð. Benda má að júgurbólga var 56% af skráðum sjúkdomatfellum í rannsókninni. Mikilvægt virðist því vera upp á heilbrigði mjólkurkúa að koma í veg fyrir að kýr fitni um of á mjaltaskeiðinu. Æskilegt er að fylgjast vel með holdum kúa og draga úr kjarmföðurgjöf til holdmeiri kúa.

Tengsl fundust á milli frjósemit og holdafars íslenskra mjólkurkúa í rannsókninni. Dagar frá burði að fyrstu sæðingu reyndust vera fleiri hjá þeim kum sem upplifdu meira holdatap í upphafi mjaltaskeiðsins, eða um 8,6 dagar á hvert HS sem tapaðist eftir burð. Kýr sem missa mikil hold eftir burð eru því líklegri til að upplifa skerta frjósemi. Líkleg orsakatengsl eru að orkuskortur og neikvætt orkujafnvægi seinki fyrsta egglosi eftir burð. Holdastig fyrir burð hafði ekki marktæk áhrif á daga frá burði að fyrstu sæðingu. Engin marktæk tengsl fundust á milli fjölda sæðinga og holdafars í rannsókninni.

#### **Sterk tengsl við mjólkurlagni**

Sterk tengsl reyndust vera á milli holdataps og mjólkurframleiðslu hjá íslenskum kum. Holdatap eftir burð hafði jákvæð tengsl við mjólkurframleiðslu á öllum tímabilum mjaltaskeiðsins, þ.e. frá degi 10–300 frá burði. Ólikt því sem vænta mátti voru áhrifin ekki mest á því tímabili þegar mesta holdatapið á sér stað heldur seimna á mjaltaskeiðinu. Það er því ljóst að grannar kýr hafa takmarkaðan holdaforð til að ganga á sem er líklegt til að takmarka mjólkurframleiðslu. Á Mynd 3 má sjá að kýr sem missa  $\leq 0,25$  holdastig eftir burð mjólkur marktækt minna en kýr sem missa  $\geq 1$  holdastig eftir burð á öllum tímabilum mjaltaskeiðsins. Línuleg tengsl voru á milli holdaforða fyrir burð og holdataps eftir burð og því ljóst að mikill holdaforði fyrir burð virðist forsenda mikils holdataps eftir burð.

#### **Lokaorð**

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar skiptir holdafar töluverðu máli fyrir afurðir og heilsufar íslenskra mjólkurkúu. Æskilegt holdastig íslenskra mjólkurkúu fyrir burð liggur á bilinu 3,25–3,5. Þetta er það holdastig sem stefna ætti á að kýr séu í við byrjun geldstöðu og haldist stöðugar fram að burði. Eftir burð er eðlilegt að kýr falli í holdastigi niður í 2,5–3,0 á fyrstu 60 vikunum eftir burð en ættu svo rólega að safna holdum á mjaltaskeiðinu til að ná holdastigini 3,25–3,5 við byrjun geldstöðu. Einungis 47% kúu í rannsókninni voru innan þessara marka á geldstöðunni sem getur varla talist gott. Mun algengara var að kýr væru of feitar en um 17% kúu holdastiguðust 4,0 eða meira við burð, sem eykur þá verulega líkur á sjúkdómum. Betri árangur væri æskilegur í þessum efnunum. Íslenskar kýr eru býsna breytilegar t.d. hvað varðar stærð, átgetu og afurðir. Því virðist vera nauðsynlegt að stýra fóðrun betur á einstaklingsgrunni til að árangur verði sem bestur og koma í veg fyrir að kýr fitni um of fyrir burð. Reglugleg holdastigun væri þar lykilþáttur í að stýra kjarnföðurgjöf á þann hátt að holdasöfnun verði passleg. Erlendis þekkist að sérhæfðir ráðgjafar bjóði upp á slika þjónustu fyrir bændur og mögulega væru viðskiptatekifæri í því hérlandis. Einnig geta bændur vel framkvæmt holdastigun á eigin búum með smá æfingu og góðum leiðbeiningum. Samhliða rannsókninni voru útbúnar leiðbeiningar á íslensku fyrir holdastigun ætlaðar fyrir íslenskar kýr. Þær má finna ásamt nánari upplýsingar um rannsóknina í meistararitgerð Jóhannesar Kristjánssonar, *Holdafar íslenskra mjólkurkúu. Áhrif á afurðir, heilsufar og frjósemi*, sem finna má inn á skemman.is.

Höfundur er aðjunkt við Landbúnaðarháskóla Íslands.



Hvatningarverðlaun skógræktar 2025:

## Tilnefningar óskast

Hvatningarverðlaun skógræktar verða veitt öðru sinni á alþjóðlegum degi skóga 21. mars næstkomandi. Verðlaunin eru veitt árlega til að hvetja til dáða einstaklinga, hópa, fyrirtæki, félög eða stofnanir sem vinna óeigingjart starf í þágu skógræktar á Íslandi.

Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands.

Tilnefningafrestur er til 14. febrúar. Tilnefningu má fylla út á vef Skógræktarfélags Íslands:

[skog.is/hvatningarverdlaun-skograektar](http://skog.is/hvatningarverdlaun-skograektar)

Ef þú þekkir einhvern eða einhverja sem eru að gera virkilega góða hluti innan skógræktar og eiga hvatningu skilið – endilega sendu inn tilnefningu!



## Segway Snarler AT5L fjórhjól Frábær reynsla í sveitum landsins!

- 500cc fjórgengismotor, 39 hestöfl
- 25x8-12 framan 25x10-12 aftan
- Diskabremsur framan og aftan
- Mismunadrif framan og aftan
- Sjálfstæð fjöðrun allan hringinn
- Spil að framan og dráttarkúla
- Götuskráð (T3b dráttarvél)
- Tveggja manna skráning
- Handahlífar og sætisbak
- Tenging við app í síma

**1.449.000 með vsk.**

**1.168.548 + vsk.**



# DOK-tilraun

– Tilraunaskipulag og niðurstöður um uppskeru – 1. hluti

Höfundur þessara greinar hefur nefnt DOK-tilraun áður í grein sinni. Hér verður kynnt þessi fræga DOK-tilraun, sem leikur stórt frumkvöðlahlutverk í lífrænum landbúnaði í öðrum löndum í Evrópu.



Mög mál eins og loftslagsbreytingar og loftslagsaðlögun, tap á líffræðilegum fjölbreytileika, fjölgun jarðarbúa og skortur á hráefni krefjast nú meira en nokku sinni fyrr vísendalegrar skoðunar á því hvernig við framleiðum mat og fóður. Ymsar mismunandi ræktunaraðferðir / landbúnaðarkerfi eru notaðar um allan heim til landbúnaðarframleiðslu matvæla og fóðurs og fjallað er um kosti og galla lífrænna og hefðbundinna ræktunaraðferða. Eftir að ræktunaraðferðum hefur verið breytt (t.d. úr hefðbundnu í lífrænnar ræktun) verða ýmis áhrif aðeins sýnileg yfir lengri tíma. Ein af ástæðunum fyrir þessu er að umbreytingarferli í jarðvegi, svo sem uppsöfnun stöðugra lífrænna efna, fer aðeins hægar fram.

DOK-tilraunin hefur staðið yfir í Sviss síðan 1978 (mynd 1). DOK stendur fyrir „biodynamic“ (BIODYN; lífaflsræktun / lífefld ræktun), „bio-organic“ (BIOORG; lífræn / líffræðileg ræktun), og „conventional farming systems with farm yard manure“ (CONFYM; hefðbundin ræktun með búfjáráburði). DOK-tilraun líkir eftir kerfum með ræktun á ökrum og búfjárárækt. Farið er eftir reglugerð í lífrænni ræktun í BIODYN og BIOORG og að auki eru notuð lífræn efni („biodynamic preparations“) og farið eftir stjórnúmeringu í ræktun í BIODYN, þar sem þetta lífræna landbúnaðarkerfi er með andleg tengsl við mannspeki („anthroposophy“).

Þar sem DOK-tilraunin hefur borið saman framleiðslukerfi landbúnaðar í meira en 40 ár hefur þannig skapast vísendalegur grunnur fyrir umdeilda umræðu um tækifæri lífrænnar ræktunar. Þessi langtímatilraun er því ómetanleg til að bera saman landbúnaðarkerfi sín á milli. Bændur í lífrænum búskap tóku strax þátt á skipulagsstigi, en sérstaklega meðan á framkvæmd tilraunarnarinnar stóð, til að tryggja hagnýt gildi. Niðurstöður úr tilrauninni verða gerðar aðgengilegar bændum og eru hér með kynntar einnig í Bændablaðinu.



DOK-tilraun. Myndin tekin þann 7. mars 2023 á lífrænni ráðstefnu í Sviss.

Mynd / cs

## Tilraunaskipulag

DOK-tilraunin samanstendur af 96 reitum, hver með 100 fm. Átta mismunandi meðferðir eru með fjórum endurtekningum. Hver meðferð er endurtekin í hverri röð og hverjan dálk í slæmbi-raðaða blokkakerfi. Endurtekningarnar eru nauðsynlegar til að taka tillit til breytileika í jarðvegssamsetningu og efnafraði og til að fá marktækjar niðurstöður. Þrjár mismunandi plöntutegundir eru ræktaðar í hverri blokk sem skipt er um árlega sem hluti af sjó ára sáðskiptum.

## Meðferðir

Hver blokk inniheldur tvær mismunandi meðferðir:

Blokkr 1: engin áburður (NOFERT) og ræktun eingöngu með hefðbundnum áburði og venjulegu áburðarmagni samkvæmt ráðleggingum rannsóknastofnana og engin búfjáráburður (CONMIN).

Blokkr 2: Lífaflsræktun / lífefld ræktun með minni búfjáráburðarmagni (BIODYN 1) og venjulegu búfjáráburðarmagni (BIODYN 2).

Blokkr 3: Lífræn / líffræðileg ræktun með minni búfjáráburðarmagni (BIOORG 1) og venjulegu búfjáráburðarmagni (BIOORG 2).

Tafla 1: Meðaltal uppskeru af vetrarhveiti.

(Tafla: Fiessbach o.f., 2024, FiBL)

## Minna áburðarmagn(1)

NOFERT BIODYN 1 BIOORG 1 CONFYM 1

t TS/ha	2,51	3,68	3,56	4,71	4,01	3,96	5,05	5,04
1/2	92%	90%	93%	100%	100%	100%	100%	100%
BIO/CON	77%	100%	79%	100%				

## Venjulegt áburðarmagn(2)

BIODYN 2 BIOORG 2 CONFYM 2 CONMIN

t TS/ha	1,87	4,79	6,09	8,87	6,32	7,44	10,61	10,32
1/2	76%	82%	84%	100%	100%	100%	100%	100%
BIO/CON	61%	100%	66%	100%				

Tafla 2: Meðaltal uppskeru af kartöflum.

(Tafla: Fiessbach o.f., 2024, FiBL)

## Minna áburðarmagn(1)

NOFERT BIODYN 1 BIOORG 1 CONFYM 1

t TS/ha	9,74	15,57	15,21	17,15	17,14	16,48	19,31	19,12
1/2	91%	92%	89%	100%	100%	100%	100%	100%
BIO/CON	90%	100%	87%	100%				

## Venjulegt áburðarmagn(2)

BIODYN 2 BIOORG 2 CONFYM 2 CONMIN

t TS/ha	9,74	15,57	15,21	17,15	17,14	16,48	19,31	19,12
1/2	91%	92%	89%	100%	100%	100%	100%	100%
BIO/CON	90%	100%	87%	100%				

Tafla 3: Meðaltal uppskeru af smáragrasi.

(Tafla: Fiessbach o.f., 2024, FiBL)

## Minna áburðarmagn(1)

NOFERT BIODYN 1 BIOORG 1 CONFYM 1

t TS/ha	9,74	15,57	15,21	17,15	17,14	16,48	19,31	19,12
1/2	91%	92%	89%	100%	100%	100%	100%	100%
BIO/CON	90%	100%	87%	100%				

## Venjulegt áburðarmagn(2)

BIODYN 2 BIOORG 2 CONFYM 2 CONMIN

t TS/ha	9,74	15,57	15,21	17,15	17,14	16,48	19,31	19,12
1/2	91%	92%	89%	100%	100%	100%	100%	100%
BIO/CON	90%	100%	87%	100%				

Tafla 4: Meðaltal uppskeru af maís.

(Tafla: Fiessbach o.f., 2024, FiBL)

## Minna áburðarmagn(1)

NOFERT BIODYN 1 BIOORG 1 CONFYM 1

t TS/ha	2,61	2,57	2,67	2,85	2,86	2,84	2,81
1/2	92%	90%	94%	100%	100%	100%	100%
BIO/CON	97%	100%	101%	100%			

## Venjulegt áburðarmagn(2)

BIODYN 2 BIOORG 2 CONFYM 2 CONMIN

t TS/ha	2,61	2,57	2,67	2,85	2,86	2,84	2,81
1/2	92%	90%	94%	100%	100%	100%	100%
BIO/CON	97%	100%	101%	100%			

<tbl\_r cells="9" ix="1" maxcspan

Annars er ræktað grænmeti, korn og soja sem belgjurt. Milliræktun („catch crop“) er ýmist notuð sem grænáburður eða sem fóður. Sáðskipti er miðlun milli mismunandi ræktunarkerfa (BIOORG, BIODYN, CONFYM) og hefur verið aðlagað í gegnum árin til að hámarka notkun á köfnunarefni og minnka áhættu að fá meindýr. Hingað til hafa sex sáðskipti sem voru alltaf sjö ára löng veruð ræktuð, en í hverju sáðskipti hefur verið ræktað kartöflur, vetrarhveiti og smáragras. Sáðskipti sem hafa verið notað síðustu ár (6 sáðskipti) eru: 1. ár más og eftir það milliræktun (grænáburður), 2. ár soja, 3. ár vetrarhveiti og eftir það milliræktun (grænáburður), 4. ár kartöflur, 5. ár vetrarhveiti, 6. ár smáragras og 7. ár smáragras.

#### Niðurstöður

**Minni uppskera og minni gæði er af vetrarhveiti í lífrænni ræktun**

Uppskerumagn af vetrarhveiti var eins á milli meðferða í BIOORG, BIODYN og CONFYM fyrsta árið eftir að tilraunin fór af stað. En síðan 1985 er uppskerumagn af vetrarhveiti um 21% minna í BIOORG og BIODYN ef borið er saman við CONFYM. Með því að ræcta nýrrí yrki hefur uppskera allra meðferða aukist. Á síðstu tveimur sáðskiptitímabilum (2x7 ár) var uppskeran í BIODYN meiri en í BIOORG. Þetta gæti tengst ræktun yrkisins, sem var kynbætt úr BIODYN, sem og aðeins betri jarðvegsgerð og meiri líffræðilegri virkni í BIODYN samanborið við BIOORG. Nmin gildi í BIODYN er alltaf aðeins hærrí á vorin en í BIOORG.

Fyrsta vetrarhveiti í sáðskiptum hefur hagstæðari stöðu en annað vetrarhveiti í sáðskiptum. Á fyrstu fjórum sáðskiptatímabilum naut hann góðs af fyrri uppskeruáhrifum kartöflunnar með eða án grænáburðar. Nálægðin við smáragras hafði líklega einnig jákvæð áhrif á uppskeru fyrsta vetrarhveitisins. Að meðaltali er BIOORG og BIODYN fyrsta vetrarhveiti með 18% og seinni vetrarhveiti með 23% minni kornuppskeru en hinur tvær hefðbundnu meðferðir (CONFYM, CONMIN).

Í meðferð með minna áburðurmagni er uppskeran að meðaltali 8% minni en við hefðbundið áburðurmagn (tafla 1). Í þessu samhengi vekur athygli að þrát fyrir minnkað magn áburðar, næst meiri uppskera í CONFYM 1 en í BIOORG 2 og BIODYN 2 með hefðbundnu magni af áburðargjöf. Þessi niðurstaða er líklega einnig vegna árangursríkari plöntuverndar og N áburðar sem er beint nýtanleg fyrir plöntunar í CONFYM.

Þótt hálmsyttingar hafi verið notaðir í hefðbundnum meðferðum (CONFYM, CONMIN) er stráuppskera í BIOORG og BIODYN 8-10% lægri. Fjöldi kornöxlberandi stöngla á m2 var marktækt meiri í CONFYM 2 (571 kornöxl) en í BIORG 2 (383 kornöxl). Þúsundkornabyngdin í CONMIN er 42 g samanborið við 39 g í BIOORG 2.

Með tilliti til vörugæða skal tekið fram að hrápróteininnihald vetrarhveitis í CONFYM og CONMIN var umtalsvert hærri. Í BIOORG og BIODYN leiddi munurinn á minna áburðarmagni og hefðbundnu áburðarmagni ekki til marktækrar framfarar á hrápróteininnihaldi. Aftur á móti hafði fyrri ræktun marktækt meiri áhrif á vetrarhveitiuppskeru og hrápróteininnihald í BIOORG og BIODYN, en fyrri ræktun hafði engin áhrif í CONFYM og CONMIN.

**Umtalsvert minni uppskera er af kartöflum og skorteinkenni í lífrænni ræktun**

Uppskera á kartöflum í BIOORG 2 var að meðaltali 35% og BIODYN

2 jafnvel 42% lægri en CONFYM 2. Kartöflurnar í BIOORG og BIODYN sýndu oft kalium- og köfnunarefnisskort. Einnig styttist vaxtartími kartöflunnar í BIODYN vegna þess að enginn sveppaeyðir er leyfður í þessari meðferð og plönturnar verða því fyrir ásókn af kartöflumyglu (*Phytophthora infestans*). Forvarnarmeðferðirnar með vörum sem innihalda kopar gefa plöntunum í BIOORG aðeins lengri vaxtartíma en í BIODYN, þar sem kopar er ekki leyfður.

Köfnunarefni í myku er aðeins að hluta til niðurbrjótanlegt á stuttum vaxtartíma í BIOORG og BIODYN og þess vegna veita hefðbundnar aðferðir CONFYM og CONMIN betri nýtingu, þar sem er tafarlaus áhrif af áburðargjöfinni. Í CONFYM 1 er uppskeran einnig meiri en í BIOORG 2 og BIODYN 2 með venjulegu áburðarmagni (tafla 2).

**Líttill munur er á uppskeru af smáragrasi milli lífrænnar og hefðbundinnar ræktunar**

Munur á uppskeru af smáragrasi í lífrænum meðferðum (BIOORG, BIODYN) og hefðbundnum meðferðum (CONFYM, CONMIN) er tiltölulega líttill eða 10-11% (tafla 3). Tiltölulega líttill munur á uppskeru á lífrænum og hefðbundnum meðferðum má skýra með smáranum í blöndum með grasi sem festir meira köfnunarefni úr loftinu með rótabakteríum (niturbindandi gerla) í lífrænum meðferðum.

**Líttill munur er á uppskeru af maís milli lífrænnar og hefðbundinnar ræktunar**

Með venjulegt áburðurmagni var maísuppskeran með lífrænu meðferðunum 11 og 15% minni en í CONFYM 2. Með minna áburðurmagni var munurinn 10% (tafla 4).

Lítill munur á uppskeru af maís í lífrænu meðferðunum samanborið við hefðbundnu meðferðirnar má rekja til þess að maís hefur langan vaxtartíma og getur nýtt köfnunarefni úr jarðvegsforðanum og búfjárburði fram á haust.

**Jafnhá uppskera er af soja milli meðferða**

Vegna samlifs við *Bradyrhizobium japonicum* er soja að mestu sjálfþær hvað varðar köfnunarefni og því hentar það vel í lífrænni ræktun. Köfnunarefnisforði er því ekki takmarkandi þáttur fyrir soja (engin áburður var notaður í tilraun til að ræcta soja), öfgut við aðrar tegundir í sáðskiptum. Auk þess er lítið af meindýrum og sjúkdómum í soja. Sem þessir þættir njóta góðs af, þá nær soja sömu uppskeru í lífrænum meðferðum og í hefðbundnum meðferðum (tafla 5).

#### Samantekt

Í samanburði við hefðbundnar meðferðir náðu lífrænu meðferðirnar minni uppskeru en notuðu minna næringarefni og plöntuvarnarefni. Hja soja var uppskeran jafnhá, þar sem hún er óháð viðbótar köfnunarefni úr jarðvegi.

Hja smáragrasi var aðeins lítillsháttar minnkun á uppskeru í lífrænni meðferð, kartöflur sýndu aftur á móti mjög mikla minnkun. Athylisvert er að með helmingi minna áburðarmagni voru uppskerurnar í hefðbundnu CONFYM meðferð meiri en í lífrænum meðferðum með hefðbundnu áburðarmagni. Þetta er vísbending um að áburður hefur tafarlaus áhrif á uppskeru, sérstaklega fyrir kartöflur og vetrarhveiti.

Fyrri tegundir í ræktun, milliræktun og kynbótaræktun sniðin að lífrænni ræktun geta aukið uppskerumöguleika lífrænnar ræktunar enn frekar.

Höfundur er lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands.



## BÚSTJÓRI HVANNEYARBÚSINS EHF.

Starf bústjóra Hvanneyarbúsins ehf er laust til umsóknar.

Hlutverk Hvanneyarbúsins er búrekstur í þágu kennslu- og rannsóknastarfs Landbúnaðarháskóla Íslands. Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn Lbhí og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgriparsækt, sauðfjárrækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd. Viðkomandi starfsmaður hefur umsjón með rekstri Hvanneyarbúsins. Um fullt starf er að ræða.

#### Helstu verkefni:

- Umsjón með starfsemi og rekstri Hvanneyarbúsins
- Umsjón með ræktunartefnu, lögþundu hjarðskýrsluhaldi og öðru skýrsluhaldi fyrir rannsóknir og kennslu
- Umsjón með aðbúnaði búfjár og viðhaldi á aðstöðu og tækjabúnaði
- Vinna við gegningar, heyskap, jarðrækt og fleira
- Þátttaka í rannsóknum og mælingum
- Móttaka nemandi, kennara og tilfallandi gesta
- Virk þátttaka í uppbyggingu og innleiðingu nýsköpunar í búrekstri sem og önnur störf er tilheyra búrekstri

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Próf í búvísindum eða skyldum greinum
- Stjórnunareynsla og reynsla af rekstri
- Reynsla af nautgriparsækt, sauðfjárrækt og vélavinna
- Önnur iðmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Sjálfstæð, skipulögð og snyrtileg vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnáttu
- Gott vald á talaðri og ritaðri íslensku og ensku

#### Umsóknarfrestur er til 24. janúar 2025

Gert er ráð fyrir að umsækjandi hefji störf eigi síðar en 1. apríl 2025.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

#### Nánar upplýsingar veita:

Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, stjórnarformaður Hvanneyarbúsins, ragnheidur@lbhi.is, s. 433-5000  
Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri Landbúnaðarháskóla Íslands, theodora@lbhi.is, s. 433-5000

Landbúnaðarháskóli Íslands



## Umhverfismat framkvæmda

### Umhverfismatsskýrsla í kynningu

#### Holtavörðuheiðarlína 3

#### í Húnaþingi vestra og Húnabyggð

Landsnet hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats Holtavörðuheiðarlínu 3.

**Kynning á umhverfismatsskýrslu:** Umhverfismatsskýrsla ásamt viðaukum er aðgengileg á skipulagsgátt, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) og á vef Skipulagsstofnunar.

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og veitt umsögn í gegnum skipulagsgátt eigi síðar en 17. febrúar 2025.

#### Vakin er athygli á að opin hús verða haldin:

- 15. janúar kl. 19:30 - 21:00 - Krúttinu Blönduósi.
- 16. janúar kl. 19:30 - 21:00 - Hótel Laugarbakka.
- 21. janúar kl. 19:30 - 21:00 - Hótel Nordica, 2 hæð

# Leshópar – Jafningjafræðsla

Ein yngsta grein landbúnaðar hér á landi er skógrækt. Bændur vitt og breitt um landið, ásamt öðrum eigendum jarða, hafa verið duglegir að hefja skógrækt og eða skjólbeltarækt á jörðum sínum.



Björn Bjarndal Jónsson.

Til að ná árangri í ræktun skóga hafa þeir sótt námskeið, fræðslufundi, fræðst á internetinu, lesið fagbækur og margt annað til að afla sér fróðoleiks. T.a.m. hafa Grænni

skóga-námskeiðin í Garðyrkjkólanum skilað mörg hundruð skógarbændum í gegnum grunnfræðslu um skógrækt.

Fyrir nokkrum árum var átaksverkefni í bændaskógrækt hér á landi (Kraftmeiri skógar) í samstarfi við Svíu og Dani og styrkt af menntaáætlun Evrópusambandsins. Þar var lögð áhersla á að nytjaskógrækt væri eins og hver annar atvinnurekstur sem þarf þekkingu til að ná árangri. Kraftmeiri skógar skilið góðu starfi þar sem áherslan var lögð á aukna þekkingu í skógrækt og umhirðu skóga. Gefin var m.a. út bókin Skógarauðlindin – ræktun, umhirða og nýting, komið var upp fræslustigum í skógum, haldnir voru fræðslufundir um aukna þekkingu innar skógræktar og kennd var jafningjafræðsla í bændaskógrækt svo eitthvað sé nefnt. Það síðastnefnda hugnaðist mörgum skógarbændum vel, þar sem jafningjafræðslan fór fram í leshópum vitt og breitt um landið.

Markmið leshópanna var að gefa skógræktendum tækifara til að hitta kollega sínar regluglegra til að fræðast og fræða um skógrækt eða skjólbeltarækt á jafningajrunni. Gengið var út frá því að hámarksfjöldi í hverjum leshóp væri ekki yfir 12 manns. Tekin voru fyrir ákveðin þema á hverjum leshópsfundum, þar sem þáttakendur voru búin að kynna sér viðkomandi efni og undirbúa sig á annan hátt undir umræður í leshópnum. Hver hópur hittist í þrjú ár, að jafnaði 4 sinnum ári til skiptis heima hjá þáttakendum viðkomandi hóps.

Tilnefndur var hópstjóri fyrir hvern leshóp sem bar að halda utan um stund og stað fyrir fundi hópsins. Hópstjóra var einnig ætlað það hlutverk að gæta þess að allir þáttakendur ættu jafnan kost á því að taka þátt í umræðum á fundum. En fyrst og fremst voru leshóparnir hugsaðir til að skógarbændur hittust og ræddu saman og fræddust þannig hver af öðrum.

Á Suðurlandi hefur verið haldið áfram með leshópa. Sama form er notað og í verkefninu Kraftmeiri



Höfundur er skógarbónið.

## Hugmyndir að lesefni/umræðuefni fyrir leshópa í skógrækt:

1. Hvers vegna ert þú í skógrækt?
2. Hvert var/er markmið þitt með að fara út í skógrækt og hver er framtíðarsýn þín?
3. Hvaða væntingar hefur þú til þíns skógar?
4. Trjátegundir og blöndum trjáa
5. Skógar – lungu jarðar
6. Vöxtur skóga og gæði
7. Erfðaefni nýrra skóga
8. „Sáð til skógar“
9. Landgerðir - grósukuflokkar
10. Undirbúnungur lands
11. Gróðursetning
12. Næringer trjáa og áburður
13. Líffjölbreytni
14. Skaðvaldar og áhættuþættir
15. Gróður og gróðureldar
16. Fjölbreyttar skógarnytjari
17. Umhirða ungskóga
18. Grisjanir og umhirða
19. Áhrif umhirðu á viðargæði
20. Áætlangerð–markviss skógrækt
21. Teinungaskógrækt
22. Skjólbeltarækt
23. Ræktun jólatrjáa
24. Skógrækt er atvinnuvegur
25. Menningarmínjar
26. Félagskerfi skógar eingenda
27. Símenntun í skógrækt



Lögfræðistofa Reykjavíkur

## LÖGMANNSPJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannspjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrótaréttur stjórnsýsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000  
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400

## Pistill formanns



„Án lífsins í sveitunum yrðu bíltúrarnir jafnvel lítil virði,“ segir Trausti í pistli sínum.

Mynd / Myndasafn Bbl

# Ófalin fjársjóður

Falin fjársjóður hefur alla tíð haft mikið aðráttarafl. Ekki bara í ævintýrabókunum fyrir unga krakka heldur líka í raunveruleikanum og þá ekki síst í heimi okkar fullorðna fólkssins. Alls kyns ofurhugar og auðkýfingar leggja á sig mikið erfiði við að finna dýrgripina og oft er miklu til kostað svo ekki sé fastar að orði kveðið.

„Þú bara tekur hann með þér og flettir, skoðar og lest þegar þér hentar. Og í þessu tilfelli er reglan sú að því fleiri sem seilast í sjóðinn því stærri verður hann ...

Bændasamtökini eiga að mínu viti einn svona fjársjóð. Hann er hins vegar langt í frá falinn. Eiginlega eins „ófalin“ eins og frekast er unnt. Hann er alla daga fyrir allra augum og við umgöngumst hann sem álíka sjálfsagðan hlut og mjólkina í búðinni. Munurinn er samt sá að hann kostar ekki krónu. Þú bara tekur hann með þér og flettir, skoðar og lest þegar þér hentar. Og í þessu tilfelli er reglan sú að því fleiri sem seilast í sjóðinn því stærri verður hann. Félagar í Bændasamtökunum fá sinn skerf af verðmætunum heimsendan á hálfsmánaðarfresti og fjölmargir notfæra sér þann lúxus að fá fjársjóðshlutdeild sína í póstkassann gegn póstburðargjaldinu einu saman.

Jú, mikið rétt. Ég er auðvitað að tala um Bændablaðið sem þú, lesandi góður, ert einmitt að glugga í þessa stundina. Tilefni þess að ég geri blaðið að umtalsfæni er að á þessu ári, nánar tiltekið í mars næstkomandi, verða 30 ár liðin frá því Bændasamtökini keyptu nafnið og útgáfuréttinn af ungum bændavinum sem rutt höfðu brautina af miklum hugsjónaeldi um nokkura ára skeið.

Það eru ekki lítil verðmæti í því fólginn fyrir Bændasamtökini að eiga þennan fjársjóð – þetta öfluga málagn gernum sem um þessar mundir kemur út í riflega þrjátíu þúsund eintökum og virðist samkvæmt fjölmíðlakönnunum „etið upp til agna“ ef svo má að orði komast. Að meðaltali eru margir lesendur um hvert tölublað. Blaðið keppir

ég ætla að bæta við þeiri þriðju sem ég er ekki í nokkrum vafa um að á ekki síður rétt á sér. Hún gengur út á það hvað íslenski landbúnaðurinn og um leið íslenskir bændur eiga sterkar rætur í þjóðarsálinni. Til viðbótar kemur svo ást okkar allra á fugurð íslenskrar náttúru. Við breytumst ekki á því að keyra um landið þvert og endilangt og njóta alls þess sem móðir jörð býður okkur upp á af tignarleik sinum.




Trausti Hjálmarsson.

Aksturinn um landið, jafnvel þó hann væri bara á milli stóru túristastaðanna, yrði hins vegar lítil virði ef sveitirnar væru ekki grösugar, búpeningur á beit, bændur og búalið að störfum, mykjulykt í lofti á stöku stað að vori, messur í kirkjunum, fjárrækstur meðfram vegunum og réttir í fréttunum. Án lífsins í sveitunum yrðu bíltúrarnir jafnvel lítil virði eins og hin erfiða fjallganga Tómasar Guðmundssonar hefði orðið ef landslagið hét ekki neitt.

Íslenskur landbúnaður á stórkostleg söknarfæri fram undan. Þau verða eflaust áfram rakin og reiðuð með reglubundnum hætti í þessari gullkistu okkar, málagni íslenskra bænda. Samegildir um mótvindinn sem við glíum svo oft við. Samhlíða styrkleikum okkar og tækifærum eru nefnilega bæði ógvanir og veikleikar sem vinna þarf í. Til alls þess eru orð fyrst. Ég er samanfærður um að blaðið hefur haslað sér þann völl að vera m.a. lesið vandlega af stjórnálmönnum, embættis-mönnum og fjölmíðlafolki. Þess vegna rata efnistökini á stundum með beinum eða óbeinum hætti inn í stærri umræðu.

Það er ekki sjálfgefið að afmælisbarnið, sem vissulega er komið til fulls þroska, haldi þessari sterku stöðu sinni á lesendamarkaðnum um aldur og ævi. Við þurfum að vaka yfir þessum fjársjóði okkar og tryggja það að hann haldi sér síungum og áhugaverðum. Vefur blaðsins, bbl. is, er sömuleiðis orðinn mikilvægur fyrir lestur og umræðu. Hlutur Bændasamtaka Íslands í íslenskri fjölmíðlaflóru er þess vegna bæði stóri og sterkur. Það er mikill fjársjóður.

Trausti Hjálmarsson,  
formaður Bændasamtaka Íslands.



## Merkingar sauðfjár

– Reglurnar sem í gildi eru veturinn 2024–2025

Að gefnu tilefni vill Matvælastofnun veikja athigli á nokkrum atriðum varðandi merkingar sauðfjár.



Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir.

Sauðfjárhólf skal vera merkt með forrentuðu einstaklingsmerki/fullorðinsmerki og liturbess skal vera í samræmi við þá litakerfi sem ákveðið hefur verið fyrir hvert varnarhólf sbr. eftirfarandi kort yfir varnarhólf og litamerkingar sauðfjár.

Bæði lambamerki og fullorðinsmerki eiga að vera í lit viðkomandi varnarhólf. Óheimilt er að bæta merki við í öðrum lit, hvort heldur sem er til hagræðis við sundurdrátt í réttum eða til þess að greina á milli riðarfgerða.

Í samræmi við ofangreint er skyldt að merkja allt sauðfjárhólf með forrentuðu einstaklingsmerki, „fullorðins-merki“ í annað eyrað frá 6 mánaða aldri og skulu litir forrentaðra plötumerkjá í sauðfjárhólfum.

og geitfjárhólf skal vera í samræmi við skráningu Matvælastofnunar í miðlægan gagnagrunn. Ekki er heimilt að vera með merki í báðum eyrum fjárlens sem ekki eru með sama lit.

Sé fyrir hendi sérstök ósk um að geta merkt féð í samræmi við arfgerð riðugensins er leyfilegt að hafa móthak merkisins (festinguna) með þeim lit sem passar við flöggin í Fjárvís, en ekki er leyfilegt að hafa merkin sjálf í þeim lit sem passar við viðkomandi flagg.

Matvælastofnun vill einnig upplýsa um að starfandi er núna starfshópur á vegum matvæla-ráðuneytis, Matvælastofnunar og Bændasamtaka Íslands, sem er að vinna að endurskoðun á reglugerð um merkingar búfjárhólfar. Vilji menn koma sérstökum óskum eða athugasemduum til starfshópsins er best að beina þeim til búgreinadeilda sauðfjár.

Höfundur er sérgreinadýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun.

**SÚLUR**  
STÁLGRINDARHÚS

### ALLT FRÁ FYRSTU HUGMYND AÐ FULLBÚNU HÚSI

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

Súlur  
stálgrindarhús  
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og  
íbúðarverkefni

kristjan@sulurehf.is

www.sulurehf.is


669 0803

### Við þrifum allar stærðir og gerðir af sótsíum



**Vik verkstaedi ehf**

Einhellu 6  
221 Hafnarfirði  
tel. +354 8961083



## Veitulausnir

**MÁLMSTEYPA**  
Þorgríms Jónssonar ehf.

MÍDHRAUNI 6 • 210 GARDABÆR • SÍMI 544 8900

Fiskveiðiráðgjöfin:

# Gervivísindi og fataleysi?


Lengi hef ég fylgst allnáð með þróun málá í fiskveiðum, stjórn þeirra, ráðgjöf vísindamanna, framtöngu stjórnálamanna og hegðan handhafa fiskaundlindarinnar.

Um þetta mætti skrifa langar bækur og framleiða margar Verbúðir. Raunar mætti hugsa sér að vinna sérstaka rannsóknaskýrslu um þessi mállefni svo stórfelld áhrif sem þau hafa haft á þróun íslensks samfélags á síðustu áratugum. Í þessum skrifum er þó einungis fjallað um ráðgjöfina, forsendur hennar og árangur.

## Öldruð tilgátuvísindi

Árið 1957 settu tveir breskir vísindamenn í fiskifræðum, þeir Ray Beverton og Sidney Holt, fram tilgátulíkan (BH-likan) þar sem reynt er að reikna/herma vœantlegan fjölda fiska í tilteknunum árgangi sem fall af fjölda einstaklinga af fyrri kynslóð. Þótt breyttar útgáfur af þessu líkani (sbr. Ricker) hafi verið notaðar í fiskivísindunum síðan er það í meginatriðum notað til að lýsa sambandi nýliðunar og stærðar hrygningarástofns enn þann dag í dag.

A grundvelli þess var síðan innleidd alþjóðleg stefna (unnin af ICES o. fl.) á því hvernig hægt væri að hámarka sjálfbæra afrakstursgetu fiskistofna (Maximum Sustainable Yield, MSY). Þetta BH-likan og ekki síst MSY-likanið hefur á þeim mannsaldri sem liðinn er síðan það var sett fram verið gagnrýnt af mörgum. Athyglisverðasta gagnrýnin á MSY var þó sett fram af S. Holt sjálfum. Taldi hann m.a. að sú forsenda að líffraðileg framleiðni stofnsins réðist eingöngu af stærð hans og héttleika væri röng. Þannig gætu tveir stofnar með nákvæmlega sama fjölda einstaklinga, af sömu stærð og með sama vaxtarhraða skilað mjög mismunandi afrakstri. Orðrétt sagði hann (í lauslegri



Myndin sýnir að undangengin 40 ár er nýliðun þorsks ótengd stærð hrygningarástofns, öfugt við það sem haldið var fram fyrir daga kvótakerfisins. Lita má á þetta sem 40 ára fræðilega eyðimerkurgöngu.

## þýðingu:

.... Pessi stefna (MSY) er fullkomíð dæmi um gervivísindi með lítinn reynslulegan eða traustan fræðilegan grunn. Sem markmið fyrir stjórnun fiskveiða er það ófullnaegjandi og notkun þess eykur líklega óarðsemi, og jafnvel hrún fiskveiða.

## Togararall og stofnmat

Ein mikilvægustu gögnin í öllum stofnstærðarmælingum og útreikningum til ráðgjafar hér á landi er togararallið svokallaða. Frá upphafi þess 1985 hefur það legið undir mikilli gagnrýni skipstjórnarmanna og annarra sjómanna. Flestar þeir sem koma nálægt fiskveiðum vita að það eru minni líkur en meiri að hægt sé að reikna með að finna og veiða sömu fiskitegundina á einum og sama staðnum (í breytilegu veðri og sjávarstraumum) með sama veiðarfæri og á sama tíma ár eftir ár, jafnvel áratugum saman. Skipir þá litlu málí hvort veiðarfærið er troll, dragnót, net, lína eða handfæri.

Þegar kemur að stofnmatinu skiptir líka málí hvaða reikniaðferðum er beitt og hvaða tölfraðilegar forsendur eru notaðar. Þetta kemur skýrt fram í grein eftir Guðmund Guðmundsson tölfraðing (Vísbinding 21. apríl 2023) þar sem breytileikinn í þessu mati getur verið tugir prósenta (hundruð þúsunda tonna). Bendir hann m.a. á að a.m.k. tvær forsendur Hafró í sambandi stofnstærðar og rallvisítölù standist ekki. Þannig sé grunnurinn að öllum útreikningum í besta falli umdeildur en í versta falli fráleitur.

## Sannleikurinn og umræðan

Mér finnst harla ólíklegt að endanlegur vísindalegur sannleikur um samspli, þróun og vöxt fiskistofna hafi verið settur fram í líkani fyrir 67 árum eða hafi fundist með því að toga ár eftir ár með 40 ára gömlu trolli á sama stað og á sama mánaðardegi í tiltekinum fastanum á nokkur hundruð stöðum á miðum umhverfis landið til að búa til gögn inn í umdeild

líkön. Ég veit a.m.k. ekki um neina vísindagrein sem ekki hefur tekið stórfelldum breytingum, jafnvel kollsteypum á þessum tíma. Nægir þar að nefna, hagfræði, næringarfræði og loftslagsfræðin svo fáar óskyldar greinar séu nefndar. Í þessum fræðum og mörgum öðrum eru oft uppi afar ólik sjónarmið og ný þekking og reynsla hefur í mörgum tilvikum breytt astöðu manna, jafnvel í grundvallaraðriðum. Þannig segir Nóbelsverðlaunahafninn í hagfræði, Joseph Stiglitz, að hækkun stýrvaxta sé eins og olia á verðbólubálíð meðan aðrir hagfræðingar halda í 20. aldar skoðanir á þessum málum. Í loftslagsfræðunum er bæði tekist á um faglegar orsakir og aðgerðir. Þar hefur m.a. komið fram að sumir vísindamenn telja að binding koltvísýrings með skógrækt á köldum landsvæðum sé í besta falli gagnlaus og í versta falli auki hún á hlýnum andrúmslofti. Loks hafa menn tekið eftir því að mikill munur getur verið á skoðunum jarðvísindamanna um framtíð eldgosahrinunnar á Reykjanesi. Allt eru þetta dæmi um frjóa fræðilega umræðu og leit að nýri þekkingu. En í fiskveiðiráðgjöfnum virðist bara vera ein óbreytanleg stefna, forsendur og aðferð við gagnaöflun. Gagnrýnin umræða og skoðanaskipti um vísindalega nálgun Hafró hefur sjaldan verið vel tekið. Segja má að hún sé ekki einasta óumbeðin, heldur einnig óvelkomin eins og Tumi Tómasson fiskifræðingur bent í skýrslu sinni um þessi mál frá 2002.

## Nýliðun, hrygningarástofn og náttúrulegur dauði

Um það leyti sem kvótakerfið var sett á fyrir um 40 árum var aðaláherslan hjá Hafró á mikilvægi þess að byggja upp hrygningarástofn þorsks til að nýliðun batnaði og veiðin gæti vaxið jafnvel upp í 400–500 þúsund tonn á ári. Á árunum 1983–84 kom fram góð nýliðun þrátt fyrir fremur líttin hrygningarástofn. Hins vegar hefur engin öflug nýliðun orðið síðan (verið að jafnaði um 135 milljón fiskar á ári, eða um 60% af því sem hún hafði verið að jafnaði í áratugi áður). Og þrátt fyrir mjög sterkan hrygningarástofn fyrir fáum árum (þann stærsta í 60 ár) batnaði nýliðun ekkert. Þessi staðreynnd, sem stríðir gegn kenningum ICES-vísindamannana og veldur ráðþrotri og skilningsleysi þeirra, hefur hins vegar að því er virðist í engu breytt hugsanagangi fiskifræðinga, gagnaöflun, útreikningum eða veiðiráðgjöf.

Fyrir meira en 60 árum gerði Jón Jónsson fiskifræðingur athugun á náttúrulegum dauða í eldri

borski. Samkvæmt henni var þessi dauði talinn vera um 18% á ári. Síðan hefur að sögn engin tilraun verið gerð hér á landi til að skoða breytileika í þessari mikilvægu stærð. Þess vegna segir í öllum þeim ráðgefandi skýrslum frá Hafró sem ég hef lesið að þessi stærð sé ekki þekkt en hún sett í útreikningunum 0.2 (18%) í öllum árgögum og í öllu árferði í hafinu og raunar hjá öllum nytjategundum. Allt saman óháð æti, stærð spendýrstofnanna í hafinu (sem sagðir eru um þessar mundir éta 13–14 milljónir tonna á ári), samsplili og stærðarsamsetningu stofna, umhverfisþáttum o.fl.

## Forsendur kvótasetningar

Þegar kvótasetning á þorsk var innleidd gáfu menn sér nokkrar forsendur. Ein sú mikilvægasta var að hér væri í meginatriðum einn þorskstofn við landið. Önnur forsenda var sú að við allar aðstæður í hafi og lífríki þess væri hagstætt að friða og geyma fisk til þess að hann gæti vaxið og gefið meira af sér þegar hann yrði eldri. Þriðja forsendan var sú að með því að takmarka veiðar sem mest myndi hrygningarástofninn vaxa og veiðistofninn sömuleiðis í framhaldi af þessu. Engin af þessum forsendum hefur staðist tímans tönn.

Umhverfis landið er nú þekktur fjöldinn allur af „staðbundnum þorskstofnum“ og m.a.s. er stóri stofninn við Suðvesturland fjarri því að vera einsleitur; sennilega samsettur úr mörgum undirstofnum. Hugmyndir um að hægt væri að kaupa/leigja kvóta á Raufarhöfn og veiða hann síðan á miðum við Sandgerði eða Suðureyri stangast því algerlega á við raunveruleikann. Svipað má segja með stærðarþróun hrygningarástofns og veiðistofns. Það sem flestir sjómanni sjá nái sem eina árangur af þessari stefna er, að nú veiðist miklu meira af stórforski (sem þarf miklu meira æti en sá minni) en áður og að seiði og smáfiskur (ekki síst þorskur) er umtalsverður hluti af fæðu golþorskanna.

## Aflaregla

Annað fyrirbæri sem meðal sjómanna er mjög gagnrýnt er svokölluð aflaregla. Tillögur um hana komu fyrst fram 1992. Voru þær unnar af nefnd sem samansett var af tveimur fulltrúum LÍÚ (SFS), premur hagfræðingum, einum tölfraðingi og forstjóra Hafró. Þótt ég beri mikla virðingu fyrir þessum mónum, einkum þeim síðastnefnda, er ég viss um að ekki komu mikil náttúrufraði, umhverfisþáttir eða lífvisindi inn í vinnu þessarar nefndar.

Í skýrslu hennar, *Hagkvæm nýting fiskistofna*, sem kom út 1994 eru stórbrötur útreikningar sem byggðust á því að innleidd yrði aflaregla upp á 22%, sem var tillaga nefndarinnar. Hins vegar ákváðu stjórnvöld að aflareglan yrði 25% og þannig var hún í um áratug. Við lestu þessarar skýrslu og þekkjandi þróunina síðan velti ég ítrekað fyrir mér áreiðanleika þeirra aðferða, líkanrekninga og spáðoma sem þarna voru gerðir. Þar segir m.a.:

- *Helstu niðurstöður hermi-reikninga miðað við 175 þúsund tonna upphafsafla voru þær að miklar líkur veru að hægt yrði að byggja hrygningarástofninn upp í 700–800 þúsund tonn og veiðistofninn í 1.400–1.600 þúsund tonn. Í jafnvægi gæti árlegur afrakstur sliks þorskstofns verið um 350 þúsund tonn.*

- *Gera má ráð fyrir að 13 ár (þ.e. 2007) liði þar til þorskafli fer yfir 300.000 tonn, en það getur þó gerst fyrir. T.d. eru 7% líkur á því að það gerist árið 2002 eða fyrir en 15% líkur á að það gerist ekki fyrir en árið 2014 eða síðar.*


**VARAHLUTIR Í KERRUR**

**Bílabúðin**  
**Stál og stansar**

**KNOTT**  
**AL-KO**  
QUALITY FOR LIFE  
**DEXTER**

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | [stalogstansar.is](http://stalogstansar.is)

**Framtíðarár 2012-2023**



Myndin sýnir þorskafla á Íslandsmiðum síðustu 80 árin. Eins og sjá má er meðalaflinn síðustu 40 árin rétt rúmlega helmingur þess sem veiddist að jafnaði 40 árin þar á undan eða frá 1944–1983. „Vituð þér enn eða hvað?“ (Völuspá).

- Porskafla leitar jafnvægis við 330.000 tonn með beiingu reglunar. Veruleg frávik geta þó orðið á þessu eins og sést á dreisíngu meðalafla yfir síðustu 7 ár hvers tímabils.

- Gangi eftling þorskstofnsins eftir mun það minnka afkastagetu loðnustofns og rekkjustofns. Þannig má gera ráð fyrir að langtímaðalal loðnuðafla verði um 500.000 tonn á ári og rækjuða um 30.000 tonn á ári. Veruleg frávik geta þó orðið frá þessu líkt og með þorskstofnnum. Þessi frávik ganga hins vegar að jafnaði í öfuga át við frávik þorskafla frá langtímaðalaltali.

Hér má nefna að þorskafli var á þessum árum (1993–1995) í kringum 175.000 tonn (innan við helmingur þess sem hafði verið að jafnaði í um 50 ár þar á undan). Þá er rétt að nefna að meðalloðnaufli hefur síðustu 15 árin verið rúmlega 300.000 tonn á ári með fjögur loðnuleysisár. Rækjuráðgjöfin er um þessar mundir 4.000–5.000 tonn á ári (sem alls ekki næst að veiða) og vart hefur veiðst nokkur rækja inni á fjörðum eða flóum síðustu 20 árin. Mest allt var hrundið á þeim slóðum innan áratugs frá því að skýrlan 1994 kom út, þrátt fyrir að ráðgjöf væri fylgt.

I mars 2001 var sami hópur auk forseta Sjómánnasambands Íslands fenginn til að leggja mat á árangur af notkun aflareglunnar. Skilaði hópurinn niðurstöðum 2004 í skýrslu: *Aflareglar fyrir þorskveiðar á Íslands miðum*. Skemmt er frá því að segja að árangur af upptök aflareglunnar var af nefndinni talinn umtalsverður þótt gera mætti enn betur með því að nota 22% regluna. Þarna voru menn að leggja mat á ca 10 ára gamla eigin vinnu sína.

Arið 2007 kom út enn ein skýrlan um þessi mál undir nafninu *þjódhagsleg áhrif aflareglu*. Þar er enn frekari hagræðilegum líkanreikningum bætt ofan á þá útreikninga og spádóma sem settir höfðu verið fram í fyrrí líkanreikningum um þróun þorskstofnsins og hagkvæmni veiða úr honum. Þar eru m.a. bornar saman „gildandi aflareglar“, „meðalhófsaflareglar“ og „hagkvæm aflareglar“ en sú síðastnefnda gerði ráð fyrir að enginn þorskur yrði veiddur á

Íslands miðum í nokkur ár. Sama ár kom fram í útreikningum Hafró að stærð veiðistofns þorsks væri 649 þús. tonn (það varntar ekki nákvæmna!) og hrygningarstofn 182 þús. tonn, báðar stærðir í sögulegu lágmarki og sama mætti segja um meðalþyngd allra aldursþópa í stofnunum. Því lagði stofnunin til að leyfilegur heilda raffli á fiskveiðíarinnu 2007/2008 yrði 130 þús tonn og að aflareglan yrði 20%. Þannig var árangurinn eftir meira en áratugs langa notkun á aflareglu!

Það þarf mun meiri kunnáttu í stærðfræði og tölfraði en ég bý yfir til að halda skýrum þraði í þessum skýrslum. Raunar hef ég engan hitt (þeir hljóta þó að vera þó nokkrir) sem hefur lesið fyrnfndar skýrslur og enginn skipstjórnarmaður sem ég hef rætt við hefur náð að botna í því hvernig helstu niðurstöður um ágæti aflareglunnar eru fengnar. Fróðlegt væri einnig að vita hversu margir þingmenn, ráðherrar og aðrir sem hafa þurft að taka ákvárdanir á grundvelli skýrslannar hafa lesið þær og skilið. Sama gildir með flest fjlölmíðafólk sem nánast aðreið fíjallar númeri að ráðgjöfum.

#### Fataleysi í fiskveiðiráðgjöf

Ég hef ádur sagt í skrifum mínum um þessi mál að á þeim síðustu 12 árum sem ég hef tengst fiskveiðum, hef ég enn ekki hitt skipstjórnarmenn eða sjómenn almennt sem hafa tiltrú á veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Raunar er afstaða sjómanna til hennar þannig að hún minnir einna helst á þekkt ævintýri H.C. Andersen, því æ oftar heyrir maður nefnda söguna um fatalausa keisaranars þegar ráðgjöfin er rædd í þessum hópi. Síðan telst það til undantekninga að nokkur utan Hafró láti í ljós álit eða spryji spurninga á þeim útreikningum sem stofnunin leggur fram á örlegum kynningum á veiðiráðgjöf sinni. Ekki frekar en að enginn í sögunni góðu vildi verða fyrstur til að spryja um nýju fótin keisarans fyrir en saklaust barn benti á nekt hans háttignar.

Höfundur er veðurfræðingur og áhugamaður um fiskveiðar.



**SERES 3**  
Luxury Rafmagnsbíllinn  
býður upp á ríkulegan  
staðalbúnað og frágang  
í hæsta gæðaflokki!

**Verð 4.490.000,-**  
Við auglýsum svo  
sannarlega ekki "verð frá".

**RAG**  
import - export  
Helluhraun 4, Hafnarfirði  
sími 565 2727 & 892 7502  
[www.rag.is](http://www.rag.is)

**VIÐ AUGLÝSUM  
ALDREI  
„VERÐ FRÁ“**

## Bændahópar

### Vinnum saman að markmiðum okkar og bætum árangur í jarðrækt og gróffóðuröflun

Viltu taka þátt í skemmtilegu og uppbyggilegu starfi með öðrum bændum!

Í bændahópum miðla bændur þekkingu sín á milli og ná árangri saman með ráðunautum RML.

### Byrjum á starfinu fliótlega — Viltu vera með?



Upplýsingar um verkefnið og skráningar eru á heimasíðu RML, hnappur merktur „Bændahópar“.

Nánari upplýsingar gefur Þórey Gylfadóttir,

netfang: [thorey@rml.is](mailto:thorey@rml.is) sími: 516 5000



## Með Delo 400 gengur allt smurt

Delo 400 SLK SAE 15W-40 er smurolía sem hentar fullkomlega fyrir landbúnaðarvélar og uppfyllir ströngustu losunarstaðla.



Skannaðu QR kóðann  
fyrir allt úrval og sölustaði

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá okkur!  
Síminn er 515 1100, eða á [olis.is](http://olis.is)

**olis**



Hannyrðir:

# Kría - barnapeysa

Peysan er prjónuð úr einföldum Þingborgarlopa og einum þræði af LoveStory saman. Í mynstur er notað Hörpugull (litaður einfaldur Þingborgarlopi) og LoveStory í svipuðum lit.

Þingborgarlopi er sérunninn af Ístex fyrir Ullarverslunina Þingborg og LoveStory er band sem er spunið á Ítalíu fyrir Helene Magnússon. Bæði lopinn og bandið er úr sérvalinni íslenskri hágæða lambsull. Lopinn og bandið prjónað saman hentar mjög vel í barnapeysur, þær eru léttar og þægilegar og mjúkar viðkomu.

Haegt er að blanda saman hvaða litum sem er til að fá þau litbrigði sem hverjum og einum finnst fallegt. Í aðallit getur verið t.d. grár lopi og hvít LoveStory, hvítur lopi og ljósgrátt LoveStory, ljósmóraður lopi og dókkmárautti LoveStory, dókkgrár lopi og ljósgrátt LoveStory. Mynsturlitir valdir í litbrigðum sem passa saman, eða annar þráðurinn aðeins dekkri eða ljósari til að fá áferðina á meiri hreyfingu. Möguleikarnir eru endalausir og eina hindrunin er manns eigið hugmyndaflug.

Stærðir: 4 6 8 ára  
Yfirvidd: 68 74 80sm  
Ermalengd: 28 33 36sm  
Síð á bol: 30 34 37sm

#### Magn allar stærðir:

Aðallitur: 1 plata Þingborgarlopi ólitaður (130 g), 2 dokkur LoveStory.

Mynsturlitur: Hörpugull 50 g og 1 dokka LoveStory.

Aðferð: Bolur og ermar eru prjónuð í hring og eins axlastykki eftir að bolur og ermar hafa verið sameinuð. Stroff og hluti af hálsmáli er 2 sléttar og 2 brugðnar lykkjur, annað er prjónað slétt.

Ahöld: Hringprjónar 3.5 mm og 5 mm, 40 og 60 sm langir. Sokkaprjónar 3.5 mm og 5 mm. 4 prjónanaelur.

Prjónamerki.  
Nál til að ganga frá endum.




**Prjónafesta:** 17 lykkjur og 24 umferðir í sléttu prjóni = 10 x 10 sm. Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu í hring, þannig faest réttasta útkoman. Þegar prufa er prjónuð fram og til baka getur önnur umferðin verið lausari, þá getur verið að prufan skili ekki réttri niðurstöðu.

**Bolur:** Fitjið upp með mynsturlit

116-124-132 lykkjur á 3.5 mm hringprjóninn, prjónið eina umferð sléttu með þeim lit.

Þá er prjónað stroff og næstu tvær umferðir eru í aðallit og svo ein í mynsturlit.

Endurtakið þar til prjónaðar hafa verið 11 umferðir af stroffi. Haegt er að hafa litasamsetningu á stroffi að vild og bæta við umferðum ef óskað er. Skiptið yfir á 5 mm prjóninn og prjónið slétt þar til bolur mælist 30-34-37 sm.



Mynsturlitur

Aðallitur

Enginn litur

Sleppa umferð í stærð 4

Sleppa umferð í stærð 6

**XXX** Úrtaka. Takið tvær lykkjur í einu á hægri prjóninn, prjónið eina lykkju, steypið hinum tveimur yfir í einu. Með þessari aðferð verður lykkja númer tvö í miðjunni.

**XX** Tvær lykkjur prjónaðar saman.

**Ermar:** Fitjið upp 32-36-36 lykkjur á 3.5 mm sokkaprjóna. Gerið stroffið eins og á bol. Skiptið þá yfir á 5 mm sokkaprjónana, prjónið 1 umferð og í þeirri næstu er aukið út um 1 lykkju í byrjun umferðar og 1 lykkju í lok umferðar. Endurtakið útaukningu 5-6-7 sinnum jafnt upp ermi, með u.p.b. 5-6 umferðum á milli útaukninga. Þegar ermi er lokið eiga að vera 44-50-52 lykkjur á prjónunum.

**Axlastykki:** Sameinið nú bol og ermar á prjóninn sem er á bolnum. Setjið 6-7-8 lykkjur af báðum ermum á nælu (sitt hvoru megin við útaukningu) og fyrstu 6-7-8 lykkjur af bol einnig á nælu. Prjónið aðra ermina við og síðan 52-55-58 lykkjur af bol, setjið þá næstu 6-7-8 lykkjur af bol á nælu og prjónið hina ermina við og síðan 52-55-58 lykkjur af bol. Í næstu umferð eru prjónaðar saman lykkjurnar þar sem bolur og ermar mæstast,

samtals fækkar lykkjum um 4. Þá eiga að vera á prjóninum 176-192-200 lykkjur. Prjónið mynstur eftir teikningu.

Notið styttri hringprjóninn þegar lykkjum fækkar. Þegar mynstri er lokið er tekið úr aukalega jafn yfir umferð þar til 64-68-72 lykkjur eru á prjóninum. Prjónið hálsmál 4 umferðir stroff og 3 umferðir sléttar og hafið sléttu prjónið með mynsturlit. Fellið af frekar laust.

Gangið frá öllum endum og lykkjíð saman undir höndum, gott er að sauma aðeins aukalega í lykkjurnar í kverkunum, par má ekki vera gat.

**Pvottur:** Þvoið peysuna í höndunum í volgu vatni með mildu þvottaefni eða ullarsápu. Kreistið vatnið vel úr og leggið til þerris á handklæði.

Hönnun: Margrét Jónsdóttir



Lovestory er ullarband unnið fyrir Helene Magnússon hönnuð úr íslenskri lambsull. Hörpugull er handlitaður Þingborgarlopi í ýmsum litatónum. Lopinn og bandið í peysuna sem uppskriftin er að hér á síðunni fæst í Þingborg, póstsendum bæði innanlands og utan. Ullarverslunin er staðsett í Gömlu Þingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss. Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga kl. 10:00-17:00.



## HONDA SNJÓBLÁSARAR FÁST Í FAGVERSLUN BYKO

www.byko.is/honda | honda@byko.is | 515-4020

**HONDA** GÆDI LYFIR 40 AR

**BYKO**  
GERUM ÞETTA SAMAN

**HONDA SNJÓBLÁSARAR FÁST Í FAGVERSLUN BYKO**



Samkvæmt stjórnuspeki felur árið 2025 í sér upprót, höfnun þess sem kemur fólkvi ekki vel og skref í átt til þess sem hentar betur. Mynd / Alexander Gray

# Strengdir þú nýársheit?

Samkvæmt 4.000 ára gamalli hefð sem hófst í Babylóníu, tíðkast í dag viða um heim að strengja nýársheit þótt tölur sýni að sjaldnast gangi þau eftir.

Sagan segir okkur að hér áður fyrr hafi Július Sesar keisari kynnt júlíanska tímatalið árið 46 f.Kr. og lýst því yfir að 1. janúar væri upphaf nýs árs. Þessi nýja dagsetning var til að heiðra rómverska guðinn Janus, sem er þekktur fyrir að hafa tvö andlit, annað sem lítur aftur á bak á meðan hitt horfir fram.

Líkt og á við um upphaf og endi, dauða og líf, liðinn tíma og nýtt ár. Janus var akkúrat einnig verndari hurða, bogaganga, þróskulda og umbreytinga, sem allt eru myndlíking nýs upphafs. Við áramót er því nýtt upphaf vel við hæfi.

Hversu vel hinum almenna borgara tekst nú til með það er önnur saga. Babylóníumenn lofuðu guði sínum hollustu, lofuðu að koma vel fram við náunga sinn og þar fram eftir götunum og trúðu að ef þeir stæðu við sitt þá myndi þeim vel farnast. Á miðöldum var móðins hjá riddurum að leggja hendur



Magnús Gísli Eyjólfsson.

- Þau eru eftirfarandi:
- Heilsusamlegra mataræði 71%
  - Likamsrækt 65%
  - Megrun 54%
  - Spara 32%
  - Nýtt áhugamál 26%
  - Haetta að reykja 21%
  - Lesa meira 17%
  - Skipta um vinnu 16%
  - Minna áfengisneyslu 15%
  - Eyða meiri tíma með fjölskyldu og vinum 13%

Á meðan sláandi tölur sýna að fæstum takist að standa við heit sín er þó til undantekning frá reglunni. Aðspurður segir Magnús Gísli Eyjólfsson að hann standi iðulega við þau heit sem hann strengi, þótt hann geri það ekki endilega ár hyert.

„Ég gerði til dæmis lista árið 2018 þar sem ég áætlaði meðal annars að ná árangri í likamsrækt, veiða meira með dætrum mínum og safna skeggi. Það gekk svona ljómandi vel,“ segir hann ánægður. Í ár sér hann fyrir sér að huga enn betur að heilsunni og gæta þess að hreyfa sig flesta daga enda leyndardómurinn að ætla sér ekki um of, taka lítil skref og sjá hvað helst eftir sextíu daga – sem er um það bil sá tími sem þarf til að festa nýja hegðan.

Þá er bara spurningin hvort almenningur taki Magnús sér til fyrirmynnar eða stingi heitum sínum ofan í skúffu. Háleitur ásetningur í upphafi árs getur auðvitað kitlað markmiðaegóið allhressilega, sérstaklega þegar keppnisskapið lætur kræla á sér. Það þarf því að athuga að taka nýársheitin ekki svo alvarlega að þau klárist um miðjan júlí og drabbist svo niður í sama farið og áður fyrir næstu áramót.

## Ljósauppsetningar

EKKERT VERKEFNI OF SMÁTT

**Gvendarbás**  
Sími: 853 1199  
gvendarbas@simnet.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

## FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

### Áhugaverðar jarðir

## JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

**iGRIP**  
Karbítskrúfur í vinnuvélar  
fristundataeki, skó ofl..

Dæmi um stærðir:  
(6 - 40mm)

Einfalt að setja í og taka aftur úr

**PP & CO**  
512-3360  
korkur.is  
P. ÞORGRÍMSSON & CO

## Master gróðurhús

STERK BURÐARGRIND  
4 MM HERT ÖRYGGISGLER  
STÁL STYRKINGAR  
STÆRÐIR 7,3 M<sup>2</sup> TIL 23,3 M<sup>2</sup>

WWW.BKHONNUN.IS - SÍMI 571-3535  
SALA@BKHONNUN.IS - SUNDABORG 5

**BK HÖNNUN**  
MANNVÍRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖÐUR

**BÆNDAGED**  
Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfdu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf Pitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Geftu ekki upp, velgengni í lífinu er langlaup
- Finnu og ræktada hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is

## Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítill með 25 ára ábyrgð  
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn  
Margar stærðir í boði  
Tæming seyrur á 3 - 5 ára fresti



**WPL**  
Diamond



I ÐNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík  
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Vélabásinn:

# Eftirminnilegustu tæki ársins

– Samantekt á prfuakstri 2024



Ástvaldur Lárusson

astvaldur@bondi.is

Á síðasta ári voru 22 teki tekín fyrir í Vélabásnum hjá Bændablaðinu. Hérna verður litið yfir farinn veg og rifjuð upp þau tæki sem stóðu upp úr á einn eða annan hátt.

Viðfangsefni Vélabássins á síðasta ári voru níu fólksbílar, sjö jeppar eða jepplingar, tveir vinnubílar, tvær dráttarvélar, eitt fjórhjól og einn lyftari. Stærsta viðfangsefnið var Massey Ferguson 5S 135 dráttarvél á meðan það minnsta var Can-Am Outlander fjórhjól. Öflugasta farartækið var Tesla Model X Plaid með 1.020 hestöfl.

**Indverskt landbúnaðartæki**

Af þeim vinnuvélum sem voru prfuðar stóð Solis XL 90 dráttarvélin upp úr. Ekki vegna þess að hún er byltingarkenn, heldur þar sem þetta er fullvaxinn 90 hestafla traktor með öllu því sem flestir þurfa á verði sem er betra en gengur og gerist. XL 90 er nóg stór og öflug til að koma til greina í landbúnaðarstörf og vera spennnt fyrir mörg nútímaheyvinnutæki.

Pessi dráttarvél fór langt fram úr hóflegum væntingum undirritaðs, en hið indverska vörumerki Solis er helst þekkt fyrir smátraktora sem henta fyrir bæjarstarfsmenn og hobbibændur. Því olli hið hráhrá ökumannshús og ódýra sæti engum vombrigðum, heldur jók það á karakterinn. Upplifunin af notkun Solis XL 90 er á margan hátt sambærileg og af notkun dráttarvélá frá árunum 1980–2000, nema hér er á ferðinni ný og óslitin græja.

**Tesla öflug í öllum samanburði**

Sá fólksbíll sem kom best út úr prfuunum var Tesla Model 3 og á undirritaður ekki erfitt með að skilja hinum miklu vinsældir þessara bíla



**Solis XL 90** stendur upp úr þar sem framleiðandanum hefur tekist að koma fyrir flestum nauðsynlegum búnaði í nettum traktor á hagstæðu verði. Ekki skemmir fyrir að ytra útlitið er orðið smekklegt.

Myndir / ál

hér á landi. Fjölmargir nýir bílar eru vel skrúfaðir saman, uppfyllir af búnaði, með stór batterí og ánægjulegir í akstri. Það sem Tesla tekst umfram hina er að bjóða þetta allt á sérlega samkeppnishæfu verði. Vegna þessa hefur undirritaður ósjaldan gripið til þess að bera önnur viðfangsefni saman við Tesla, en bílar sem eru markaðssettir sem ódýrir reynast oft vera ansi nálægt Model 3 í verði.

Sá bíll sem var tekinn til prfu er af uppfærðri útfærslu sem kom á markaðinn í lok þarsíðasta árs. Miðað við upphaflegu útfærsluna af Tesla Model 3 er þessi komin með mykri fjöldun, öflugri hljódeinangrun og fallegra útlit. Helsta atriðið sem hægt er að gagnrýna er brothvarf hefðbundinnar stangar fyrir stefnuljós, sem framleiðandinn er búinn að skipta út fyrir takka í stýrinu.



Tesla Model 3 er með öll þægindi og stórt batterí á verði sem er öflugt í flestum samanburði.



Ný kynslóð Dacia Duster kom í lok síðasta árs.



Pallbillinn Piaggio Porter er eitt einfaldasta ökutækið sem fáanlegt er á Íslandi.

**Einfaldur og ódýr harðjaxl****Sjálfkeyrandi kerra**


Í hinum margræða og vinsæla flokki jeppa og jepplinga voru flest farartækin í Vélabásnum luxusbílar hugsaðir til borgaraksturs. Eftirminnilegasti jepplingurinn er hins vegar einfaldi og ódýri harðjaxlinn Dacia Duster. Eldri kynslóðir þessarar bílategundar hafa verið í miklu uppháldi hjá bílaleigum þar sem ókutækin bola ágætlega að láta ævintýragjarna erlenda ferðamenn bjösast á sér.

Nýi Dusterinn er ekki síður öflugur í torfærum og hæðin undir lægsta punkt á pari við Toyota Land Cruiser. Bíllinn er með öll nauðsynleg þægindi, smekklega innréttingu og rúmgóð sæti. Nýi Dusterinn er jafnframt orðinn aðlaðandi að utan og þurfa kaupendur ekki lengur að fórná útlitinu til að fá alla þá eftirsóttu eiginleika sem bíllinn hefur að bera.

Sá vinnubíll sem er eftirminnilegastur í huga undirritaðs er Piaggio Porter pallbillinn. Pessi bíll er líttill en samt sem ádur með sérstaklega rúmgóðan og nytsumlegan pall. Því nær framleiðandinn með því að vera með lítið frambyggjt ökumannshús þar sem eini luxusinn er útvarp og rafdrifnar rúður. Pessi ítalíski vinnubíll er hrár í allri notkun og umgengni, en uppfullur af karakter og er hressandi að snattast á honum innanbæjar.

Eitt það sérstakasta við Piaggio Porter er að hann er útbúinn bensínvél, ólíkt flestum vinnubílum sem ganga fyrir dísilolíu. Pessi orkugjafi er hins vegar alls ekki slæmurn kostur, þar sem bensínvélar eru ódýrar og léttar ásamt því að vera lausar við viðkvæmar sótsíur sem geta bilað ef ókutækin eru aldrei notuð í lengri ferðir. ■

## Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda líta í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**  
**Iðnaðarhurðir**  
**Iðnaðarhurðir með gönguhurð**  
**Bílskúrshurðir**  
**Hurðir í trékarma**  
**Tvískiptar hurðir**

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

**V>HURÐIR**

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Egill Gunnarsson bústjóri (t.h.) heldur vel um taumana í góðum felagsskap starfsmanna og nemenda Lbhí, en hér að ofan má sjá þau Egil og Vildi i essinu sínu.

Bóndinn:

# Mykjubras og menntun

Næstu daga geta lesendur kynnst búskapnum á Hvanneyrarbúnu á Instagram Bændablaðsins. Það er rekið í þágu kennslu og rannsóknarstarfa Landbúnaðarháskóla Íslands. Egill Gunnarsson bústjóri fær orðið.

**Býli?** Hvanneyrarbúið ehf; Fjós á Hvanneyri, fjárhús á Hesti, nýting jarðanna Hvanneyrar, Hests, Mið-Fossa, Mávahlíðar og Kvígstaða.

**Ábuendur?** Þetta er nú ekki beint fjölskyldubú en eftirfarandi starfsmenn eru: Egill Gunnarsson bústjóri, Björn Ingi Ólafsson, fjósameistari á Hvanneyri, Heiðar Árni Baldursson, fjármeystari á Hesti, Vildi Þrá Jónsdóttir, bústarfsmaður og aðstoðarmaður rannsókna og kötturinn Dímon. Hjúskaparstaða okkar og hagir eru ýmiss konar.

**Stærð jarðar?** Hvanneyri 745 ha, ræktað land um 80 ha og flæðingjar sem eru slegnar um 30. Hestur 821 ha, ræktað land 72 ha. Mávahlíð 443 ha, ræktað land 23 ha. Kvígstaðir 404 ha, ræktað land um 20 ha. Mið-Fossar, ræktað land um 60 ha.

**Gerð bús?** Tilgangur Hvanneyrarbúsins ehf. er að reka á hagkvæman hátt kúabú og sauðfjárbú í þágu kennslu og rannsóknarstarfs Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí). Félagið á að skapa aðstöðu fyrir nemendur og starfsmenn Lbhí og samstarfsaðila þeirra til fræðslu og rannsókna sem tengjast nautgriparrækt, sauðfjárrækt, jarðrækt, auðlindanýtingu og umhverfisvernd.

**Fjöldi búfjára?** Á Hesti eru um 450 fullorðnar ær, 150 gimbrar og 20 hrútar. Á Hvanneyri eru um 160 lifandi gripir, þar af 63 mjólkandi kýr og 11 geldkýr. Restin eru kvígar í uppled.

**Hvers vegna eru þessar búgreinar valdar?** Stjórn Hvanneyrarbúsins ehf. ákvæður það í samráði við eiganda búsins sem er Lbhí. Búreksturinn miðar við þarfir skólans í kennslu og rannsóknir.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Forgangur fer að eiga við óvæntasta atvik dagsins og reyna svo að glíma við það sem var upphaflega á dagskránni. I dag var það biluð og frosin haugdæla í fjósi og fjármeystarin er með flensu. Annars hefst venjulegur dagur að vetri til á gegningum í gripahúsum. Kennsla eða fyrirlestur einhvern tímann yfir daginn í búfjárbyggingum eða úti í felti, stundum er gögnum safnað fyrir einhverja rannsókn, og á kvöldin eru gegningar aftur og jafnvel líka kennsla. Síðan er alltaf bakvakt á gripahúsin, auk þess að sinna þrifum, tiltekt, gera skýrslur og áætlunar, sinna viðhaldi, raka kýr, ryja kindur, vigta kindur o.s.frv. Büstjóri sinnir einnig samskiptum við kennara og starfsmenn Lbhí, auk þeirra sem þjónusta búið. Þegar fer að vora fara jarðræktarverkefnin í forgang, og svo um eða fyrir miðjan júní er hugur og hönd við heyskap – stundum meira að segja fram í nóvember (mæli ekki með því).

**Skemmtilegstu/leiðinlegustu bústörfin?** Að slá fyrstu stráin á sumrin, taka á móti fyrstu nemendum vetrarins eða kveðja þá sem útskrifast að vori. Leiðinlegast er eitthvert andskotans mykjubras, eins og bilaðar sköfur eða föst haugdæla.

**Hvernig er að búa í dreifbýli?** Við erum öll úr það mikilli sveit að okkur finnst Hvanneyri vera þéttbýli. Annars er það bara mjög gott, stutt í náttúruna og svona.

**Hvað er það jákvæða við að vera bóndi?** Pessi blanda að vera í verklegum störfum en þurfa stundum að brjóta hausinn yfir hjarðorritum og excel-skjölum. Að vera í nánum tengslum við náttúruna og dýrin en vera meðvitaður um að framleiða heilnæm matvæli á hagkvæman hátt fyrir almenning.

